

SAGAN ÖLL

Atli missti bróður sinn



Hinn vanmetni Emil

„SUMAR SEM ENGINN MÁ GLEYMA“



25. MAÍ 2018 / 20. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DN



Víð munum hafa uppá þér!

RYAN REYNOLDS VILDI GLEÐJA LOGA

■ Bjó til afmælismyndband



Fyrsti viðskiptavinurinn var í lagi. Þá var auðveldara að gera þetta aftur.

EVA DÍS VANN SEM VÆNDISKONA

■ Varð fyrst fyrir kynferðisofbeldi 11 ára ■ Vann í sjálfri sér eftir að faðir hennar skaut sig ■ Lenti í bílslysi nokkrum mínútum eftir nauðgun



„DREKKA HER EÐA TAKA MEÐ?“

■ Græðir milljónir með aðstoð Kópavogsbæjar



Glowie opnar sig

„Langaði að falla inn í hópinn“

Veruleiki erlendra starfsmanna á Íslandi
122 með lögheimili í einbýlishúsi í Árbænum
■ 2 leigja saman lítið herbergi á 150 þúsund hjá GAMMA



Allar gerðir af **KERRUM** og allt til kerrusmiða

Dráttarbeisli á flestar gerðir bíla



DVERGSHÖFÐI 27 VÍKURVAGNAR.IS SÍMI: 577 1090

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



SEAT FIX

AIR CIRCULATION SYSTEM

LIGHT WEIGHT

ECE NORM R 44/04

HERO

ISO FIX

ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION

3 POINT BELT

BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



LOF & LAST

– Dominique Gyða leikkona

Lof vikunnar fær ANDAGIFT. Þær Tinna Sverrisdóttir og Lára Rúnarsdóttir hafa skapað rými þar sem kærleikur og traust er í fyrirrúmi. Á möntrukvöldum þeirra kemur fólk til að jarðtengja sig og njóta í gegnum söng og hugleiðslu. Sannkallað vítamín fyrir sálina og það fallegasta er að upplifa kvöldið með fólki úr öllum áttum. Þú gættir hitt þjónustufulltrúan þinn úr bankanum, gamlan rokka eða jafnvel handboltastjórn. Það eru allir bara að reyna að gera sitt besta í lífinu og þarna bræðir maður af sér stress, kvíða og fer skælbrosandi í háttinn.

Last vikunnar fær fólk sem endurvinnur ekki. Það skal tekið fram að ég var í þeim hópi þangað til ég flutti til Akureyrar. Það er magnað hvernig heillu bæjarfélagi tekst með brosi á vör að flokka og skila. Við Reykvikingar mætum taka þau okkur til fyrirmyndar.



Síðustu orðin

„Loksins fæ ég að hitta Marilyn.“

– Hafnarboltakappinn Joe DiMaggio, mælti svo en hann var ástfanginn af Marilyn Monroe til dauðadags. Þau voru gift í níu mánuði árið 1954 og tóku upp samband aftur 1961 en Monroe lést ári síðar. DiMaggio skipulagði útförina. Hann lét senda tylft rósa þrisvar í viku á leiðinni í tuttugu ár eftir andlát hennar.

Á þessum degi, 25. maí

1759 – Fest í lög á Íslandi að börn yrðu að vera orðin 14 til 15 ára þegar þau fermdust. Áður mátti ferma börn niður í 10 ára.

1920 – Guðjón Samúelsson var skipaður húsamíðameistari ríkisins.

1929 – Sjálfstæðisflokkurinn stofnaður af þingmönnum Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins. Formaður var skipaður Jón Þorláksson.



1961 – John F. Kennedy lýsir yfir að markmið sé að koma manni til tunglsins og til baka.

1977 – Stjórnstríð er frumsýnd í Bandaríkjunum.

1987 – Jarðskjálfti að stærðinni 5,7 reið yfir í Vatnafjöllum. Var þetta stærsti skjálfti frá árinu 1912 á Suðurlandi.

Fæddir 25. maí

1868 – Friðrik Friðriksson, prestur og stofnandi KFUM og KFUK á Íslandi. Hann lést árið 1961.

1984 – Unnur Birna Vilhjálmssdóttir var kosin Ungfrú heimur. Hún starfar í dag sem lögfræðingur.



1992 – Jón Daði Böðvarsson, mun fagna í dag og vonandi fær hann aftur tilefni til að gleðjast í næsta mánuði með íslenska landsliðinu á HM í Rússlandi.

Ryan Reynolds gladdi Loga á afmælisdaginn

■ „Hefur einhver séð þennan náunga?“ ■ Myndbandið birt á vef DV

Kristjón Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is

Ég á sama afmælisdag og Stalín, Spielberg og Brad Pitt,“ segir Logi Björnsson þar sem við sitjum í stofunni á Drafnarstíg. Hann bætir við að hann eigi afmæli 18. desember. Logi er að klára áttunda bekk og gengur í Hagaskóla. Bróðir Loga, Máni Hrafnsson festi kaup á húsi ömmu sinnar, Jóhönnu Kristjónsdóttur á Drafnarstíg og býr Máni þar ásamt eiginkonu sinni, systkinum og nokkrum köttum. Ástæða þess að blaðamaður hefur mælt sér mót við Loga er að hann fékk heldur óvænta kveðju frá einni stærstu kvikmyndastjórn veraldar, Ryan Reynolds, sem klæddi sig sérstaklega upp til þess að gleðja Loga á afmælisdaginn. Logi er sonur Elísabetar Ronaldsdóttur sem er einn okkar fremsti kvikmyndagerðarmaður. Hún klippti t.d. kvikmyndirnar John Wick, Atomic Blonde og nú Deadpool og hefur hlotið mikið hrós fyrir vinnu sína. Deadpool er í dag sú vinsælasta í Bandaríkjunum.

„Hann vildi gleðja mig þegar mamma var veik af melanoma. Hann vissi líka að ég hélt mikið upp á Deadpool,“ útskýrir Logi aðspurður um hvernig kveðjan varð til. „Ég fór með vinum mínum í bíó á afmælisdaginn minn og þá var myndbandið sýnt á undan afmælskvikmyndinni. Mamma hafði látið gera það án þess að ég vissi af því.“

Móðir Loga er Elísabet Ronaldsdóttir kvikmyndagerðarmaður og einn af bestu klippurum í bransanum, þá teljum við Hollywood vitanlega með. Hún hefur starfað með stórstjórnnum á borð við Keanu Reeves, Charlize Theron og Ryan Reynolds og mörgum fleiri.

Elísabet hefur einnig látið mikið að sér kveða til að vekja athygli á konum í kvikmyndagerð og er yfirlýstur femínisti. Eitt af fyrstu orðunum sem koma upp í hugann þegar nafnið Beta Ronalds ber á góma er töffari og það er hún svo sannarlega, hún er eldklár húmoristi sem reykti sigarettu á þann hátt sem töffararnir gerðu í svarthvítu kvikmyndunum í gamla daga. Þá hefur hún sýnt öðrum konum sem langar til að ná frama í kvikmyndagerð að sá draumur geti orðið að veruleika. Ljóst er að Logi hefur erfitt marga mannkosti



móður sinnar, hann er klár, viðræðugóður og er ekkert að kippa sér of mikið upp við það að fá kveðju frá Deadpool og brosir bara eins og hann kenni í brjósti um blaðamann þegar hann upplýsir Loga um að hann öfundi hann af kveðjunni.

Móðir Loga varð alvarlega veik í ágúst á síðasta ári en þá voru tölur á Deadpool nýlega hafnar. Í ljós kom að Elísabet var með fjórða stigs melanoma sem hafði hreiðrað um sig í brisi. Staðan var alvarleg

og leikstjórnin, framleiðandinn og aðalleikarinn Ryan Reynold réru nú öllum árum að því að bjarga Elísabetu. Þá stóðu fjölskylda og hennar nánustu þétt við bakið á henni. Ryan Reynolds bauðst meðal annars til að mæta í Deadpool búningum í barnaafmæli færustu lækna heims til að auka líkur á að hún næði sér sem fyrst. Með samstilltu átaki fjölskyldu og vina gerðist kraftaverkið. Eftir þrjú mánuði á spítalanum hafði æxlið minnkað um 60 prósent og í apríl á þessu ári var það alveg horfið. Elísabet verður í ítarlegu viðtali við DV um kvikmyndagerð, ferilinn og lífið sjálft í næsta helgarblaði.

„Hann heitir Logi og hann starfar náð með þessum náunga hérna, Ronald, en hann stjórnar helsta glæpahringnum í Reykjavík.“

Kveðja Deadpool

Þegar myndbandið sem Ryan Reynolds tók upp fyrir Loga hefst er engu líkara en að verið sé að sýna brot úr gerð myndarinnar. Það var eins og áður segir sýnt á undan kvikmynd sem hann fór að horfa á með félögum sínum. Rödd heyrist segja: „Taka tvö, tilbúin og byrja.“ Ryan Reynolds birtist í Deadpool búningnum og lyftir upp mynd sem hann hafði teiknað af Loga og frænda hans Ronald. Deadpool er þekktur fyrir það í kvikmyndum og teiknimyndasögum að dunda sér við að draga upp myndir af skrípaköllum á meðan hann bíður eftir að brytja óvini sína í spað.

„Hefur einhver séð þennan náunga?“ spyr Dead-

pool, lyftir upp myndinni og bendir á teikninguna af Loga og Ronald. Deadpool bætir við: „Hann heitir Logi og hann starfar náð með þessum náunga hérna, Ronald, en hann stjórnar helsta glæpahringnum í Reykjavík. Við fréttum að Logi ætti afmæli í dag. Við viljum aðeins óska þér til hamingju með afmælið,“ segir Deadpool og bætir svo ógnandi við og bendir á upptökuvélina. „Við munum hafa uppá þér.“ Síðan bakkar hann hægt og hverfur sjónum.

Ryan Reynolds hafði orðið sér úti um ljósmynd af Loga og frænda hans Ronald, sem er sonur Mána. Hafði hann síðan teiknað myndina, skrifað á hana kveðju og fékk Logi hana líka að gjöf. Logi og Ronald teiknuðu svo mynd og færðu leikaranum að gjöf og heldur stjarnan mikið uppá þá mynd.

Aðspurður hvort vinir hans hafi ekki verið afbrýðisamir vegna kveðjunnar frá einni stærstu kvikmyndastjórn samtímans í hlutverki Deadpool, svarar Logi neitandi. Þeir hafi samglaðst.

Hver er uppáhaldsufurhetjan þín? „Þær eru svo margar ofurhetjurnar,“ segir Logi hugsí en bætir svo við: „Ég myndi samt segja Deadpool, hann er öðruvísi en aðrar hetjur og svo er hann fyndinn. Það er mikilvægt að þær séu ekki allar eins ofurhetjurnar.“

Á vef DV má svo sjá hið skemmtilega myndband þegar Deadpool ber Loga kveðjuna. ■



Sumarhvellur VITA

Njóttu þess að hlakka til

Allir ættu
að finna
eitthvað við
sitt hæfi!

KANARÍ - 7 NÆTUR



Caybeach Meloneras ***

Njóttu þess með fjölskyldunni!

Verð frá **59.900** kr.
Á mann m.v 4 í smáhýsi.

MALLORCA - 7 NÆTUR



Cosmopolitan ****

Njóttu þess með maknum!

Verð frá **109.900** kr.
Á mann m.v 2 fullorðna með hálfu fæði

ALICANTE - 7 NÆTUR



Melia Benidorm ****

Njóttu þess að fljúga með Icelandair!

Verð frá **85.900** kr.
Á mann m.v 2 fullorðna og 1 barn með hálfu fæði.

KRÍT - 11 NÆTUR



Creta Palace *****

Njóttu þess í fimm stjörnu lúxus!

Verð frá **189.200** kr.
Á mann m.v 2 fullorðna og 2 börn.

Hver er hún



Hún á afmæli í dag og er fædd árið 1984. Hún starfar í dag sem lögfræðingur.

Hún er mikil áhuga-manneskja um dans og hesta. Þá starfði hún eitt sumar sem lögregluþjónn.

Móðir hennar var þekkt fyrirsæta og tók þátt í Ungfrú Ísland árið 1983 og sigraði. Hún var ólétt þegar hún tók þátt í keppinni.

Hún ber nafn móður sinnar. Hún tók einnig þátt í Ungfrú Ísland.

Hún var valin fegurst kvenna í heimi árið 2005, þá 22 ára gömul.

ILLUSTRATION BY VILHJALMUR

Það er staðreynd að...

Klukkan Lundúna, Stóri Ben, er þekkt fyrir nákvæma tímasetningu. Árið 1945 seinkaði klukkan sér um fimm mínútur. Það gerðist þegar hópur starra settist á mínútu-vísinn.



Hreint kókaín var selt í Harrods versluninni í London til upphafs 20. aldar.

Að meðaltali fær hver maður 7.200 fullnægingar um ævina.



Dag hvern andar þú að þér um þúsund rúmsentimetrum af prumpufýlu annarra.

Allir ísbirnir eru örvhentir.



Við fæðumst hnéskeljalaus. Þær myndast við þriggja til fjögurra ára aldurinn.



HARPA DRAP SAUÐNAUT Á GRÆNLANDI

■ Slær í gegn í Bandaríkjunum ■ Allt kjöt nýtt ■ Tengist náttúrunni

Auður Ösp Guðmundsdóttir
Kristjón Kormákur Guðjónsson
audur@dv.is / kristjon@dv.is



Ég byrjaði að hafa áhuga á fluguveiði þegar ég fór að vinna við skipulagningu veiðiferða. Það má eiginlega segja að ég hafi dottið á kaf í veiðiheiminn, því við hjónin störfum bæði við þetta og vinir okkar og samstarfsfólk er flest á kafi í sportinu.



Þetta segir Harpa Hlín Þórðardóttir sem er sérfræðingur í stang- og skotveiði. Hún hefur fellt elg í Eistlandi og sauðnaut á Grænlandi. Þá hefur hún stofnað veiðiklúbb fyrir konur, en nýjasta afrek Hörðu er að hún er nú í undanúrslitum í Extreme Huntress en um er að ræða bandaríska þætti um veiðikonur. Í þáttunum spreya konurnar sig í ýmsum þrautum. Vonast Harpa til að standa uppi sem sigurvegari og hljóta titilinn Extreme Huntress 2019.

DV lék forvitni á að vita hvernig áhuginn á skotveiði er til kominn og hvert sé eftirminnlegasta eða stærsta dýr sem hún hafi fellt.

„Ég drakk í mig þekkingu reyndra manna en engra kvenna því veiðikonur voru bara ekki í kringum mig. Það var ólilegt framhald af stangveiðinni að prófa skotveiði en það er erfitt að útskýra fyrir þeim sem ekki hafa prófað hvernig veiðin grípur mann. Fyrir mig þá er eins og það hafi kviknað á nýjum skilningarvitum. Ég finn sambland af spennu, afslöppun, tengingu við náttúruna og svo fer ég upp og niður allan tilfinningaskalann. Þú finnur fyrir spennu, vonbrigðum, gleði, smá öfund, að gleðjast með öðrum, svefnleysi og mér finnst ég hafa kynnst sjálfri mér upp á nýtt.“

Harpa var óviss um hvort hún ætti að prufa skotveiði en sagði við



Harpa Hlín Þórðardóttir með hreindýrinu sem hún fellði á Grænlandi. Er Harpa afar stolt af þessari veiði en hún veiddi hreindýr á Grænlandi árin 2012 og 2013.

sjálfa sig að ef henni þætti óþægilegt að fella dýr með skotvopni væri alltaf hægt að hætta við. „Þegar ég skaut fyrsta dýrið þá leið mér svipað og þegar ég veiddi fyrsta laxinn. Ég fylltist stolti og fannst þetta aldrei rangt, ég legg mikla áherslu á að borða hreinan mat og nýta það sem náttúran gefur.“

Sumir þeirra sem stunda fiskveiðar telja skotveiði eða jaðarveiði þar sem dýr á borð við sauðnaut eru felld, af hinu slæma. Harpa bendir á að allt sé nýtt af skepnunni.

„Mín upplifun er sú að þú finnur ekki meiri náttúru- og dýraverndunarsinna en einmitt veiði-

menn. Ég veit mörg dæmi þess að veiðifólk bjargar dýrum úr ógöngum, girðingum eða upp úr vatni og lagfæra umhverfi þeirra.“

Eftirminnlegasta veiðiferðin

Harpa segir ánægjulegast að fara í veiðiferðir með fólki sem sé að taka sín fyrstu skref í skotveiði. „Gleðin er svo einlæg þegar fólk nær að skilja náttúruna og umhverfi sitt betur og að veiða fyrsta dýrið er eitthvað sem allir muna eftir,“ segir Harpa en aðspurð um eftirminnlegustu bráðina svarar hún: „Vænt-

anlega fyrsta dýrið sem ég skaut í Skotlandi og stóri hreindýrstarfurinn sem ég fékk í Grænlandi. Annars förum við reglulega fjölskyldan að veiða gæs upp á Melum en þá tókum við oft eitt barna okkar með en þeim finnst áhugavert að taka þátt í þessu með okkur.“

Gefandi að veiða með konum

Harpa bætir við að hún veiði eingöngu dýr þar sem kjötið sé nýtt. Hún fer reglulega með öðrum konum í veiðihópnum T&T international í ferðir erlendis en hópurinn stefnir til Eistlands í haust. „Það er virkilega gefandi að veiða með öðrum konum og gaman að læra hver af annari.“

Harpa er, eins og áður segir, í undanúrslitum í Extreme Huntress. Ef þú vilt hjálpa Hörpu að komast áfram í úrslit, þá er hægt að kjósa hana áfram hér. ■

KAFFISTOFAN HVER Á EIGINLEGA HELGARPÓSTINN?

Það eru væringar á fjölmiðla-markaði, um það þarf vart að fjölyrða. Líkast til mun miðlum halda áfram að fækka hér á landi næstu misserin.

Eitt þekktasta vikublað þjóðarinnar, sem þó kemur ekki lengur út, var Helgarpósturinn. Það blað skók stoðir samfélagsins eins og sagt var fyrir á tíð, frægast varð það

auðvitað vegna Hafskipsmálsins. Athygli vekur að útvarpsdrottningin Arnþrúður Karlsdóttir, sem kennd er við Útvarp Sögu, er eigandi vörumerkisins Helgarpóst-

urinn. Hefur heyrst af útgáfupælingum hennar undanfarið, enda nokkuð sótt að stöðinni sem á sér þó sinn fasta aðdáendahóp.

Lénið helgarpósturinn.is er hins vegar ekki eign Arnþrúðar. Þegar rýnt er í gögn Isnic kemur í ljós að eigandi lénsins er enginn annar en Jón Kaldal, fyrrverandi ritstjóri Fréttablaðsins og síðar Fréttatímans.

Spurningin er hvort þeirra verður á undan að endurvekja gamla góða Helgarpóstinn.

HVAÐ SEGIR MAGNÚS GEIR?

Magnús Geir Eyjólfsson, fyrrverandi ritstjóri Eyjunnar, upplýsir um líklega atburðarás á kosninganótt.

Magnús hefur mikla þekkingu á hinu pólitíska landslagi en hann segir:

„Það hefur ekkert komið mér á óvart á kosninganótt síðan Valgerður Sverrisdóttir steig línudans í beinni hér um árið. Það var epískt. Vigdís Hauks er sú eina sem er líkleg til að toppa Valgerði enda rekið hressari og popúlískari kosningabaráttu en borgarstjóraefni í Medellín. Kannanir sýna að það sé lítið að fara að breytast í stjórn borgarinnar þannig að helsta spennan er hvort Facebook-költið hans Gunnars Smára skili inn manni. Og ef það gerist ekki, hvaða költ stofnar hann næst?“



VALD ÞARF AÐHALD




DÓRA BJÖRT GUÐJÓNSDÓTTIR
1. SÆTI Í REYKJAVÍK



PÍRATAR - XP
PIRATAR.IS

Konan passar að fitu- prósentan sé í lagi fyrir HM

■ Emil Hallfreðsson er í stærra hlutverki en á EM ■ Gefur ungu knattspyrnufólki ráð



MYNDIRHANNA

Hörður Snævar Jónsson
hoddi@433.is



Emil Hallfreðsson, miðju- maður Udinese á Ítalíu og lykilmáður í íslenska landsliðinu, er kominn til landsins. Hann er klár í undirbúning fyrir stærsta íþróttaviðburð sem Ísland hefur tekið þátt í, sjálft Heimsmeistaramótið í knattspyrnu. Úrslitaleikur mótins er sá íþróttaviðburður sem fær mest áhorf í heiminum, það eru allir að fylgjast með. Litla Ís-

land verður með, afrek sem fáir gátu séð fyrir að veruleika. Emil er einn af lykilmönnum liðsins, hann er öðruvísi karakter en margir í liðinu en á góðan hátt. Stundum hefur Emil ekki fengið allt það lof sem hann á skilið, margir hafa vanmetið afrek hans. Hann hefur nú mörg ár í röð leikið í efstu deild á Ítalíu, einni sterkustu deild sem knattspyrnumaður kemst í. Þar ertu ekki í mörg ár nema að kunna sitthvað fyrir þér í leiknum fagra.

„Þetta var mjög spes tímabil í

Tölfræði Udinese á þessu tímabili með og án Emils

Án Emils
20 leikir = 11 stig
0,55 stig í leik

Með Emil innan vallar
18 leikir = 29 stig
1,61 stig í leik

heild ef ég á að segja eins og er,“ sagði Emil þegar blaðamaður tyllti sér niður með honum fyrir æfingu

landsliðsins. Röddin hjá Emil var að gefa sig, hann var afar hás en gaf sér tíma í gott spjall. Tímabilið með Udinese var að klárast, það var mjög skrýtið fyrir hann. Í fyrsta sinn í fjölda ára upplifði Emil það að vera settur í frystikistuna. Það kom langur kafli þar sem hann fékk ekkert að spila en Udinese sem er stórveldi, var í vandræðum innan vallar.

„Ég var með þrjá þjálfara. Massimo Oddo, sá sem var í miðjunni af þeim hafði ekki mikla trú á mér, ég fékk voðalega lítið að spila, nánast ekki neitt. Þetta var ótrúlega skrýtið, það er ekki hægt að vera allra og maður skilur það allveg. Ég var samt alltaf klár ef kallið kæmi, það var gott þegar Igor Tudor tók við undir lok tímabilsins, ég spilaði síðustu tvo leikina. Það var frábært fyrir mig persónulega, maður er búinn að æfa vel og var alltaf klár ef kallið kæmi. Maður gaf líka gott svar á velliinum, við unnum báða þessa leiki og ég endaði þetta ótrúlega vel sjálfur. Það var rosalega gott fyrir mig að fá smá leikæfingu, sérstaklega í ljósi þess að HM er að koma. Þetta tímabil var lærdómsríkt að vissu leyti, þetta var ekkert alltaf ótrúlega skemmtilegt.“

Miklu betri árangur með Emil innan vallar

Tölfræði í fótboltnum getur blekkt en tölfræðin hjá Udinese með og án Emils segir alla söguna, liðið gekk í gegnum eyðimörk án hans en þegar Emil var á sínum stað á velliinum komu sigrar sem skiptu máli. Það miklu máli að þeir björguðu þessu fornfræga félagi frá falli úr efstu deild á Ítalíu. „Í þeim leikjum sem ég tók þátt í gekk vel, endirinn á tímabilinu var góður þar sem við gátum í raun fallið, og þeir voru mikilvægir. Þjálfarinn kom til mín og sagði mér að ég myndi spila þá, gaf mér traustið. Ég gaf honum það til baka og það var gott að enda þetta svona. Við enduðum í 14 sæti, það

„Hún fær hrós fyrir það, það er afar vel hugsað um karlinn. Það er ekki mikið af fiutprósentu núna.“


er ekki góður árangur. Við áttum á hættu að falla. Það var glórulaust að við skyldum vera í þessari aðstöðu, við töpuðum tólf leikjum í röð. Maður sat á bekknum á þeim tímapikti og hugsaði hvað væri í gangi, maður gat ekkert.“

Ákvað að halda kjafti

Emil er 33 ára gamall, hann hefur upplifað margt og veit að heimur fótboltns er skrýttinn. Það getur allt breyst á einu augabragði, bæði til hins betra og verra. „Fótboltinn er stórfurðulegur, þetta getur allt breyst á fimm mínútum. Þú getur verið kóngurinn og breyst í mesta bjánann á einu augnabliki. Þeir gera við mig nýjan samning og þjálfarinn var rosalega ánægður með það. Svo bara notar hann mig ekkert, maður þarf samt alltaf að vera klár. Ég hélt bara áfram, æfði vel. Ég ákvað það strax bara að halda kjafti og æfa, segja ekki neitt og vera klár. Í þessum síðustu tveimur leikjum þurfti liðið á því að halda að allir væru klárir og ég var það, maður hjálpaði liðinu að ná þessum tveimur síðustu úrslitum sem skiptu máli.“

Ráð til ungs fólks

Það getur tekið á andlega að sitja á bekknum og gera ekkert, sérstaklega þegar liðinu gengur illa og þú telur þig hafa ýmislegt fram



GRETTIR
VATNSKASSAR
Sími 577 6090

Leikir Íslands á HM í Rússlandi

Laugardagurinn 16. júní
Ísland – Argentína (13:00)

Föstudagurinn 22. júní
Ísland – Nígíería (15:00)

Þriðjudagurinn 26. júní
Ísland – Króatía (18:00)

að færa. Emil segist hafa ráð fyrir alla unga knattspyrnumenn. „Það sem skiptir mestu máli í fótbolta er að vera með hausinn í lagi, ef ég á að gefa ungum leikmönnum einhver ráð. Þetta skiptir máli, að vera alltaf rétt stilltur í hausnum. Sama hvort þú sért utan hóps, á bekknum eða í liðinu, að vera rétt stilltur þegar kallið kemur. Það getur breyst hvenær sem er að þú farir úr því að vera gaur á bekknum í að vera mikilvægur leikmaður. Þetta breytist svo hratt.“

Hefur lagt meira í sölnurnar en áður

Þessi klóki leikmaður úr Hafnarfirði hefur lagt meira í sölnurnar en áður, þetta hafa allir séð. Emil hefur æft meira, hugsað betur um mataræðið og allt sem því fylgir. „Ég hef lagt meira á mig en vanalega vegna þess sem er framundan, ég hef líka sagt að þetta tímabil átti að fara svona. Það var verið að spara mig til að ég yrði í góðu standi í sumar, maður reynir að horfa á þetta jákvæðum augum. Maður er svo klár í sumarið, maður hefur æft vel og lagt mikið á sig. Þetta verður sumar sem enginn mun gleyma.“

Konan passar að fituprósentan sé í lagi

Ása Reginsdóttir, eiginkona Emils passar vel upp á það sem fer ofan í hann. Bládamadur hafði lengi hugsað út í spjall sitt við Emil og fór að fylgjast með ýmsu sem gæti nýst honum. Eitt af því var að skoða Instagram-síðu Ásu. Þar má sjá daglega hvað hún eldar ofan í fjölskyldu sína, ofnbakað grænmeti er þar vinsælt. „Hún er með pælingar í að bjóða þjóðinni í mat held ég bara,“ sagði Emil og brosti, það kom honum líklega á óvart að fá spurningu um þetta. „Það er mikið ofnbakað grænmeti. Það er passað upp á mataræðið, það skiptir máli. Hún fær hrós fyrir það, það er afar vel hugsað um karlinn. Það er ekki mikið af fituprósentu núna. Ég er í rosalega góðu standi yfir höfuð, ég er kominn á þann aldur að það skiptir mig kannski ekki öllu máli að spila alveg heilt tímabil. Ég hafði tekið sirka tíu tímabil í röð þar sem ég



spilaði yfir 30 leiki, það var gott fyrir mig að fá að spila þarna í lokin, bæði fyrir líkamann og hausinn. Núna verða tveir æfingaleikir, þar sem allir fá líklega tækifæri. Þá nær maður nokkrum leikjum til að vera í toppformi þegar fyrsti leikur á HM er.“

Hlutverkið hefur breyst frá síðasta stórmóti

Emil hefur upplifað allt með landsliðinu en í sumar verða 14 ár frá því að hann lék sinn fyrsta landsleik. Hann hefur upplifað það að spila mjög stórt hlutverk og einnig að vera í algjöru aukahlutverki. Sitja mikið á bekknum og eins og raunin var á Evrópumótinu í Frakklandi. Þar kom Emil aðeins einu sinni við sögu sem varamaður gegn Ungverjalandi. Eftir að Heimir Hallgrímsson tók við liðinu hefur Emil hins vegar fengið mjög stórt hlutverk, hann hefur stimplað sig inn sem lykilmadur og óhætt er að fullyrða að hann hafi aldrei spilað betur í bláu treyjuni. „Ég get alveg viðurkennt það að fyrir EM bjóst ég við að spila meira, fá fleiri mínútur og koma oftar inn. Núna undir stjórn Heimis hef ég fengið stærra hlutverk en áður, ég spilaði síðustu sex leikina í undankeppninni. Við breyttum um leikkerfi sem gekk rosalega vel, ég vona að ég sé í stærra hlutverki á HM en raunin var á EM. Má maður ekki alveg búast við því? Ég hef séð það þannig fyrir mér, ég er búinn að stilla mig inn á það. Ég ætla að vera í flottu standi, gera allt sem

ég get gert fyrir liðið. Það eru allir þannig, okkur langar að ná árangri.“

Markmið liðsins eru á hreinu

Ísland er í sterkum riðli í Rússlandi en liðið setur stefnuna upp

„Það sem skiptir mestu máli í fótbolta er að vera með hausinn í lagi, ef ég á að gefa ungum leikmönnum einhver ráð.“

úr honum, efstu tvö sætin komast í 16 liða úrslitin. „Við ætlum að komast upp úr riðlinum og skoða svo stöðuna, ég held að það sé fínt að horfa á hlutina þannig. Það væri fátíðlegt að mæta og segjast ætla að vinna mótið en við ætlum okkur upp úr þessum riðli. Það er markmiðið, svo verður staðan skoðuð eins og í Frakklandi. Vonandi getum við komið hinum liðunum á óvart.“ ■

NOKIA

8 SIROCCO

DUAL 12 MP MYNDAVÉL
HVERSDAGSLEIKINN Á
SKILIÐ ÓTRÚLEGAN
SÍMA

androidone
NOKIA

ZEISS

Jóhann keyrði aftan á bíl og toгнаði á hálsi.

Hann fékk 3,7 m.kr. í bætur.

Lifðu lífinu - Við sækjum bæturnar.

SLYSABÆTUR.IS



Rukka erlenda starfskrónur í leigu fyrir 10

■ Eigendur Elju starfa fyrir dótturfélag GAMMA ■ Samiðn telur fyrirtækið ekki

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Erlendir starfsmenn sem koma hingað til lands á vegum starfsmannaleiga eru að öllum líkindum einn jaðarsettasti hópur íslensks samfélags. Þessir einstaklingar koma hingað til að vinna í skamman tíma á lágum launum og rödd þeirra heyrir aldrei. DV ræddi við einn slíkan starfsmann, sem er af slavnesku bergi brotinn, en hann kom hingað til lands á vegum Elju – þjónustumiðstöð atvinnulífsins ehf. sem er umsvifamesta starfsmannaleiga landsins.

Viðmælandi, sem er menntaður í sinni iðn, er ánægður með viðmót íslenskra samstarfsfélaga í sinn garð en segist kunna illa við þá tilfinningu að vera á lægri launum en ómenntaðir Íslendingar. Þá segir hann farir sínar ekki sléttar varðandi húsnæðið sem fyrirtækið útvegaði honum sem hann telur vera á okurverði. Viðmælandinn deilir tæplega 10 fermetra herbergi með öðrum ókunnugum einstaklingi og greiðir fyrir það 75 þúsund krónur á mánuði. Framkvæmdastjóri Elju segir að félagið hafi engar tekjur umfram kostnað af því að útvega erlendum starfsmönnum húsnæði. Það sé ekki skilyrði fyrir ráðningu starfsmanns að viðkomandi leigi af af Elju, starfsmenn ráði því hvar þeir búa.



Þorbjörn Guðmundsson,
framkvæmdastjóri
Samiðnar.

„Þetta er mjög þröngt“

Elja – þjónustumiðstöð atvinnulífsins ehf. er með stærstu markaðshlutdeild á starfsmannaleigumarkaði en rúmlega 500 starfsmenn starfa hérlandis á vegum félagsins. Rúmlega 2.000 manns hafa starfað hjá fyrirtækinu hjá tæplega 200 samstarsfyrirtækum. Fyrirtækið var stofnað árið 2015 en vöxtur þess

hefur verið ævintýrlega hraður. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2016 voru rekstrartekjur félagsins orðnar um 860 milljónir króna ári síðar og síðan þá hefur leiðin bara legið upp á við. Fyrirkomulagið er á þá leið að erlendu starfsmennirnir skrifa undir samning við félagið áður en þeir koma til landsins en greiða sjálfir fyrir flugfarið. Starfs-



Arthúr Vilhelm Jóhannesson,
framkvæmdastjóri Elju.

mennirnir eru launþegar hjá Elju en fyrirtækið rukkar síðan fyrir útselda vinnu þessara starfsmanna. Ekki er gefið upp hvaða álag Elja setur á þessa vinnu. Á vef félagsins kemur fram að lágmarksviðmið varðandi kjör starfsmanna séu gildandi kjarasamningar en „oft sé borgað meira“.

Það gildir þó ekki um viðmælanda DV. Hann fær ekki krónu meira. Eins og áður segir er hann af slavnesku bergi brotinn og hefur unnið fyrir Elju í nokkra mánuði. Hann er menntaður í sinni iðn og tímakaup hans er 2.250 krónur á tímum sem er lágmarkstaxti. Það gera mánaðarlaun upp á tæplega 390 þúsund krónur. Hann segir að um góð laun sé að ræða miðað við hvað sé í boði í heimalandinu. „Ég áttaði mig samt fljótlega á því að ég er á mun lægri launum en íslenskir kollegar mínir, jafnvel þó að þeir hafi ekki sömu menntun né reynslu. Það er auðvitað ekki góð tilfinning,“ segir viðmælandinn sem vill ekki láta nafns síns getið. Þess má geta að meðallaun iðnaðarmanna á Íslandi eru um 572 þúsund krónur samkvæmt upplýsingum frá Samiðn.

Viðmælandinn segist þó að mestu leyti vera afar ánægður með að starfa á Íslandi. Sérstaklega sé viðmót íslenskra yfirmanna og samstarfsmanna gott. Hér sé borin virðing fyrir erlendum starfsmönnum og þeim sýnt vinarþel. Hann hafi áður starfað í Noregi og þar sé litið niður á erlenda starfsmenn og ekki komið vel fram við þá.

Það sem fer þó fyrir brjóstið á viðmælanda blaðsins er húsnæðið sem honum er boðið uppá. Um er að ræða herbergi í stóru einbýlishúsi á höfuðborgarsvæðinu sem er í eigu Domus eigna slhf., sem er eitt af dótturfélögum GAMMA. Herbergið er aðeins um 8-10 fermetr-

„Þetta er mjög þröngt. Það er kannski meter á milli rúmana okkar og bara pláss fyrir einn lítinn fataskáp.“

ar að stærð en því deilir viðmælandi DV með öðrum ókunnugum manni. „Þetta er mjög þröngt. Það er kannski meter á milli rúmana okkar og bara pláss fyrir einn lítinn fataskáp,“ segir maðurinn. Fyrir þessa gistingu borgar hann 75 þúsund krónur og mánuði. „Ég var búinn að heyra að leigumarkaðurinn væri dýr á Íslandi en ég hef ekki séð dæmi um svona verð,“ segir hann.

122 útlendingar með lögheimili í einbýlishúsi í Árbæ

Eins og áður segir er húsið sem viðmælandi DV dvelur í í eigu Domus eigna slhf. sem er í eigu sjóðsins GAMMA:Domus. Sami sjóður á félagið Domus eignir 2 slhf. en þessi tvö félög, Domus og Domus 2, eiga fjölmargar eignir á höfuðborgarsvæðinu. Sama gildir um félögin E-fasteignafélag ehf., Almenna Red ehf. og Red ehf. sem öll eru í eigu GAMMA að hluta eða öllu leyti. Í fasteignum þessara félaga dvelja fjölmargir starfsmenn Elju. Þannig má nefna Malarás 16 sem dæmi. Um er að ræða 322 fermetra einbýlishús í Árbænum en þar eru hvorki fleiri né færri en 122 erlendir einstaklingar skráðir með lögheimili samkvæmt þjóðskrá. Augljóslega hefur aðeins brot þeirra þar aðsetur, flestir eru farnir úr landi eða komnir í annað húsnæði. Annað dæmi er Keilbraut 745 á Ásbrú en þar eru 92

Saumastofa
ÍSLANDS

Við erum flutt á
malarahöfða 2
110 Reykjavík
2. hæð

Fataviðgerðir og
fatabreytingar

menn um 150 þúsund fermetra herbergi

virða nám og réttindi erlendra starfsmanna ■ Segja leiguna sanngjarna



útlendingar skráðir með lögheimili sitt, hluti þeirra hefur verið á launaskrá hjá Elju. Þá má nefna Bröndukvísl 9 í Árbænum en í því einbýlishúsi eru 38 erlendir starfsmenn skráðir með lögheimili.

Það sýnir ágætlega umfangið að samkvæmt lauslegri talningu DV á fasteignum í eigu ofangreindra félaga eru um 506 erlendir einstaklingar skráðir með lögheimili sitt í 19 fasteignum, sem flest eru einbýli eða raðhús, í eigu félaga sem tengjast GAMMA.

Þannig vill til að eigendur Elju er flestir starfsmenn dótturfélags GAMMA, Heildar fasteignafélags. Stærsti eigandi starfsmannaleigunnar er Arnar Hauksson með 86,67% hlut. Hann á 80% í gegnum félagið ÞA eignarhaldsfélag ehf. og 6,67% í gegnum félagið Quarks ehf. Arnar er fyrrverandi starfsmaður GAMMA en færði sig nýlega um set yfir í Heild fasteignafélag ehf., dótturfélag GAMMA. Þar starfar hann sem ráðgjafi. Þess má geta að Arnar er bróðir Gísla Haukssonar, annars af tveimur stofnendum GAMMA og fyrrverandi forstjóra og síðar stjórnarformanns félagsins. Gísli lét af störfum hjá GAMMA í febrúar á þessu ári en hann er ennþá einn stærsti hluthafinn. Framkvæmdastjóri Arnars hjá Heild er einnig hluthafi í Elju. Það er Pétur Árni Jónsson, sem er helst þekktur fyrir að vera eigandi Viðskiptablaðsins. Hann á 6,67% hlut í gegnum félagið PÁJ Invest ehf. Síðasti hluthafinn er Jón Einar Eyjólfsson sem á einnig 6,67% hlut í gegnum félag sitt Hemju ehf.

Hafa gert athugasemdir við starfsemina

Viðmælandi DV er meistari í sinni iðni, eins og áður hefur komið fram. Í ljósi þess ætti hann með réttu að vera skráður í Samiðn eins og fjölmargir kollegar hans sem státa af sambærilegri menntun. Það er þó ekki svo heldur er meirihluti starfsmanna á vegum Elju skráður í Eflingu sem er ætlað ófaglærðu starfsfólki. „Það eru engir starfsmenn Elju í byggingariðnaði skráðir hjá Samiðn. Að okkar mati er félagið ekki að virða nám og réttindi starfsmanna og við höfum gert alvarlegar



athugasemdir við þessa háttsemi,“ segir Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar.

Lágmarkstaxti Samiðnar fyrir menntaðan iðnaðarmann er 2.249 krónur og því uppfyllir viðmælandi DV þær kröfur. Þorbjörn bendir á að það þurfi ekki að gilda varðandi aðra erlenda iðnaðarmenn sem hingað koma á vegum Elju. „Þeir eru skráðir inn sem ómenntaðir iðnaðarmenn og gætu því þurft að setta sig við laun sem eru samkvæmt kjarasamningum Eflingar og því lægri en þeim ber. Það er brot á EES-reglum að viðurkenna ekki nám og réttindi starfsmanna,“ segir Þorbjörn. Hann segir að Samiðn hafi átt fundi með Elju vegna málsins og úrbótum hafi verið lofað. Lítið hafi þó orðið um efndir. „Við höfum sent ítrekanir en þeim hefur ekki verið svarað,“ segir Þorbjörn.

Þorbjörn segir að starfsmannaleigur ættu að vera góð viðbót við íslenskt atvinnulíf ef rétt væri haldið á spilunum. „Það er að mínu mati jákvætt ef fyrirtæki hafa þann valkost að ráða erlenda starfsmenn tímabundið til þess að brúa ákveðin tímabil. Þróunin virðist þó vera á þá leið að hér eru að verða til tvö launakerfi, eitt fyrir útlendinga og annað fyrir Íslendinga. Það tel ég vera slæma þróun,“ segir Þorbjörn.

Eiga í harðri samkeppni um starfsmenn

Arthúr Vilhelm Jóhannesson, framkvæmdastjóri Elju, telur gagnrýni Þorbjörns byggjast á misskilningi. „Það er ekki mikil ásókn í iðnaðarmenn yfir vetrartímam. Með hækkandi sól reikna ég með að

og þeir séu að sjálfsgöðu skráðir í Rafiðnaðarsambandið. „Við förum eftir kjarasamningum í hvívetna og ráðningarsamningar eru sendir til Vinnumálastofnunnar. Við teljum okkur einnig hafa átt mjög gott samstarf við verkalýðsfélög og samstarfsfyrirtæki,“ segir Arthúr.

Hann segir ósanngjarnt að halda því fram að Elja borgi erlendum starfsmönnum lág laun. „Það er gríðarleg eftirspurn eftir góðum starfsmönnum í Evrópu og við eigum í harðri samkeppni við Noreg og Þýskaland. Við þurfum því að geta boðið uppá samkeppnishæf laun. Þá leggjum við líka mikið upp úr faglegum ráðningum með samstarfi við erlendar ráðningastofur auk þess sem við gerum ýmsar aukakröfur eins og að starfsmenn framvísi sakavottorði. Það er til dæmis ekki farið fram á það í Þýskalandi, slík er eftirspurnin eftir starfskröftum og krafa um að ferlið gangi hratt fyrir sig,“ segir Arthúr.

Elja gerir venjulega um sex mánaða samninga við starfsmenn sína en fyrirtækið metur það sem svo að samstarfið hafi gengið upp ef starfsmaðurinn ílengist hér á landi. „Við heyrum í öllum starfsmönnum tveimur mánuðum fyrir sanningslok og tökum stöðuna hjá þeim. Sumir ráða sig áfram hjá okkur en aðrir ráða sig kannski beint til fyrirtækjanna sem við áttum samstarf við. Við lítum á það sem sigur og að samstarfið hafi verið til hagsbóta fyrir alla,“ segir hann.

Húsaleiga ekki skilyrði fyrir vinnu
Varðandi háa húsaleigu segir Arthúr að Elja hafi engar tekjur umfram kostnað af því að útvega erlendum starfsmönnum húsnaði. „Það er ekki skilyrði fyrir ráðningu starfsmanns að hann leigi af Elju heldur er þetta nauðsynleg þjónusta fyrirtækisins vegna mjög erfiðs ástands á húsnaðismarkaðinum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu,“ segir hann. Starfsmenn ráði því hvar þeir búa. „Þeir starfsmenn sem kjósa að leigja af Elju greiða húsaleigu og Elja útvegar allan búnað sem þarf til daglegra nota, líkt og leirtau, rúm og sængurföt, þráðlaust net, þvottavél og þurrkara.“

Hann bendir á að Elja sé með langtímahúsnaði á leigu og það sé ekki alltaf í fullri nýtingu. „Þegar starfsmenn fara í frí, til dæmis í kringum jólin, þá greiða þeir ekki fyrir húsnaði á meðan og þá fellur kostnaður á okkur. Þá eru við með starfsmenn á launum sem þjónusta húsnaðið. Ef starfsmenn kjósa að við útvegum húsnaði er leigukostnaðurinn kynntur fyrir starfsmönnum áður en þeir koma til landsins og farið yfir það í ráðningaviðtali. Við teljum leiguna hjá okkur sanngjarna að teknu tilliti til þjónustunnar. Starfsmenn greiða leiguna eftir á og við förum ekki fram á sérstakar tryggingar eins og á hefðbundnum leigumarkaði,“ segir Arthúr. ■

Skoðaðu þjónustu okkar á Xprent.is

- ➔ Inni- og útimerkingar
- ➔ Sandblástursfilmur
- ➔ Striga- og ljósmyndaprentun
- ➔ Bílamerkingar
- ➔ Gluggamerkingar
- ➔ Prentun á símahulstur
- ➔ Frágangur
- ... og margt fleira

PRENT

Hönnun & Merkingar

SUNDABORG 1, REYKJAVÍK / SÍMI 777 2700 / XPRENT@XPRENT.IS



Notað byggingarefni fær nýtt hlutverk í Efnismiðlun Góða hirðisins

SORPA hefur nú rekið nytjamað fyrir notaðan húsbúnað og smávöru í rúmlega tuttugu ár. Markaðurinn, sem gengur undir nafninu Góði hirðirinn, hefur lengi átt vinsældum að fagna og hefur stækkað jafnt og þétt í gegnum árin. Hundruð tonna af notuðum hlutum fá þar nýja eigendur á hverju ári og allur ágóði af sölu þeirra rennur til góðgerðarmála. Markmiðið með nytjamaðinu SORPU er fyrst og fremst að stuðla að endurnotkun, sem er besta form endurnýtingar og sú leið í úrgangsmæðhöndlun sem hefur hvað minnst umhverfisáhrif.

Það hefur lengi verið draumur að finna endurnotkunarmöguleika fyrir fleiri efnisflokkum sem berast á endurvinnslustöðvar SORPU, s.s. byggingarvörur. Sá draumur varð loks að veruleika þann 11. maí síðastliðinn þegar Efnismiðlun Góða hirðisins opnaði á endurvinnslustöðinni á Sævarhöfða og viðskiptavinir SORPU fengu loks tækifæri til að versla notuð byggingarefni og ýmsar aðrar framkvæmdavörur á góðu verði.

Markmiðið er að markaðurinn bjóði upp á valkosti fyrir breiðan hóp viðskiptavina og er stefnt að því að safna og bjóða efni eins og timbur, timburhluti, hurðar, glugga,

innréttingar, hellur, flisar, trjábolli, vaska, parket, dekk, reiðhjól, vörubretti og brúsa svo fátt eitt sé nefnt. Á markaðnum verður einnig framboð af efni og vöru, sem jafnvel er ekki í boði annars staðar, svo sem gamlar hurðir og veðrað timbur.

Notuð byggingarefni geta nýst einstaklingum sem eru í húsnæðisbreytingum, sumarhúsa- og garðvinnu eða listsköpun. Leikskólar, grunnskólar, lista- og verkmenntaskólar hafa í gegnum tíðina óskað eftir aðgangi að ódýrara efni, sem nú verður auðveldara að koma til móts við. Vöruúrval mun þróa eftir framboði og eftirspurn en viðskiptavinir endurvinnslustöðva þurfa að gefa leyfi fyrir að efniviður fari á markaðinn. Ef hagnaður verður af sölu byggingarefna og annars varnings á markaðnum mun hann renna óskertur til góðgerðarmála.

Efnismiðlun Góða hirðisins á endurvinnslustöðinni á Sævarhöfða verður opin alla daga nema sunnudaga frá 12.00-17.30. Verið hjartanlega velkomin, hvort sem er með nothæft efni eða til að skoða vöruúrvalið á markaðnum.



Ósjálfbær neyslumenning

Íbúar jarðar og sérstaklega vestrænar þjóðir nota meira af auðlindum en hnötturinn getur staðið undir á sjálfbæran hátt. Athafnir mannsins hafa þannig haft áhrif á gæði

og magn þeirra náttúrulegu auðlinda sem eru nauðsynlegar til framleiðslu á flestum okkar neysluvörum og jafnvel lífi á jörðu. Má sem dæmi nefna vatn, jarðefnaeldsneyti, jarðveg, steinefni og málma. Ástæðan er fyrst og fremst aukinn fjölskiðni samhlíða sífellt aukinni neyslu á hvern einstakling. Ef ekkert er að gert leiðir það til hnignunar og jafnvel þurrðar á mikilvægum auðlindum með ófyrirséðum afleiðingum. Önnur birtingarmynd er plastið í umhverfinu sem brotnar seint og illa niður og veldur lífríkinu skaða. Það er tímabært að endurmeta hvernig við umgöngumst auðlindir jarðar og að hver og einn taki meiri ábyrgð á eigin neyslu. Það getum við t.d. gert með því að nýta hluti áfram eftir fremsta megni eða sjá til þess að þeir komist í notkun hjá öðrum, sé það mögulegt. Flokkur þann úrgang sem frá okkur fer til endurvinnslu þannig að hráefni tapist ekki heldur séu nýtanleg sem efniviður í nýjar vörur. En fyrst og fremst búum til minna rusl því þannig komum við best í veg fyrir sóun!

Ekki láta þitt eftir liggja -vertu **Pikk-UPP**

Okkar nánasta umhverfi skiptir okkur miklu máli. Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð, husa um umhverfið og henda rusli. Tökum skrefið lengra, teygjum okkur eftir ruslinu og hendum því í þar til gerð ruslaílát eða poka, þó það sé ekki okkar rusl.

Hvað er Pikk-UPP?

- ▶ Það að vera Pikk-UPP snýst um að tína upp rusl á förnum vegi þar sem þú ert að ganga eða hreyfa þig.
- ▶ Píkka-Upp rusl um leið og þú nýtur útiveru með fjölskyldunni.
- ▶ Eða af því að þú ákveður að fara út og Píkka-UPP rusl.



Betri umgengni byrjar hjá þér!





„DREKKA HÉR EÐA TAKA MEÐ?“

ERTU AÐ FARA Í FLUG?

ÞJÓNUSTUM ÞIG OG ÞÍNA Í MAT
OG DRYKK



Hafnargata 19a Keflavík / S. 421 4601

■ Margt bendir til að lög séu brotin ■ Vínveitingaleyfi forsenda spilakassa sem skila myljandi hagnaði

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is



Mikil umræða hefur verið á undanförunum árum um að leyfa sölu á áfengi í verslunum. Svo virðist sem að minnsta kosti tveir sölurnar í Kópavogi hafi tekið forskot á sæluna og ákveðið að bíða ekki lengur eftir að Alþingi lögleiði almenna áfengissölu í verslunum. DV hefur áður fjallað um söluturninn Smára á Dalvegi sem státar af vínveitingaleyfi og að þar hafi unglíngum undir aldri verið selt áfengi. Hinn staðurinn er Vídeómarkaðurinn í Hamraborg en margt bendir til að starfsemi söluturnsins fari á svig við lög vegna vínveitingaleyfisins.

Söluturn breytist í vínveitingastað

Ýmis skilyrði fylgja því að fá að vera með vínveitingarleyfi. Samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald mega ungmenni undir 18 ára aldri

„Bæjarráð sér um þetta. Ég greiði ekki atkvæði um þetta en ég sit fundina, hafðu samband við formann bæjarráðs.“

ekki koma inn á stað sem hefur leyfið eftir klukkan 22:00 nema í fylgd með foreldrum sínum, öðrum forráðamönnum, ættingjum eða maka. Einnig í sömu lögum er talað um dyravörslu og skilyrði sem dyraverðir þurfa að uppfylla. Lögregla metur nauðsyn við dyravörslu hverju sinni samkvæmt lögum.

Veitingastaðir eru flokkaðir í þrjá flokka. Flokkur eitt er fyrir staði án áfengisveitinga. Flokkur tvö er fyrir umfangslitla áfengisveitingastaði þar sem starfsemi er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo ▶



Ekkert kjaftæði

Við vorverkin og plokkið er mikilvægt að allt rati á réttan stað í SORPU. Allar nánari upplýsingar á flokkid.sorpa.is

SORPA

Gylfaflöt 5 | 112 Reykjavík | 520 2200 | sorpa@sorpa.is



sem með háværi tónlist, og staðir sem kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu. Flokkur þrjú er hins vegar fyrir umfangsmikla áfengisveitingastaði, svo sem þar sem leikin er háværi tónlist, og staðir sem kalla á meira eftirlit og/eða löggæslu.

Söluturninn Vídeómarkaðurinn er með leyfi í flokki þrjú en samt mat lögreglan það svo að ekki væri nauðsynlegt að dyravörður væri á staðnum samkvæmt leyfisbréfi Vídeómarkaðsins sem DV

hefur undir höndum. Það er þrátt fyrir að þeir hafi leyfi til að vera með opið til 01:00 á virkum dögum og til 03:00 um helgar.

Í umsókn Vídeómarkaðsins kemur fram að sótt er um vínveitingarleyfið sem veitingahús. Skilgreining á veitingahúsi í umsókninni er staður sem býður upp á fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fulla þjónustu og að á veitingahúsinu skal vera starfandi einstaklingur með fullnægjandi þekkingu í framreiðslu.

Einu veitingar sem Vídeómarkaðurinn bauð hins vegar uppá, þegar blaðamenn DV fóru á staðinn, voru pylsur og er því augljóst að ekki eru í boði fjölbreyttar veitingar á staðnum, þó að vissulega hafi verið fjölbreytt úrval af sósam í boði til þess að setja á pylsurnar.

Bæjarráð Kópavogs samþykkti vínveitingaleyfin til söluturnanna
Vínveitingaleyfin eru háð samþykki slökkviliðsins, Vinnueftirlits

ríkisins, lögreglunnar, bygginga- fulltrúa, heilbrigðiseftirlits og loks bæjarráðs Kópavogs. Í þessu tilviki ákvað bæjarráð Kópavogs að samþykka umsókn þessara söluturna um að fá að breytast í vínveitingastaði. Í samtali við DV sagðist Ármann Kr. Ólafsson ekki kannast við þessar umsóknir. „Bæjarráð sér um þetta. Ég greiði ekki atkvæði um þetta en ég sit fundina, hafðu samband við formann bæjarráðs,“ sagði bæjarstjórnir þegar blaðamaður DV truflaði hann í miðri kosningabaráttu.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í Theodóru S. Þorsteinsdóttur, formann bæjarráðs við vinnslu fréttarinnar.

„Drekka hér eða taka með“

Líkt og í Smáranum á Dalvegi gerðist starfsmaður Vídeómarkaðarins sekur um að selja einstaklingum undir aldri áfengi. DV hefur undir höndum upptökur þar sem tvær stúlkur, 19 ára gamlar, fara inn í Vídeómarkaðinn til að kaupa áfengi eftir klukkan 22:00 og gengu þær út með það án þess að starfsmaður hafi beðið um skilríki og fengu þær áfengið afhent í plastpoka til að taka með sér. Myndböndin verða birt á vef DV á allra næstu dögum.

Blaðamenn DV fóru einnig á Vídeómarkaðinn í vikunni og keyptu sér bjór. Þrjár tegundir voru í boði og eftir að hafa valið tegund spurði afgreiðslumaðurinn: „Drekka hér eða taka með?“. Samkvæmt lögum er óheimilt fyrir vínveitingaleyfishafa að selja áfengi sem ekki er drukkið á staðnum. Samkvæmt viðurlögum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er heimilud lokun á starfsstöð þar sem brotið átti sér stað.

Áfengi og spilakassar

Það sem gerir Vídeómarkaðinn frábrugðinn öðrum söluturnum, fyrir utan að selja áfengi til að taka

„Það eru aðrir staðir með spilakassa frá okkur sem hafa ekki vínveitingaleyfi svo þetta er ekki krafa sem kemur frá okkur.“

með, er það mikla magn af spilakössum sem er á staðnum. Rúmlega 80 spilakassar eru á staðnum eða um 9% af öllum spilakössum á Íslandi. Það virðist vera ansi gott að hafa spilakassa í söluturninum, því fjárhættuspil skiluðu söluturninum rúmlega 207 milljónum í tekjur á árunum 2015 og 2016 í formi umboðslauna frá Íslandsspilum og Happpdrætti Háskóla Íslands.

Þegar blaðamenn DV skoðuðu aðstæður á staðnum var nokkur fjöldi á staðnum og voru allmargir viðskiptavinir í spilakössunum og að drekka áfengi á sama tíma.

Eigandi söluturnsins Smárans í Kópavogi, Gunnar Scheving Thorsteinsson, sagði í samtali í DV að hann þyrfti að hafa vínveitingaleyfi til að hafa ákveðna spilakassa hjá sér. DV hafði samband við Bryndísi Hrafnkelsdóttur forstjóra Happpdrættis Háskóla Íslands og vildi hún ekki kannast við að það væri rétt. „Það eru aðrir staðir með spilakassa frá okkur sem hafa ekki vínveitingaleyfi svo þetta er ekki krafa sem kemur frá okkur.“ Söluturninn Smárin er einnig með vínveitingaleyfi í flokki þrjú sem er ætlaður umfangsmiklum áfengisveitingastöðum, svo sem þar sem leikin er háværi tónlist, og stöðum sem kalla á meira eftirlit og/eða löggæslu.

DV mun fjalla ítarlega um hinn undarlega heim löglegra fjárhættuspila á Íslandi á næstu miss- erum. ■

Gerid gæða- og verðsamanburð

Ný og
rúmbetri
verslun

100% SVEFN - 100% HEILSA
GÓÐ HVÍLD

20% afsláttur

vefverslun svefnogheilsa.is

Svefn & heilsa
★★★★★

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

RÚMFÖT & LÖK
mikið úrval

HANDKLÆÐI
Mikið úrval

SLOPPAR
fyrir bæði kyn

Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

VIÐREISN  REYKJAVÍK

EINFALDARA LÍF

Við þurfum þinn stuðning til að einfalda og bæta líf borgarbúa, settu X við C.



1. ÞÓRDÍS LÓA ÞÓRHALLSDÓTTIR

2. PAWEL BARTOSZEK



REYKJAVIK.VIDREISN.IS



Krýsuvík í hættu: Sigurlína segir að samningi við Krýsuvík hafi verið rift

Aðalfundur Krýsuvíkursamtakanna fór fram í vikunni. Þar greindi Sigurlína Davíðsdóttir, stjórnarformaður Krýsuvíkursamtakanna, frá því að samningi við Sjúkratryggingar Íslands hafi verið rift. Krýsuvík fær árlega um 120 milljónir af almannafé en nú er óvíst hvort að hægt verði að halda starfseminni áfram á næsta ári. Meðferðarstöðin hýsir skjólstæðinga sem eru jafnan þeir sem hafa átt í hve mestum vandræðum með að fóta sig í samfélaginu og á öðrum meðferðarstofnunum.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is
Kristjón Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



DV hefur í vetur upplýst um ótal vankanta á meðferðarstarfinu og brúðl samtakanna með almannafé. Krýsuvíkursamtökin reka meðferð fyrir fólk af báðum kynjum frá 18 ára aldri.

Í umfjöllun DV var fjallað um óttastjórnun, greint frá því að starfsmaður hefði verið kærður fyrir alvarlegt kynferðisbrot og fjallað um óviðeigandi samskipti Þorgeirs Ólason, sem stýrði meðferðarstarfinu, við kvenkyns skjólstæðinga. Þorgeir er sonur Lovísu Christiansen sem hefur starfað sem framkvæmdastjóri. Höfðu þau mæðgin einnig keypt bíla fyrir margar milljónir. Þá var greint frá meintum kynferðisbrotum starfsmanna gagnvart sjúklingum og að

landlæknir hefði gert alvarlegar athugasemdir við starfsemina og þá helst að sjúklingar væru einir á Krýsuvík, langt frá mannabygðum frá klukkan fjögur á daginn til næsta morguns. Þetta þótti ótækt en engu var breytt og fjárframlög aukin.

Ekki er pláss hér til að rekja allt það sem er að í Krýsuvík en fjölmargar greinar um vankantana er að finna á vef DV. Nýverið greindi DV svo frá því að til stæði að Þorgeir kæmi aftur til starfa. Voru ráðgjafar afar ósáttir við það og sögðu þrjú starfsmenn upp störfum og eru nú að vinna uppsagnarfrestinn. Sigurlína Davíðsdóttir stjórnarformaður neitar því að Þorgeir sé á leið aftur til starfa eins og til stóð. Hann hefur hins vegar verið kosinn í varastjórn Krýsuvíkursamtakanna og var það gert í vikunni, þrátt fyrir allt sem á undan er gengið og þó starfsmenn líti svo á

„Ég bara veit það ekki. Landlæknir er eftirlitsaðilinn og ég veit ekki hvernig þeir ætla að haga þessu.“

að þeir geti ekki starfsheiðurs síns vegna unnið undir hans stjórn.

Endurskoðun eða riftun?

DV leitaði til Sjúkratrygginga til að fá staðfest að samningi hefði verið rift. Þar á bæ er farið varlega í yfirlýsingar en segir þó að starfslok samnings verði í síðasta lagi 30. nóvember. Leggja Sjúkratryggingar áherslu á að samningi sé ekki rift, heldur snúist staðan um að ekki sé um endurnýjun á samningi að ræða. Samningurinn sé nú endurskoðaður og starfað eftir honum frá mánuði til mánaðar og ráðherra hafi þurft að tilkynna það með fyrirvara sem hafi verið gert í þessu tilfelli.

Í svari Sjúkratrygginga segir:

„Samningsumboð Sí koma frá heilbrigðisráðherra. Sama á við þegar samningar hafa runnið sitt skeið og komið er að endurnýjun. Í þessu tilfelli var það ákvörðun ráðherra að samningurinn yrði ekki endurnýjaður.“

Túlkun þeirra sem stýra Krýsuvík er að samningi hafi verið rift. Hafa starfsmenn og stjórnarmenn talað á þann veg. DV ræddi við



Sigurlína Davíðsdóttir

Sigurlínu Davíðsdóttur sem hefur stýrt Krýsuvíkursamtökunum frá upphafi. Aðspurð hvort rétt væri að hinn umdeildi Þorgeir hefði verið kosinn í stjórn svaraði hún:

„Hann er í varastjórn,“ svaraði Sigurlína og sagði að ekki stæði til að hann myndi taka við stöðu framkvæmdastjóra.

Við vorum að heyra að það væri búid að rifta samningnum við Sjúkratryggingar. Er það rétt?

„Já. Við erum að skoða stöðuna,“ svaraði Sigurlína og bætti við að Landlæknir myndi taka út starfsemina.

Og hætta greiðslur þá að berast í desember?

„Já.“
Hvað finnst þér um þessa stöðu sem upp er komin?

„Bara ekkert,“ svaraði Sigurlína.



Lovísa Christiansen

Veistu hvað verður um skjólstæðingana þína?

„Það munu allir skjólstæðingar verða útskrifaðir þá. Þetta er sex mánaða meðferð og það er sex mánuðir þangað til.“

Þannig að þið takið ekki við neinum nýjum?

„Við erum að skoða það líka.“
Ætlið þið að leita að öðrum fjármögnunarleiðum?

„Við erum bara að skoða hverjir möguleikarnir eru.“

Þannig að það kemur einhver í sumar frá Embætti landlæknis?

„Ég bara veit það ekki. Landlæknir er eftirlitsaðilinn og ég veit ekki hvernig þeir ætla að haga þessu,“ sagði Sigurlína að lokum og ljóst að starfsemi meðferðarheimilisins í Krýsuvík er í uppnámi. ■

Snorri, hver vinnur?

Ég held að Samfylkingin taki þetta sem betur fer því samfélagið þarf á Evrópusinnuðum sósíalisma að halda á þessum tímum sem við lifum. Erum löngu orðin leið á alkóhólisma og græðginni sem honum fylgir.

Á kjördag ætla ég að kjósa í ráðhúsinu og horfa svo á úrslitaleikinn í Meistaradeildinni og horfa á Salah taka fimmu. Ég ætla svo að hitta sálfræðinginn minn á mánudag.

Fer svo norður á Akureyri að telja peninga og grilla.



5 hlutir sem þú átt að gera á kjördag

Á morgun ganga Íslendingar að kjörklefunum og þá er mikilvægt að vera góðborgari, landi og þjóð til sóma. Mikilvægt er einnig að hafa ánægju af því að vera virkur lýðræðisþegn. DV tók saman nokkrar grundvallarreglur um hvernig á að haga sér á kjördag.



Ekki taka barnið þitt með þér í kjörklefan einn og Logi gerði. Jafnvel þó það sé betur gefið en þú og hafi betri skilning á þörfum borgarinnar.



Ekki kúka í kjörklefanum og skeina þér með sedlinum. Jájá, þetta var mikið þökk á sínum tíma en líka viðbjóðslegt og við viljum öll gleyma þessu.


Ekki taka mynd af kjörseðlinum og birta hana á samfélagsmiðlum eins og borgarfulltrúinn Björk Vilhelmsdóttir gerði. Hún reyndi að eyða þessu en internetið gleymir aldrei.



Hugsaðu þig hundrad sinnum um áður en þú setur x við Karla-lístan eða Íslensku þjóðfylkinguna. Viltu þetta í alvörnunni?

Vandaðu valið á kosningapartíi. Það verður stuð og vel veitt til dæmis hjá Pírótum, Sjálfstæðisflokki, Samfylkingu og Miðflokki. Ekki viltu eyða kvöldinu í að spila Vist heima hjá Albanu-Valda?





Normx ehf. hefur sett framleiðslu sína á smáhýsum í sérstakt fyrirtæki sem hlotið hefur nafnið Húseining ehf. Húseining mun framleiða smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

Við framleiðum:

Smáhýsi frá 14,99 - 39,9 m²

Sumarhús frá 67 - 111 m²

Einbýlishús frá 161 - 400 m²

Smart Einbýli 73 m²

Parhús frá 200 - 333 m²



Raðhús frá 55 - 120 m²

Forsteypta sökklá

Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is



BANDARÍSKAR SVEITIR DRÁPU FJÖLDA RÚSSA

■ Böndin beinast að Wagner sem vinir Pútíns fjármagna ■ Ölvaður ofursti kom upp um Wagner

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Í febrúar kom til harðra átaka á milli hersveita Bashar al-Assad Sýrlandsforseta og mörg hundruð rússneskra málaliða frá einkafyrirtæki, sem er þekkt undir heitinu Wagner, við bandaríska hermenn nærri Deir ez-Zor í austurhluta Sýrlands. Hersveitir Assads og rússnesku málaliðarnir sóttu fram gegn olúhreinsistöð sem kúrdískar hersveitir höfðu á valdi sínu en Kúrdarnir njóta stuðnings Bandaríkjanna. Bandaríkjaher beitti stórskotaliði og B-52 sprengjuflugvélum gegn herliði Assads og rússnesku málaliðunum er orustan stóð yfir, í um þrjár klukkustundir.

Rússnesk yfirvöld þvertóku í upphafi fyrir að Rússar hefðu tekið þátt í bardögnum og sögðu að fréttir þar um væru rangar. Á endanum neyddist utanríkisráðuneytið þó til að viðurkenna að fimm Rússar hefðu fallið í orustunni. Áður höfðu nokkrir rússneskir fjölmiðlar nafngreint að minnsta kosti 10 Rússa, sem tengjast Wagner, en nokkrir Vestrænir fjölmiðlar á borð við Reuters og Bloomberg segja að mun fleiri Rússar hafi fallið. Reuters hafði eftir rússneskum herlækni að um 100 Rússar hafi fallið og annar heimildarmaður sagði þá hafa verið rúmlega 80. Þá særðist fjöldi Rússa og voru þeir fluttir á hersjúkrahús í Moskvu.

Málaliðar eru vel vopnum búnir í Sýrlandi.



Rússarnir eru sagðir hafa verið málaliðar á vegum Wagner en það er rússneskt fyrirtæki sem er fjármagnað af rússneskum stjórnvöldum. Fyrirtækið hefur sent fjölda málaliða til Úkraínu og Sýrlands.

Kom upp um Wagner

Síðasta sumar sótti sjúkrahöll ofurólvi mann í úthverfi St. Pétursborgar og flutti til lögreglunnar sem vistaði manninn í fangaklefa. Í forum mannsins fundust skjöl sem sýndu að hann var ofursti í varaliðssveitum rússneska hers-

ins. Hann var með 550.000 rúblur á sér (það jafngildir um 8,8 milljónum íslenskra króna) og 5.000 dollara (það jafngildir rúmlega 500.000 íslenskum krónum). Auk þess var hann með lista yfir vopn, pöntunarseðil fyrir mörg tjöld, flugmiða til Krasnodar í suðvesturhluta Rússlands og kort af Sýrlandi.

Lögreglan komst síðan að því að ofurstinn var næstráðandi hjá fyrirtækinu Wagner sem hefur sent málaliða til Úkraínu og Sýrlands eftir því sem segir í frétt rússneska miðilsins Fontanka.

Vopnin og tjöldin voru ætluð Wagner. Þjálfunarbúðir Wagner eru í Krasnodar þar sem málaliðar æfa fyrir aðgerðir utan Rússlands.

Samkvæmt rússneskum lögum er starfsemi sem þessi stranglega bönnuð en ofurstanum var sleppt án frekari eftirmála. Þar kom sér vel að hann og Wagner eiga valdamikla vini í Pétursborg og Moskvu.

Wagner kom fram á sjónarsviðið 2014 í tengslum við verkefni utan Rússlands en þá tóku málaliðar frá fyrirtækinu þátt í bardögum í austurhluta Úkraínu.

Yfirmaður Wagner er Dmitrij Utkin, fyrrverandi háttsettur leyniþjónustumaður, og er fyrirtækið nefnt eftir honum. Hann er að sögn mikilli áhugamaður um þýska hernaðarsögu og er hann því kallaður eftir þýska tónskáldinu Wagner.

Frá bækistöð Wagner í Krasnodar er aðgerðum málaliðanna stýrt. Í næsta nágrenni eru sveitir frá rússnesku GRU leyniþjónustunni en svo ótrúlega vill til að Dmitrij Utkin starfaði áður hjá GRU.

Rússneski netmiðillinn Republic segir að um 3.660 málaliðar séu að störfum hjá Wagner og séu reiðubúnir til að hætta lífi sínu fyrir upphæðir sem svara til 160.000 til 480.000 íslenskra króna á mánuði.

Vinir Pútíns fjármagna Wagner

Málaliðarnir eru vel vopnum búnir og í Sýrlandi hafa þeir yfir stórskotaliði og skriðdrekum að ráða.

Allt kostar þetta peninga. Republic segir að á síðustu tveimur árum hafi þetta kostað Wagner sem nemur um 35 milljörðum íslenskra króna.

Peningarnir koma frá „stuðningsað-



Assad.

ilum“. Einn þeirra er Jevgenij Prigozjin, 56 ára kaupþýslumaður frá St. Pétursborg. Hann er góðvinur Pútíns forseta og á síðustu árum hefur hann tryggt sér samninga um sölu á matvörum til rússneska hersins fyrir sem nemur 112 milljörðum íslenskra króna.

Prigozjin hefur ekki neina hernaðarreynslu eftir því sem best er vitað en hefur eytt 10 árum í fangelsi eftir bankarán. Áður en orustan við Deir ez-Zor hófst hleruðu bandarískar leyniþjónustur samskipti Prigozjin við minnst einn ráðherra í ríkisstjórn Pútíns og starfsmannastjóra Pútíns, Anton Vaino. Wasington Post skýrir frá þessu. Í þessum samskiptum kom fram að Prigozjin lofaði Assad „ónæmtum tíðindum“ en þar er hann talinn hafa átt við olúhreinsistöðina sem ráðist var á.

Allt fór þetta þó út um þúfur eins og áður er rakið. Líklegt verður þó að teljast að á næstu árum muni liðsmenn Wagner láta til sín taka þar sem rússnesk stjórnvöld telja sig eiga hagsmuna að gæta. ■


Álpakrennur & niðurföll

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt
silfurgrátt og dökkgrátt



Pakrennurnar eru frá GRÖVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smíðjuvegi 4C 202 Kópavogur | Sími 587 2202 | hagblikk@hagblikk.is | hagblikk.is



Pútín.



ROYAL COPENHAGEN

WMF

GEORG JENSEN
DAMASK

stelton

KOSTA
BODA

GEORG JENSEN

WÜSTHOF

FREDERIK
BÄGGER

eb
erk bagger

LINDDNA

Villeroy & Boch
1748

LE CREUSET

KitchenAid

Vandadar brúðargjafir

*Brúðhjón sem stofna brúðargjafalista hjá Kúningúnd
fá 15% kaupauka frá versluninni.*

*Setjið saman ykkar eigin brúðargjafalista á kunigund.is
eða komið við í einni af verslunum okkar og fáið aðstoð.*



KÚNÍGÚND

SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur - Kringlan - Glerártorg - kunigund.is

*„Langaði
bara að
falla inn í
hópin“*

MYNDIR: HANNA



Aníta Estíva Harðardóttir
anita@pressan.is



Söngkonan Glowie ólst upp í Grafarvogi með foreldrum sínum og þremur systkinum. Glowie gekk í þrjá grunnskóla og voru grunnskólaárin henni erfið af ýmsum ástæðum.

„Öll grunnskólaárin voru frekar erfið, aðallega vegna félagslegra erfiðleika. Síðasta árið var mitt uppáhalds en þá gekk ég í Foldaskóla. Þar lenti ég í góðum bekk og eignaðist mikið af vinum,“ segir Glowie í viðtali við Bleikt.

Glowie æfði dans frá 7 ára aldri og þar til hún varð 16 ára gömul. Þegar hún útskrifaðist úr grunnskóla lá leið hennar í Tækniskólann þar sem hún keppti fyrir hönd skólans í söngkeppni framhaldsskólanna og sigraði eins og frægt var.

Varð fyrir kynferðislegu ofbeldi eftir að tónlistarferillinn hófst

„Ég átti líka í félagslegum erfiðleikum í dansskólanum en það sem fékk mig til þess að halda áfram var ástríðan fyrir dansi og tónlist. Þegar ég sigraði Söngkeppni framhaldsskólanna fékk ég mikið af tækifærum í kjölfarið og þar hófst tónlistarferill minn. Það var á þessum tíma sem ég varð fyrir kynferðislegu ofbeldi,“ segir Glowie. Það vakti mikla athygli þegar söngkonan greindi frá því í viðtali við Ragnhildi Steinunni í þættinum Íspjöldin í mars 2017 að hún hefði tvísvar orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi á fyrsta ári sínu í framhaldsskóla.

Nokkrum mánuðum eftir að Glowie lenti í þessari örmulegu reynslu kynntist hún Guðlaugi Andra Eyþórssyni og eru þau par í dag.

„Hann hjálpaði mér að takast á við ofbeldið sem ég varð fyrir nokkrum mánuðum áður en við kynntumst. Við erum ekki bara kærustupar heldur erum við líka bestu vinir og vinnum oft saman í allskyns verkefnum.“

Parið hefur verið saman í fjögur ár og stefna þau á að flytja saman til London í júní.

Glowie áttaði sig á því þegar hún var orðin sextán ára gömul að mögulega væri ástæða fyrir því að henni leið alltaf eins og hún væri ekki eins og allir aðrir.

„Ég fann það alltaf sem krakki að ég var mjög sein að fatta ýmsa hluti, skildi stundum ekki það sem var auðskilið fyrir aðra krakka. Ég upplifði mig eins og ég væri heimsk. Ég var rosalega gleymin og átti mjög erfitt með að hlusta á kennarann með fullri einbeitingu sama hvað ég reyndi. Það var eins og ég hefði enga stjórn á huga mínum.“

Var send í sérstaka skólafestu fyrir börn sem þurftu meiri hjálp

Glowie var send í sérstaka skólafestu í skólanum sem var sérstaklega gerð fyrir börn sem þurftu meiri hjálp.

„Ég var send þangað í stærðfræði og bókmenntatímum. Ef ég á að vera alveg hreinskilin þá fannst mér það ekkert hjálpa. Kannski aðallega vegna þess að aðferð kennarans hentaði mér ekki. Af því að mér gekk alltaf svona illa í skólanum þá var ég fljót að missa trúna á sjálfri mér.“

Það sem Glowie vissi ekki var að seinna átti hún eftir að greinast með ADHD. Þá fékk hún loksins svör.

„Ég vissi bara að ég væri öðruvísi og ég upplifði það ekki á jákvæðan hátt. Mig langaði bara að falla inn í hópinn. Mér leið best þegar ég fór heim eftir skóla til þess að æfa mig að syngja. Þar náði ég að njóta mín.“

Árið 2015 fór Glowie í létt greiningarferli þar sem kom í ljós að hún var með ADHD.

„Í desember árið 2017 fór ég aftur í mun ítarlegri greiningu. Í kjölfarið fór ég til geðlæknis og fékk lyf. Að vera með ADHD getur verið nokkuð flókið en það er að sjálf-sögðu mismunandi hjá fólki. Það virkar þannig hjá mér að ég get ekki einbeitt mér að neinu nema að vera að gera eitthvað annað á meðan. Til dæmis finnst mér best að hafa háa tónlist og vera að borða eitthvað á meðan ég keyri til þess að ég geti haldið einbeitingu við aksturinn. Ef ég fer á fund eða á langar samræður við fólk, þá verð ég að geta hreyft mig inn á milli og vera með eitthvað í höndunum til þess að fikta með.“

Man varla eftir því að hafa verið á sviði að syngja

Glowie segir að fólk upplifi hana oft sem áhugalaus þegar það talar við hana.

„Ég er í raun að gera þessa hluti vegna þess að ég þarf þess til þess að geta meðtekið það sem fólk segir við mig. Fólk upplifir það oft eins og mér leiðist eða að ég hafi ekki áhuga á því sem það er að segja mér.“

Glowie segir reynsluna aðra þegar hún sé að fara að stíga á svið eða þegar athyglin beinist að henni.

„Í aðstæðum þegar ég er að fara að stíga upp á svið eða þegar ég er að tala fyrir framan fólk, jafnvel þótt það sé bara fjölskyldan mín þá set ég ósjálfrátt svo mikla pressu á sjálfa mig að hausinn á mér nær ekki utan um það sem er að gerast. Þá myndast mikið stress og ég frýs eiginlega bara. Þegar ég syng



Það var á þessum tíma sem ég varð fyrir kynferðislegu ofbeldi

á sviði þá er stormur í hausnum á mér og líkamsminnið tekur stjórnina til þess að koma mér í gegnum flutninginn. Svo man ég varla eftir því að hafa verið á sviðinu þegar ég hef róað mig niður baksviðs.“

Glowie segir hug sinn vera mjög ofvirkur og að nauðsynlegt sé fyrir hana að breyta til mjög reglulega.

„Mér finnst mjög gott að skipta um föt svona tvísvar sinnum á dag og að breyta um hárgreiðslu þrisvar á dag. Ég breyti oft um fatastíl, annað hvort gef ég eða sel fötin mín og kaupi mér svo ný.“

Upplifði nýtt líf þegar hún fékk lyf

Glowie hefur verið á lyfjum við ADHD núna í rúma þrjá mánuði og segist hún vera að upplifa algjörlega nýtt líf.

„Allt í einu get ég setið kyrr í þrjá klukkutíma í senn og spjallað við fólk með fulla einbeitingu allan tímann. Jafnvel þótt það séu allskonar hljóð og hreyfingar í kringum mig sem vanalega hefðu truflað mig. Ég er miklu opnari, glaðlegri og með mikið betra sjálfstraust. Ég er orðin einhver glæný útgáfa af Glowie.“

Síðan Glowie var ung stúlka hefur hana alltaf dreymt um að verða söngkona og dansari.

„Ég var 11 ára þegar ég söng í fyrsta skipti fyrir framan fólk á bekkjarkvöldi í skólanum mínum. Eftir Söngkeppni framhaldsskól-

anna árið 2014 hófst svo söngferill minn sem Glowie. Ég gaf út lögin „No more“, „Party“, „One day“, og „No lie“. Það var alltaf planið að fara út fyrir landsteinana en það var bara spurning hvenær ég yrði tilbúin til þess. Þetta er ansi djúplaug að stökkva út í enda er tónlistarmarkaðurinn stór og flókinn.“

Mörg plötufyrirtæki erlendis sýndu Glowie áhuga og í mars árið 2017 skrifaði hún undir mjög stóran plötusamning við Columbia Records í Bretlandi og RCA í Bandaríkjunum.

„Mikill undirbúningur hefur verið í gangi síðan þá. Það tekur tíma fyrir fólk að kynnast og finna taktinn í því að vinna saman í svona stóru verkefni. Góðir hlutir gerast hægt,“ segir Glowie ánægð og spennan fyrir komandi tímum leynir sér ekki.

Velgengni er ekki sjálfgefin

Glowie hefur alltaf stefnt hátt í listaheiminum en fyrst og fremst vill hún fá að vinna við það sem henni þykir skemmtilegt.

„Mig langar að hanna fatnað, taka myndir og mála málverk. En þetta verður að sjálf-sögðu allt að koma í ljós. Velgengni er ekki sjálfgefin en peningar og frægð er ekki mitt markmið, ég vil bara fá að vinna við það sem mér finnst skemmtilegt að gera. Ég hef enga hugmynd um hvað ég mun vera að

gera eftir tíu ár og mig langar ekki að vita það. Mér finnst gott að lifa í núinu og leyfa lífinu að gerast.“

Glowie er að fara í myndatökur og upptökur á myndbandi við fyrsta lagið sem gefið verður út í sumar.

„Nú er loksins allt að fara í gang og þess vegna er ég að flytja til London. Það verður mikið að gera hjá mér á þessu ári og það er mikið af spennandi verkefnum framundan.“

Glowie segir að ADHD geti bæði verið versti galli einstaklinga en jafnframt besti kosturinn.

„Það fer eftir því hvernig þú horfir á sjálfan þig. Ég væri ekki söngkonan Glowie í dag ef ég væri ekki með ADHD. Ofvirknin hefur keyrt mig áfram í að elta uppi drauma mína og gefast ekki upp. Fólk á að gera það sem því þykir skemmtilegt. Ekki lifa lífinu eins og að hamingja sé einhver staður í framtíðinni sem þú munt komast á. Hamingja er hugarfar okkar, hvernig við ákveðum að líta á lífið. Eins og góð vinkona mín, Sara Dís Gunnarsdóttir segir oft: „Maður veit aldrei hvað gerist á morgun. Lífið er núna, dragðu djúpt andann og hoppaðu út í djúpu laugina. Eltu drauma þína.“ ■

Hægt er að fylgjast með ævintýrum Glowie á instagram undir notandanafninu: itsglowie

VENEDIKTSSON

ÞÚ TIPPAR EKKI EFTIR Á



FIFA WORLD CUP
RUSSIA 2018

Sudurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík**FRÉTTASKOT**
512 7070
ABENDING@DV.ISÚtgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010**Sandkorn****Pólítískur Gordíónshnútur**

Píratar hafa verið duglegir að tala um spillingu og misbeitingu valds, sérstaklega í tengslum við

Sjálfstæðisflokkinn. Það er ástæðan fyrir því að Píratar vilja ekki fara í samstarf með Sjálfstæðisflokknum eftir kosningar í Reykjavík. Það vekur óneitanlega upp þá spurningu hvort Píratar hafi sett í sig í spor þeirra sem þeir telja vera spillta. Flestir, ef ekki allir Sjálfstæðismenn, telja sig ekki vera spillta og skilja ekki hvað Píratar vilja að þeir geri. Þarna er kominn pólítískur Gordíónshnútur, verst að sverð eru bönnuð á Íslandi.

**Vilhjálmur, hvað er að fréttu þessa dagana?**

„Það er helst að fréttu að stjórn Verkalýðsfélags Akraness lýsti yfir vantrausti á forseta ASÍ á fundi sínum síðasta miðvikudag. Einnig kom fram í yfirlýsingu frá stjórn félagsins að forseti ASÍ fer ekki með umboð félagsins í viðræðum við stjórnvöld vegna aðkomu þeirra að komandi kjarasamningum. Það er mat félagsins að forseti ASÍ hafi unnið gegn hagsmunum félagsmanna VLEA og skuldsettum heimilum með því að taka ætíð stöðu með fjármálakerfinu gegn hagsmunum félagsmanna ASÍ. Það er ljóst að grasrót verkalýðshreyfingarinnar er að kalla eftir róttækari og herskárri baráttu þar sem kallað verður eftir kerfisbreytingum þar sem hagsmunir almennings verða teknir fram yfir hagsmunum fjármálaélitunnar. Tími samræmdrar láglaunastefnu undir forystu forseta ASÍ er liðinn!“

Nú þurfa þau loksins að svara

LeiðariKristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Ivetur hóf DV mikla umfjöllun um Krýsuvíkursamtökin og meðferðarheimilið sem þau reka fyrir vímuefnaneytendur. Í þeirri umfjöllun kom fram að samtökunum væri stýrt með harðri hendi af mæðginum sem hefðu nýtt sér að leika lausum hala í mörg ár.

Fluttar voru fréttir af óeðlilegum samskiptum við skjólstaðinga, kynferðisbroti, óttastjórnun, brúðli og harðneskjulegri meðferð á ungum manni sem lést eftir að hann var rekin af heimilinu og skilinn eftir á bensinstöð.

Það var ljóst að ástandið, í þessu athvarfi fyrir fólk í neyð, var mjög langt frá því sem eðlilegt getur talist. Engum gat dulist það. En aðrir fjölmiðlar létu það vera að fjalla um Krýsuvíkursamtökin og DV var því eins og hrópandi mað-

ur í eyðimörkinni.

Nú hefur það gerst að starfsfólkið hefur fengið nóg og helmingur þess sagt upp. Ekki vegna þess að DV flutti ljótar sögur af starfsemi og valdniðslu yfirmanna heldur af því að það vissi manna best að sögurnar væru dagsannar. Vitaskuld vildi starfsfólkið ekki skilja skjólstaðingana eftir í viðkvæmri stöðu en aðstæðurnar voru óbærilegar og eins og einn viðmælandi DV sagði ekki boðlegar „starfsheildursins vegna“.

Skömmu eftir uppsagnirnar bárust þær fréttir að Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefði ákveðið að rifta samningi Sjúkratrygginga Íslands við Krýsuvíkursamtökin. Fjárframlögin hafa hækkað mikið undanfarin ár vegna þrýstings frá forsvarsmönnum samtakanna, frá um 70 milljónum árið 2015 í 114 milljónir fyrir árið 2018. Landlæknir mun gera úttekt á starfsemi og það er erfitt að sjá hvernig núverandi stjórn getur staðist hana. Því lítur



allt út fyrir að heimilinu verði lokað í desember, tæpu ári eftir að DV velti steininum við.

Það er ekki yfirlýst markmið DV að láta loka meðferðarheimilinu að Krýsuvík. Við viljum ekki að fíklar séu á götunni og fái ekki þau úrræði sem þeir þurfa til að snúa við blaðinu og eiga afturkvæmt í samfélagið. Krýsuvíkursamtökinn hafa bjargað fjölda manns frá greipum heljar á þeim rúmlega þrjátíu árum sem þau hafa verið starfrækt og margir hugsa með hlýju til þessa staðar.

EN. Þetta stóra EN. Það er ekki sama hvernig hlutirnir eru gerðir, og björgun eins réttlætir ekki

niðurbrot annars. Þegar fólk, sem er á sínum lægsta punkti í lífinu, leitar á náðir stofnana eins og þessa verðum við að tryggja að rétt sé haldið á málum. Þessi saga fjallar ekki aðeins um það hvernig stjórnendurnir höguðu sér heldur hvernig eftirlitið brást og hversu nauðsynlegt það er að mál eins og þessi komi upp á yfirborðið. Ef DV hefði ekki fjallað um málið hefði lífið í Krýsuvík haldið áfram ótruflað. Ungar stúlkur lent í klóm á starfsmanna, sjúklingar þurftu að þola hranalega meðferð og stigvaxandi fjarveitingar ríkisins farið í brúðli stjórnenda. En nú þurfa þau loksins að svara til saka. ■

MEÐ OG Á MÓTI AFSTAÐA ÞÍN TIL KOMU JORDAN PETERSON?

María Lilja Prastardóttir, blaðakona og húsmóðir

Ég er hlynnt komu Jordans til Íslands eins og annarra útlendinga. Ég vil reyndar fylla Ísland ólíku fólki, sem er með mismunandi skoðanir og menningu. Jordan tilheyrir þó reyndar þeim forréttindahópi sem fær hvað mesta áheyrn í heiminum ólíkt fólkinu sem ég óska mér að opna landið fyrir, en það er efni í mjög langt samtali.

Ástæðan fyrir því að ég er með heimsókn hans er einföld. Ég tel það virkilega hollt fyrir fólk með heila að geta skilið sig frá fylgjendum hans því það er ansi afhjúpanði að fylgjast með brundfyllisgrömmum körlum fylkja liði með manni sem samsvarar sig með krabbadyrum. Við erum að tala um manneskju svo snauða af menningu og innihaldi að hún hefur aðeins liðdýravit. Ég sé þetta líka sem gott tækifæri fyrir fólk í makaleit sem þá og nú getur prisað sig sælt að vita fyrir víst hvaða menn á að forðast til frekara samneytis. Þá er ótalinn smáborgaraháttur Íslendinga sem kristallast í öllu ha-

**MEÐ**

varinu. Íslendingar eru nefnilega, upp til hópa, mjög sveitó og ginkeyptir fyrir hverskyns þrjáli. Þrjáli sem þeir telja framandi. Költleiðtogi eins og Jordan er þannig í þríma stöðu gagnvart fámennum pöpulnum sem glaður þiggur tilbreytingu útlendinga, þó ekki róttækari en frá hinum hvíta, miðaldra ríka manni, burt séð frá þeirri staðreynd að tilbreytingin er ekkert nema afturhaldssemi og kvenhatur í nýjum búningi.

You can't polish a turd.

Sindri Freysson, rithöfundur.


Hvert skipti sem ég les viðtöl eða yfirlýsingar frá Jordan B. Peterson kemur upp í hugann atriði úr kvikmyndinni Magnolia þar sem Tom Cruise, í hlutverki höfundar lífstílsbóka fyrir fústreraða karla, æpir yfir sal af æstum mönnum: „Respect the cock! And tame the cunt!“ sem áhorfendurnir síðan taka undir í kór eins og heilapveginn sértrúarsöfnuður að kyrgja. Peterson er auðvitað að selja hugmyndakerfi og á öfgatímum þar sem sérstaklega karlar á ákveðnum aldri finnast þeir hornreka í þjóðfélaginu í vaxandi

**Á MÓTI**

þúsund og hvítir menn hafi ekki búið við ótrúleg forréttindi telst tæplega marktækur. Hann er tákmynd þráhyggju um afturhvarf til fhaldsamra gilda – tíma sem enginn á að sakna því að það voru ómurlegir tímar. En Peterson er hættulegur, verandi greindur og vel máli farinn og klókur í að klæða úreltar og öfgafullar hægriskoðanir í fræðilegan búning. Það er vitaskuld sjálfsagt að virða málfrelsi hans, en þegar fræðibúningurinn er skafinn af kenningunum sést skýrt að þarna fer ekki skínandi hugsuður heldur forpokaður fylupoki í ómurlegri krossferð.

Spurning vikunnar

Hvað ætlar þú að kjósa á laugardaginn?



„Ég kys Pírata.“

Vignir Árnason frá Reykjavík




„Ég er ekki búin að ákveða það.“

Valva Árnadóttir frá Reykjavík



„Ég ætla að kjósa xD listann.“

Sigurður Fannar Guðmundsson frá Gardabæ



„Ég kys Sjálfstæðisflokkinn.“

Dóra Gunnarsdóttir frá Austurlandi



Traust og góð þjónusta í 15 ár



Pangbakki 109 – Rvk

Góð þriggja herbergja íbúð á sjöundu hæð í góðu fjölbýli. Íbúðin er töluvert upprunaleg, vel skipulögð, snyrtileg og með góðu útsýni. Öll þjónusta í göngufæri. V-37,5 millj.



Stuðlasei - Rvk

Einstaka íbúðareign við Stuðlasei. 2ja herbergja og með sér inngangi. Íbúðin er fallega nýuppgerð og afar sérstök að því leiti að hún er einkonar hliðarhús við aðalhúsið. Eigninni fylgir stór og fallegur sameiginlegur garður. Góð staðsetning á fallegum og rólegum stað innanlega í botnlanga. Stutt er í alla þjónustu. V - 36,9 millj.



Frostafold 112 - Rvk

Vel staðsetta fjögurra herbergja íbúð á sjöundu hæð við Frostafold, Reykjavík. Íbúðin er töluvert upprunaleg, vel skipulögð, snyrtileg og með góðu útsýni. stofa, eldhús, þvottarými, 3 herbergi, baðherbergi og geymsla. Lyfta er í húsinu og bílageymsla. V- 45,9 millj.



Leifsgata – 101 Rvk

Björt og skemmtileg þriggja herbergja íbúð með aukinni lofthæð á 2. hæð, sérgeymsla í kjallara, alls 80,4 m², á besta stað miðsvæðis í Reykjavík. Eignin er töluvert endurnýjuð að utan. V-38,9 millj.



Háaleitisbraut – 108 Rvk

Björt og rúmgóð 80,2 m² íbúð á jarðhæð með sérinngangi og bílskúsrétti á Háaleitisbraut. Stofa, eldhús, baðherbergi og tvö barnaherbergi, annað lítið. Stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla. V- 38,9



Ofanleiti 103 – Rvk

Vel staðsett fjögurra herb. endaíbúð á fjórðu og efstu hæð með góðu útsýni. Íbúðin skiptist í stofu, eldhús, þvottarými, 3 herb, baðherb., geymslu og bílskúr. V- 53,9 millj




Uglugata 2 – 4 Nýbygging í Helgafellslandi Mosfellsbæ

SÉRINNGANGUR – STÓRAR SÉRGEYMSLUR - LÍTIL SAMEIGN – VIÐHALDSLÍTID HÚS

Uglugata 2 - 4 er tveggja hæða fjölbýlishús ásamt geymslukjallara. Eignin skiptist í tvo opna stigaganga með fjórum íbúðum í hvorum stigagangi samtals átta íbúðir. Í stað sameiginlegs rýmis fyrir hjól og vagna eru stórar sérgeymslur. Á lóð eru stæði fyrir 16 bíla. Gert er ráð fyrir að hægt sé að koma fyrir hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla við bílastæðin. Íbúðirnar eru vel skipulagðar 3ja – 4ra herbergja.

Verð frá 49,5 – 59,9 milljónir

Ef þið eruð í Spánarhugleiðingum þá höfum við gott úrval af eignum á Orihuela svæðinu, bæði nýbyggingin og endursölu eignir. Góðir golfvellir og fallegar strendur.



Villamartin

Nýtiskulegar lúxus íbúðir í Villamartin. 2-3 svefnherb. og 2 baðherbergi með gólfhita. Allar íbúðirnar eru með yfirbyggðri (eða að hluta til) stórri 18-33m² verönd og íbúðirnar á efstu hæð eru einnig með 43m² þakverönd. Eldhústæki og loftkæling innifalinn. Bílastæði í kjallara og lyfta, geymsla er valkostur. Á svæðinu eru fallegar sameiginlegar sundlaugar og garðar, upphitun sundlaug, spa, gufubað, líkamsrækt og leiksvæði fyrir börnin. Íbúðar stærð 66-82m². Frábær staðsetning, innan við 5 mínútna akstursfjarlægð frá Villamartin golfvöllinum, verslunarmiðstöðinni Zenia Boulevard og fallegu ströndum Costa Blanca. Verð frá €150.000 + 10% vsk, stimpil og kostnaður hjá Notary.



Torre Vieja

Þessar fallegu íbúðir eru í fjölbýlishúsi sem samanstendur af aðeins 8 íbúðum, í húsinu er lyfta. Hin fallega La Mata strönd er aðeins 50 metrum frá og allt sem þú þarft er nálægt. 2-3 svefnherb., 2 baðherbergi með hita í gólfum, efsta hæðin er á 2 hæðum. Íbúðirnar eru með 1-2 svalir og þakverönd fyrir 2 íbúðir. Uppsetning fyrir loftkælingu og eldhústæki innifalinn. Loftljós, vídeó dyrasími, íbúðirnar eru byggðar með nýjustu tækni og nýttu frágangi, með sólarpanela til að hita vatnið. Íbúðar stærð frá 91-145,5m². Verð frá €185.000 + 10% vsk, stimpil og kostnaður hjá Notary.

Eva Dís Þórðardóttir starfaði sem vændis-kona árið 2004 á þremur vændishúsum í Kaupmannahöfn. Þáverandi kærasti hennar kynnti hana fyrir þessum heimi sem hún segir hvaða stelpu sem er geta leiðst út í, eðlilega, enda eru allar konur systur, mæður, frænkur og dætur einhvers. En hvað varð til þess að Eva Dís ákvað að greina opinberlega frá því að hún hefði verið í þessu starfi sem margir fordæma og hvernig vann hún sig svo út úr erfiðleikum og áföllunum sem óneitanlega hljóta að fylgja?

Margrét H. Gústavsdóttir
margret@dv.is



Ég hittu Evu Dís þar sem hún býr ásamt sætum chihuahua hundi í snoturri kjallarábúð í Vesturbænum. Heimilið er skipulagt og snyrtilegt og ber öll merki þess að þar búi kona sem hugsar vel um sjálfa sig, bæði sál og líkama. Líklegast er engin vanþörf þar á því líf þessarar brosmildu og skarpgreindu konu hefur verið ótrúlega átakasamt til þessa.

Hvað kom eiginlega til að þú ákvaðst að segja frá því á borgarráðsfundi að þú hafir verið í vændi? Hvernig þorðirðu þessu?

„Þetta var reyndar ekki í fyrsta sinn sem ég opnaði mig um reynslu mína af vændi því það gerði ég í fjóröflunaráttaki fyrir Stígamót haustið 2016. En þarna á borgarráðsfundinum má eiginlega segja að það hafi gerst óvart. Ég sat þarna á fundi og fannst umræðan stefna í ranga átt,“ segir Eva Dís.

„Borgin lagði á ráðin um að koma af stað árveknisáttaki gegn mansali og vændi og við vorum þarna á fundi þar sem sérfræðingar og borgarfulltrúar töluðu. Umræðan barst eins og svo oft áður að erlendum vændiskonum og ég óttaðist að hún stefndi bara í sama gamla farið. Okkur finnst sú tilhugsun, að konur sem við gætum þekkt neyðist til að selja sig, mjög óþægileg og því er þægilegra að hugsa sér að vændiskonur á Íslandi séu útlenskar. Það er bara því miður ekki rétt. Tölurnar eru skakkar því íslenskar konur sem neyðast til að selja sig gera það ekki endilega að staðaldrí og skilgreina sig ekki alltaf sem vændiskonur þó þær geri þetta stundum í neyð. En þarna sat ég sem sagt og hugsaði að enn værum við að forðast veruleikann. Ég virti líka fyrir mér fina fólkið í borgarráði sem sat í þessum fallega sal og hugsaði til konunnar sem þrífur þennan sal og launatölunnar hennar. Hvort að hún neyðist til að selja sig til að keppast við að gera börnin sín samkeppnishæf í íslensku samfélagi, svo að þau geti átt sömu hluti og börn fina fólksins í borgarráði? Allt í einu var ég svo bara komin upp í pontu og það var af teimur ástæðum. Önnur er sú að ég vil ekki sjá neinn neyðast út í vændi en ef fólk gerir það þá vil ég að viðkomandi fái þá aðstoð sem hann eða hún þarf til að komast yfir afleiðingarnar sem þessu fylgja. Hin var einfaldlega sú að ég



Eva Dís vann sem vændiskonur

vil leggja mitt lóð á vogarskálarnar til að skapa meðvitaðra samfélag.“

„Okkur finnst sú tilhugsun, að konur sem við gætum þekkt neyðist til að selja sig, mjög óþægileg og því er þægilegra að hugsa sér að vændiskonur á Íslandi séu útlenskar.“

Hvernig skilgreinir þú vændi? Hvað er það í þínum huga?

„Sjálfskaði og ofbeldi. Sjálfskaði af hálfu vændiskonunnar, eða manneskjunnar sem er að selja sig, og ofbeldi af hálfu kaupandans. Ef ég hugsa um það þá er vændiskaupandinn líka í sjálfskaða. Það hlýtur að vera einhver konar rof hjá einstaklingi sem borgar annarri manneskju fyrir að stunda það sem hann telur vera kynlíf án þess að skuldbinda sig tilfinningalega. Að vilja aftengja sig manneskju og jafnvel aftengjast sjálfum sér og stunda svo þessa athöfn finnst mér bara eitthvað skakkt. Það hlýtur að vera eitthvað í einstaklingnum sem hann vill ekki horfast í augu við. Hann ætti mögulega að eyða peningnum í sálfræðimeðferð en

ekki borga annarri manneskju fyrir að niðast á henni. Og mér er allveg sama hvort viðkomandi telur sig bara vera að stunda eitthvað venjulegt. Það er ekkert eðlilegt við að riðlast á annarri manneskju fyrir peninga. Jafnvel þó sú manneskja telji sig vera samþykka.“

Meinarðu þá að sá eða sú sem kaupir vændi skaði sig með því að gera þetta og það sama gildi um fólk sem er í vændi?

„Já allir tapa. Samfélagið líka. Nú er ég ekki mjög virk á samfélagsmiðlum. Áfallastreitan og afleiðingarnar af því ofbeldi sem ég hef orðið fyrir hafa gert það að verkum að ég er ekki svo áfjád í að blanda mér í umræður á kommentakerfum. En þegar ég skoða þetta þá sé ég að umræðan er oft á svo miklum villigötum. Um daginn rak ég t.d. augun í umræður um sænsku leiðina en þar vildi einhver meina að áhrifamáttur hennar væri takmarkaður vegna þess að það má ekki nafngreina vændiskaupendur. Og þar sem þeir fái lokuð réttarhöld

Við vorum engin vandræðafjölskylda en bæjarbúar litu hins vegar á okkur sem aðkomufólk þó að bæði ég og systir mín séum fæddar þarna.

hafi lögin ekki fælingarmátt. Svo voru þarna einhver komment sem líktu þeirri ákvörðun að selja líkama sinn við að selja fíkniefni. Þarna er verið að líkja saman eplum og álframleiðslu að mínu mati. Þetta sýnir bara hversu mikil fáfræðin um vændi og skaða þess er.“

Þú minntist líka á að það væri óvinnandi vegur að ætla sér ein í það verkefni að stuðla að viðhorfsbreytingu til vændis. Svipað og að ætla sér ein síns liðs að breyta viðhorfum til fíkniefnaneyslu. Ég finn fyrir þínu litlu rumski hvað

viðhorfin til þeirra mála varðar. Sífelld fleiri virðast líta á fíknihæðun sem sjálfskaða og heilsufarsvanda og þannig sama hvaða vímuefni er ofnotað; vín, viský, kannabis, kókaín o.s.frv...

„Já. Eða matur, peningaeyðsla og hvaðeina? Eftir að ég byrjaði að mynda mér sjálfstæðar skoðanir fæ ég stundum sjokk yfir því hvað margir virðast halda fast í skoðanir sem eru myndaðar í fordómum og ótta. Það má segja að það sé samt bara nýlega skeð því hér áður fyrr var ég svo meðvirk að ég sveiflaðist eins og vindhani eftir vindáttinni og var bara sammála síðasta ræðumanninum og síðari árin hef ég aðallega einbeitt mér að bata mínum og líðan. Samfélagsmiðlar, kommentakerfin og skoðanirnar í þjóðfélaginu eru þannig eitthvað sem ég er bara nýlega byrjuð að kynna mér.“

Útskýfuð úr samfélaginu á Húsavík

Flettum aðeins til baka í bókinni og byrjum á fyrsta kafla. Eva Dís

„Fannst það bara góð hugmynd að losna úr baslinu, láta sjá fyrir mér og það eina sem ég þyrfti að gera væri að leyfa einhverjum að rass-skella mig og ríða mér,

í miklum sársauka og við meiddum hvort annað. Við vorum saman sirka frá 2009 til 2011 og þá gerist það sem sagt að pabbi tekur líf sitt og líf mitt fór að snúast í rétta átt ef svo má að orði komast.“

Hvernig var sú atburðarás?

„Það er kannski ekki auðvelt að rekja það hvernig þetta byrjar en sirka 2005 keypti hann Stálsmiðjuna í félagi við tíu aðra. Svo fer hann auðvitað að drekka aftur. Þeir hringja í hann einn morguninn og boða hann í viðtal. Segja að þeir vilji ekki að hann mæti áfram nema hann fari fyrst í áfengismeðferð. Hann fór heim eftir þetta viðtal og skaut sig. Konan hans var líka búin að segja við hann að ef hann klúðraði vinnunni þá myndi hún yfirgefa hann og taka allt sem hann átti. Svo kom hún að honum inni í bílskúr þar sem hann var búinn að fyrirfara sér.“

„Ég var líka hrikalega reið manneskja á þessum tíma“

Eva bærust fréttirnar með þeim hætti að móðir hennar hringdi í hana og var mikið niðri fyrir. Sagði að þær yrðu að hittast því hún þyrfti að segja henni svolítið. Þarna var Eva stödd heima hjá sambýlismanninum sem hún var þá nýlega hætt með en var ennþá að hitta af og til.

„Mamma segist vilja keyra uppá Kjalarnes til bróður míns og hitta mig þar. Ég hélt að þetta snerist um ömmu sem var búin að vera veik og ég man að ég hugsaði: „Nú er kannski amma að deyja“. Ég fáttaði ekki af hverju ég gæti ekki bara keyrt beint upp á spítala, af hverju það mætti ekki segja neitt í símann. Það fauk í mig. Ég var líka hrikalega

reið manneskja á þessum tíma. Það þurfti mjög lítið til að gera mig reiða á þessum árum. Ég var stödd uppi í Mosó og sagðist geta hitt hana á bílastæðinu við N1 á leiðinni upp á Kjalarnes: „Fyrst þú endilega vilt!“

„Það var blæja yfir þar sem höfuðið á honum hafði verið“

Á bílastæðinu fær Eva þær fréttir að faðir hennar sé látinn.

„Ég meðtók þetta ekki. Varð ógeðslega reið og skildi ekkert hvaða helvítis kjaftæði þetta væri. Seinna sagði systir mín mér að augnaráð mitt hefði dugað til að drepa hana. Næstu viðbrögð mín voru að hringja í strákinn sem ég var þarna að hætta með og segja honum að pabbi minn sé dáinn. Hann bauðst til að keyra mig upp á Kjalarnes og þangað fórum við. Næstu dagar voru bara í móðu. Ég var svo reið út í konuna hans og ég varð líka hrikalega reið út í prestinn sem jarðaði hann, því sá vildi ekkert við mig tala. Þetta var allt hræðilegt. Í fyrsta lagi tók langan tíma fyrir okkur að fá líkið þar sem það voru einhver veikindi hjá starfsfólki spítalans, svo fengum við viðvörðun þegar við komum að honum í kistunni. Það var blæja þar sem höfuðið hafði verið.“

Hótaði að hætta samskiptum ef hún ætlaði áfram að vera reið

„Eins sárt og það var að missa pabba þá gerðist eitthvað svakalegt í kjölfarið og allt hófst það með yfirþyrmandi reiði. Ég einfaldlega brjáláðist út í tilveruna og konuna hans pabba. Mér fannst hún eiga sök á svo mörgu og ég óð bara yfir allt og alla í mínum sársauka. Svo kom að því að systir mín setti mér stólinn fyrir dyrnar og sagðist ekki geta verið í samskiptum við mig ef ég ætlaði að halda áfram að vera svona reið“, segir Eva og bætir við að systir hennar sé dýrmætasta manneskjan í hennar lífi.

„Ég myndi gera allt fyrir hana svo við þetta fór ég að skoða hegðun mína, fortíðina, framkomu, tilfinningar og allt sem þessu fylgir. Mamma útvegaði mér samtalsmeðferð hjá presti og með því hófst mín sjálfsvinna.“



Lenti í bílslysi nokkrum mínútum eftir nauðgun

Þegar Eva er nýlega byrjuð í samtalsmeðferð hjá prestinum vísar lækni henni til meðferðaraðila sem átti að hjálpa henni með sýkingu sem hún fékk í tannholdið. Þar varð hún fyrir nauðgun en þetta var í byrjun desember 2011.

„Þegar ég kom út frá honum settist ég undir stýri og ók af stað í algjöru sjokki. Örfáum mínútum seinna lenti ég svo í hrikalegu bílslysi. Við það slitnuðu liðbönd á hægri ökkla og ég hlaut mikil meiðsli á hrygg, hálsi og öxlum. Þegar ég lít um öxl finnst mér eins og mér hafi verið kippt út úr lífinu til að ég gæti valið aðra braut en þá sem ég var komin á. Þarna missti ég vinnuna og neyddist til að fara í endurhæfingu á sál og líkama.“

„Fannst ég vera að deyja“

Fyrstu skrefin hjá Evu voru að

skoða meðvirkni í samskiptum og því næst fékk hún endurhæfingartyrk frá Virk og fór í mjög reglubundna meðferð hjá sálfræðingi.

„Í janúar 2013 skrái ég mig svo í Ráðgjafarskóla Íslands en það var of mikið fyrir mig. Smátt og smátt byrjar mér að líða mjög illa, svo illa að mér fannst ég hreinlega vera að deyja. Eftir tvær innlagnir, rannsóknir og ferðir á göngudeild Landspítalans finna lækarnir svo æxli í kvíðnum á mér. Sennilega var ég byrjuð að þróa krabbamein í brisi sem varð svo fyrir hnjaski í bílslysinu, sprakk út í kvíðinn og byrjaði að vaxa inn í líffærin í kring.“

Lífið tók 90 gráðu viðsnúning

Í apríl 2013 leggst Eva á skurðarborðið. Lækarnir fjarlægðu meðal annars miltað úr henni ásamt hluta af brisi, maga, ristli, þind og þörmum.

„Ég fór inn og út af Landspítalanum fram í júlí það ár með sýkingar sem þurfti að dreyna út og var gríðarlega veik. Samt má segja að bílslysið hafi bjargað mér frá því að þurfa að takast á við krabbameinið því lækarnir náðu að skera allt í burtu og ég þurfti ekki á krabbameinsmeðferð að halda.“

Samkvæmt ráðleggingum lækni þurfti Eva að taka sér hlé frá endurhæfingaráttum með Virk meðan hún var að jafna sig eftir aðgerðina.

Ég var samt alveg viðþolslaus að komast í að gera eitthvað og tók því feginsamlega þegar vinir mínir buðu mér með sér á samskiptanámsskeið í Borgarfirði. Við það tók líf mitt 90 gráðu viðsnúning og síðan hefur öll mín tilvera snúist til betri vegar.

Lærði að bera ábyrgð á sjálfri sér

Námskeiðið sem um ræðir kallast Umhyggjurík samskipti eða Non Violent Communication og var upphaflega þróað af geðlækninum og sálfræðingnum Marshall Rosenberg;

„Hann hugsaði mikið um af hverju við bregðumst við eins og við gerum. Af hverju sumir bregðast við mótlæti af æðruleysi og samkennd á meðan aðrir reidast og beita ofbeldi. Samskipti snúast í raun mikið um tilfinningalæsi og viðurkenningu og þarna lærði ég bæði að skilja sjálfa mig og annað fólk alveg upp á nýtt. Ég verð þessum vinum mínum sem buðu mér

með sér þarna upp í Borgarfjörð ævinlega þakklát því þarna lærði ég að bera ábyrgð á sjálfri mér og leyfa öðrum að bera ábyrgð á sér. Ég skildi einnig að enginn getur gefið mér það sem ég get ekki gefið mér sjálf og að ég má hafa þarfir, og uppfylla þær, og biðja aðra um að vera með mér í að gera lífið dásamlegt ef þeir vilja.“

Umhyggjurík samskipti þau áhrifamestu

Nú eru liðin fimm ár frá því Eva Dís kynntist þessari leið sem meðal annars hefur verið notuð af Sameinuðu þjóðunum, hjá trúnaðarmönnum í fyrirtækjum á borð við Mercedes Benz og IBM, af kennurum og þjálfurum víða um heim og fangelsismálayfirvöldum í Bandaríkjunum svo fátt eitt sé nefnt.

Eva segir að af öllum þeim sjálfsbjargarleiðum sem hún hafi kynnt sér í þeirri viðleitni að ná sér af áföllum og afleiðingum ofbeldis og vændis séu Umhyggjurík samskiptin þau allra áhrifamestu.

„Fyrir tveimur árum kom upp sú staða hjá mér að hluti magaveggjarins gaf sig eftir stóra skurðinni og ég tók mér hlé frá því að mennta mig frekar í Umhyggjuríkum samskiptum til að fara í aðgerð. Að henni lokinni fór ég svo í Stígamót til að reyna að greiða betur úr sálarlífinu og afleiðingum af kynferðisofbeldi og vændi sérstaklega. Þar bauðst mér að taka þátt í hópavinnu sem gerði kraftaverk fyrir mig. Frá áramótum hef ég svo sjálf starfað sem leiðbeinandi hjá Stígamótum og fyrir skemmstu gafst mér nýtt tækifæri til að kenna Umhyggjurík samskipti hjá Bjarkarhlíð, sem er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis og er styrkt af Velferðarráðuneytinu.“

Að lokum biður þessi hugrakka kona um að fá að koma því á framfæri að eftir kosningar verði ný námskeið í Umhyggjuríkum samskiptum auglýst á Facebook síðu með sama nafni.

„Ég veit að ég á dökka fortíð að baki en það er mikilvægt fyrir mig að ég fái sjálf rými til að skilgreina hana. Mér finnst erfiðleikarnir og allt það sem ég hef gengið í gegn um hafa gert mig að bæði sterkri og viðsýnni manneskju. Mig langar að nota allt það sem hefur komið fyrir mig, bæði sjálfri mér og öðrum til góðs,“ segir Eva Dís að lokum. ■

Lækjarbrekka



Alltaf sígild
alltaf ljúf

Bankastræti 2
101 RVK
s. 551 4430



flokkur
FÓLKSINS



Ásgerður Jóna Flosadóttir

Kolbrún Baldursdóttir

Karl Berndsen

**FÓLKID
FYRST**



Metsölulisti Eymundsson

Víkuna 14.-21. maí

- 1 261 dagur – Kristborg Bóel
- 2 Kapítóla – Emma DEN Southworth
- 3 Dagar höfnunar – Elena Ferrante
- 4 Marrið í stiganum – Eva Björg Ægisdóttir
- 5 Þú og ég og allt hitt – Catherine Isaac
- 6 Í nafni sannleikans – Vivica Sten
- 7 Týnda systirin – B A Paris
- 8 Uppruni – Dan Brown
- 9 Bókmennta- og kartöflubókufélagið
- 10 Samfeðra – Steinunn G. Helgadóttir



Vinsælast á Spotify

Víkuna 14.-22. maí

- 1 This is America – Childish Gambino
- 2 Better Now – Post Malone
- 3 One Kiss – Calvin Harris
- 4 Nice for What – Drake
- 5 No Tears Left to Cry – Ariana Grande
- 6 God's Plan – Drake
- 7 Psycho – Post Malone
- 8 Friends – Marshmello
- 9 X – Nicky Jam
- 10 The Middle – Zed



Vinsælast í bíó

Helgina 18.-20. maí

- 1 Deadpool 2
- 2 Avengers: Infinity War
- 3 I Feel Pretty
- 4 Viti í Vestmannaeyjum
- 5 Overboard
- 6 Vargur
- 7 Peter Rabbit
- 8 Önd önd gæs
- 9 Bókmennta- og kartöflubókufélagið
- 10 The Big Race



Vel fléttuð ráðgáta

Bækur

Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is



Marrið í stiganum

★★★★☆

Höfundur: Eva Björg Ægisdóttir
Útgefandi: Veröld

384 bls.



Marrið í stiganum er fyrsta bók Evu Bjargar Ægisdóttur, 29 ára þriggja barna móður frá Akranesi. Hér er um að ræða spennusögu sem vann fyrstu verðlaun í nýrri spennusagnakeppni sem ber heitið Svartfluglinn og höfundarnir Ragnar Jónasson og Yrsa Sigurðardóttir standa fyrir í samvinnu við bókafélagið Veröld.

Söguviðið er Akranes en um leið lýsir sagan mörgum neikvæðum hliðum smábæjarbrags sem hugsanlega gætu átt við um hvaða smábæjarsamfélag sem er. Klíkuskapur, þagnarhyggja, slúður og einelti eru meðal skuggahlíðanna.

Ennfremur mætti segja að sagan sé eins og skrifuð inn í þá deiglu afhjúpana kynferðisbrota sem kraumað hefur undanfarin misseri. Ólýsanlegir glæpir gegn börnum eru hér draugar fortíðarinnar og tengjast morðinu sem ráðgátan í sögunni snýst um.

Hér er fagmannlega að verki

staðið. Sögufléttan er fremur flókin en haganlega gerð og verkið einkennist meðal annars af trúverðugri sálrænni innsýn, t.d. í lýsingum á afleiðingum ofbeldis.

Marrið í stiganum er vönduð saga en þrátt fyrir að hún lýsi viðurstyggeilegum glæpum er hún ekki alltaf áhrifamikil og eitthvað veldur því að kynferðisglæpimur í bókinni hreyfa ekki mikið við manni, kannski af því stefin eru of kunnugleg úr bæði fjölmiðlaumræðu og öðrum skáldsögum, ekki síst spennusögum. Eftirminnilegri eru sjúkdómseinkennin á smábæjarsamfélaginu, baktalið og hvernig fólk situr uppi með þá stöðu og það álit sem litla samfélagið skaffaði því snemma og það getur ekki brotist undan.

Stíllinn er einfaldur og hnökralítill. Hversdagslýsingar eiga til að vera klisjukennar en þess á milli flæðir textinn vel og sagan lifnar við. Persónur eru trúverðugar en ekki sérlega eftirminnilegar. Andi sögunnar er gegnsýrður þjáningu.

Afgerandi kostir sögunnar eru góð uppbygging og vel fléttuð ráðgáta með endalokum sem koma á óvart. Í heildina vel samin saga og miðað við byrjendaverk er bókinn vel heppnuð.

Fullkomin nóvella

Bækur

Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is



Stormfluglar

★★★★★

Höfundur: Einar Kárason
Útgefandi: Forlagið

124 bls.

Fyrr á tímum jafngilti sjómennska Íslendinga hermennsku á stríðstímum því mannfalið var svo ógurlegt. Þessi fullyrðing er sett fram í sögu Einars Kárasonar, Stormfluglar, og hann endurtók hana í nýlegu sjónvarpsviðtali. Fullyrðingin hittir beint í mark eins og svo margt í þessari bók – já raunar allt.

Nýfundnalandsvæðrið er nafngift á óveðri sem brast á árið 1959 úti á sjó fyrir utan Nýfundnaland. Þangað flúðu mörg íslensk fiskiskip landhelgisdeiluna við Breta eftir útfærslu íslensku lögsögunnar í 12 mílur og sóttu á gjöful karfamið. Mannfall varð meðal áhafna íslenskra togara í þessu óveðri en gífurleg ísing var á sjónum og hlóðst utan á skipin. Skipverjar börðust fyrir lífi sínu með því að berja ís utan af skipunum til að varna því að þau sykkju vegna þungans.

Skáldsaga Einars Kárasonar, Stormfluglar, byggir á þessum atburðum en höfundur tekur sér það skáldaleyfi sem hann þarf til að móta listaverk úr þessum efnivið. Einar hefur valið form nóvellunnar, stuttrar skáldsögu eða langrar smásögu, til að gera þessu efni skil. Sagan er ein samfelld frásögn, gerist nánast öll um borð á einum síðutogara, fyrir utan stutt og meitluð endurlit af öðrum sviðum í huga sögupersóna. Þeir einstaklingar úr 32 manna áhöfn skipsins sem varpað er ljósi á og gerðir eru að eiginlegum persónum í sögunni eru



faír en verða lesandanum afar eftirminnilegir, þó líklega enginn eins eftirminnilegur og unglingurinn Lárus sem af og til tekur þriðju persónu frásögn sögunnar yfir í fyrstu persónu frásögn sögunnar. Lárus þráði að verða sjómaður – núna lendir hann í þessum hremmingum.

Það er oftast markmið knöppu frásagnarformanna, smásögu og nóvellu, að segja sem mest í sem fæstum orðum. Sjaldan hefur það tekist eins glæsilega og í þessu verki. Fyrir það fyrsta skrásetur sagan eftirminnilegan kafla úr þjóðarsögunni sem þarf að varðveitast. Í annan stað inniheldur sagan þrýðilega aðgengilega og grípandi fræðslu um sjósókn og skipakost fyrri tíðar. Í þriðja lagi miðlar verkið sterkum, sammannlegum tilfinningum á meitlaðan og gífurlega áhrifamikinn hátt. Hún sýnir hvernig mannskepnan getur sýnt sínar fegurstu hliðar í ómannlegu andstreymi þar sem lífsspursmál er að standa saman og fórnar sér í þágu heildarinnar. Hún lýsir karlmannsku gamla skólans í allra besta skilningi orðsins.

Verkið er þrauthugsað og skrif-

að á afar fallegu og ríkulegu máli. Um leið er textinn krefjandi. Það eru langar lýsingar á íshröngli og barningi við að berja ís af skipi. Þannig er lesandinn dreginn inn á sviðið vegna þess að hlutskipti manna um borð er að berja ís dag og nótt í örvæntingarfyllri baráttu við dauðann. Setningarnar eru langar og það er líka fyllilega í samræmi við heim sögunnar, því tilveran við þessar aðstæður er langdregin og reynir á þrautseigju meira en nokkuð annað. Seiðmagn sögunnar leiðir lesandann yfir þessar hindranir textans.

Höfundur þessarar bókaumsagnar er ekki ungur maður og eftir því sem árin líða les hann bækur frekar með höfðinu en hjartanu. Æskufólk tekur oft flugið með uppáhaldsbókunum sínum en miðaldra og aldraðir lesendur njóta verkanna fremur með vitsmununum. Það er enginn löstur á bók þó að hún hitti ekki þennan lesanda í hjartastað. En einstaka sinnum gerist það. Stormfluglar er þannig bók. Hún gerði þennan lesanda í senn meyrar og afar glaðan. Hann langaði til að hrópa að hún væri meistaraverk. Tíminn mun leiða í ljós hvort sú niðurstaða er rétt. Í millitíðinni mega lesendur þessarar greinar líta á hana sem húrhráhróp.


– GOTT FRÁ –



Veitingastaðir

25. maí 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgþór Sverrisson / agustb@dv.is



SJÓMANNASTOFAN VÖR:

Hollur heimilismatur sem veitir kraft fyrir vinnudaginn

Jón Guðmundsson vert á Sjómannastofunni Vör í Grindavík hefur rekið Vör með glæsibrag síðan árið 2009. Það ár tók hann við á ný eftir 20 ára hlé. Jón vann einnig sem kokkur á ýmsum skipum í gegnum tíðina og er því öllum hnútum kunnugur þegar kemur að því að elda hollan heimilismat sem gefur kraft í dagsins önn.

„Ég var hér áður frá 1981-1990,“ segir Jón, en sjómannafélagið sem á húsnæðið óskaði eftir því í bæði skiptin að Jón tæki við rekstrinum á Vör. Fyrirtækið er fjölskyldurekið og stendur Jón þar sjálfur vaktina, ásamt konu sinni og fleirum.

Boðið er upp á ekta íslenskan heimilismat í hádeginu, hlaðborð með bæði kjöti og fiski.

„Það opnar kl. 8 um leið og ég mæti og er opið til kl. 14,“ segir Jón, sem segir matseðilinn ekki ákveðinn fyrirfram. „Sumir hringja og spyrja



hvað er í matinn, en yfirleitt mætir fólk bara og borðar, bæði ferðamenn, Grindvíkingar og verktakahópar, sem eru að vinna bæði hér innanbæjar og í kringum Grindavík. Hér sitja allt að hundrað manns í hverju hádegi.“

Jón keyrir einnig matarbakka til verktakahópa sem eru að vinna á Reykjanesinu ef óskað er eftir því.

Nafnið Vör tengist sjónum og á veggjum veitingasalarins eru myndir af bátum og sjómönnum og fleiru



sem minnir á sjóinn, enda Grindavík einn af fengsælustu og aflahæstu útgerðarbæjum landsins.

Jón biður alla hjartanlega velkomna á Sjómannastofuna Vör og það er vel þess virði fyrir þá sem ekki búa eða starfa í Grindavík að gera sér ferð í hollan heimilismat á Vör.

Sjómannastofan Vör er að Hafnargötu 9 í Grindavík, síminn er 426 8570.



FJÖRUHÚSIÐ:

Fiskisúpa Sigríðar laðar gesti að

I fjörukambinum við Hellnar á Snæfellsnesi má finna Fjörúhúsið, heimilislegt og vinalegt kaffihús, sem laðar til sín gesti sem vilja njóta veitinga í náttúrufegurð Snæfellsnes. Sérstaða kaffihússins felst í nálægðinni við náttúruna, en það hvílir alveg við fjöruna, sést ekki frá þjóðvegnum og þar er ekki spilið tónlist til að gestir geti hlustað á náttúruna.

„Þetta var svona einhver hugdetta,“ segir Sigríður aðspurð um af hverju hún opnaði kaffihúsið á sínum tíma. Hún hafði enga reynslu af kaffihúsarekstri, en vel hefur gengið og gestastraumur góður frá opnunartíma um páskana ár hvert þar til lokað er fyrir veturinn í október, nóvember, eftir því hvenær fólk hættir að koma að sögn Sigríðar.

Húsið sem kaffihúsið er í var reist í kringum 1930 og notað sem veiðarfærageymsla, þar til árið 1997 þegar Sigríði og eiginmanni hennar, Kristjáni Gunnlaugssyni, datt í hug að sniðugt væri að opna kaffihús í þessari gömlu veiðarfærageymslu. Fjörúhúsið fagnar því 21 árs afmæli nú í ár.


Á boðstólum er meðal annars



aðall hússins, fiskisúpan, sem Sigríður matreiðir af snilld, auk þess sem léttir réttir, kökur og vöflur eru í boði.

Opið er alla jafna frá kl. 11 á morgnana til kl. 21 á kvöldin, en opnunartíminn er ekki niðurnegldur.

Fjörúhúsið er að Hellnum, Snæfellsbæ, síminn er 435-6844 og netfangið er fjoruhusid@isl.is.





NÜ ASIAN FUSION:

Ferskur og hollur matur undir asískum áhrifum

Þann 13. febrúar síðastliðinn opnaði Nü Asian fusion á Garðatorgi og þar er boðið upp á ljúffenga og holla rétti matreiðda undir japönskum og asískum áhrifum. „Það var Stefán Magnússon veitingamaður sem kom með þá hugmynd að opna þennan stað og mér leist vel á þetta frá byrjun. Hann hefur mikla reynslu, sem er mikilvægt,” segir Hlynur Bæringsson, einn eigenda staðarins. Þegar staðsetning var valin varð Garðatorgið ofan á, „enda er það að lifna við, hér er góð stemning og fullt af flottum fyrirtækjum hér í kring“.

Viðskiptavinir geta valið um að borða á staðnum eða taka matinn með heim, en staðsetning staðarins í alfaraleið gerir það að verkum að „take away“ er mjög vinsælt.

Á matseðlinum eru salöt, súpur, kjúklingaréttir, þorskur, hnetusteik, lax og avocado ostakaka svo fátt eitt sé nefnt.

„Við bjóðum einnig upp á fyrirtækjapjónustu sem er mjög vinsæl,” segir Hlynur. Hún er í boði bæði í hádeginu og á kvöldin, hvort sem er í áskrift eða í einstaka skipti og er keyrt fritt til fyrirtækja.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað

á Garðatorgi og er torgið nú orðið að hjarta Garðabæjar. „Verið er að leggja lokahönd á útisvæði sem mun tilheyra Nü og þegar það verður tilbúið verður einnig hægt að sitja úti í mat og drykk og njóta sumarsins, sem mun koma þrátt fyrir spár um annað,” segir Hlynur.

Nü Asian fusion er á Garðatorgi 6, Garðabæ. Síminn er 561-8085, netfangið pantanir@asianfusion.is og heimasíðan nu210.is

Nü Asian fusion er á Facebook og Instagram.



T - BONE:

Kolagrillaðar steikur í aðalhlutverki

T-Bone steikhús er metnaðarfullur veitingastaður við Ráðhústorgið í hjarta Akureyrar. Þar eru allar steikur grillaðar á kolagrilli sem gefur einstakt bragð. Á matseðlinum eru margar tegundir af steikum í boði; mismunandi vöðvar og þyngd. Reynt er að hafa eitt-hvað fyrir alla – þótt steikurnar séu í aðalhlutverki. Sem dæmi um steikur má nefna nautalundir, bæði 200 gramma og 300 gramma, rib-eye

350 gramma, lambalundir og BBQ grísarif, að ógleymdri 800 gramma Porterhouse-steikinni sem er frábær!

Vinsælasta steikin er klárlega t-bone steikin (400 g) en það er lund og fillet á beini. Þetta er flott og bragðmikil steik sem best er að steikja medium rare. Meðlætið er hefðbundið, til dæmis bökuð kartafla með kryddsmjöri, grillaður maisstöngull, hvítlauksristaðir sveppir og fleira göðgæti.


Mælum með „Uppáhaldi grillarans“ T-Bone steikhús býður upp á hádegis- og kvöldmatseðil. Hádegisseðillinn er aðeins léttari og á kvöldin er seðillinn fjölbreyttari og þá er hægt að velja svokallað „Uppáhald grillarans“ sem matreiðslumenn staðarins hafa sett saman. Einnig geta viðskiptavinirnir valið steik, meðlæti og sósu að eigin ósk.

T-Bone steikhús leggur áherslu á að veita persónulega þjónustu, vera

með gott verð og besta mögulega hráefni í þægilegu og flottu umhverfi. Verið velkomin á T-Bone steikhús, hlökkum til að sjá ykkur!

T-Bone steikhús

Brekkugötu 3, 600 Akureyri
Sími 469-4020
Heimasíða: tbone.is
Facebook: tbonesteikhús.



BRÚIN GRINDAVÍK:

Ljúffengur matur og stórkostlegt útsýni

Brúin er veitingastaður í Grindavík þar sem saman fer ljúffengur matur, heimilislegt andrúmsloft og stórfenglegt útsýni yfir höfnina í Grindavík.

„Ég byggði Brúna árið 2012,“ segir Ólafur Arnberg Þórðarson, eigandi Hótel Grindavíkur ehf. sem rekur Brúna, ásamt eiginkonu sinni, Ingu Sigríði Gunnadórsdóttir. Áttu þau neðri hæðina og byggðu veitingastaðinn ofan á. Á neðri hæðinni er núna verið að innrétta hótélherbergi. „Þetta er flottasta lóðin hér í 101 Grindavík, en byrjað verður á að opna fimm herbergi.“

„Lengi býr að fyrstu gerð, ég var messagutti á Gullfossi undir handleiðslu Ólafs Laufdals og ef maður getur bara lært 5% af því sem hann kann þá er maður góður,“ segir Ólafur Arnberg aðspurður um af hverju hann ákvað að opna veitingastað. Brúin var opnuð á Sjómannadaginn árið 2013 og fagnar fimm ára afmæli fyrsta sunnudaginn núna í júní.

Fiskur er í fyrirrúmi á matseðlinum en á honum eru um 20 réttir og meirihlutinn fiskréttir, en fiskurinn kemur að sjálfsögðu frá Grindavík. „Við erum með þorsk, rauðsprettu, silung og lax, fiskborgara og fiskibollar,“ segir Ólafur Arnberg. Fyrir þá sem kjósa ekki fiskinn er lambakjöt, kótilettur, snitsel, steikarsamlukur, hamborgarar, vegansnitsel og grænmetisbuff í boði.

Einnig er boðið upp á heimabakaðar kökur, kaffi og fritt net. Tveir sjónvarpsskjáir eru á staðnum og því hægt að horfa á boltann og aðra viðburði.

Hægt er að halda einkasamkvæmi á Brúnni, fermingar, brúðkaup og aðrar veislur. Ólafur Arnberg og hans fólk sjá þá um veitingar, undirbúning og vinnu í veislunni.

Brúin er að Hafnargötu 26 í Grindavík, síminn er 426-7080 og netfangið er bruin@simnet.is.
Opíð er alla daga frá kl. 12-20.
Heimasíðan er: restaurantbruin.com.



Girnilegur humar með frönskum, salati og hvítlauksbrauði.



NESBÆR:

Notalegt kaffihús í náttúrufegurð Norðfjarðar

Nesbær kaffihús í Neskaupstað var stofnað 1. maí 1998 og átti því tvitugsafmæli fyrr í mánuðinum. Eigandi frá upphafi er Sigríður Þ. Vilhjálmsdóttir.

Nesbær er í stóru og fallegu húsi í hjarta miðbæjarins og áherslan er lögð á notalegt og heimilislegt andrúmsloft, þar sem léttir réttir og kökur eru á matseðlinum. „Þetta er svolítið eins og þú sért að koma í heimsókn til mín,“ segir Sigríður.

„Við erum með dæmigerðan kaffihúsamatseðil: léttu rétti, súpu dagsins, crepes, fisk, samloku hússins og pizzur. Léttir rétti sem henta fyrir alla og eru á viðráðanlegu verði. Við reynum að verða við öllum óskum viðskiptavina okkar. Heimabakaðar kökur eru einnig á boðstólum og alltaf er boðið upp á köku mánaðarins, sem dæmi er kaka maimánaðar súkkulaðikaka.“

Fritt net er í boði fyrir viðskiptavini. Nesbær býður ekki bara upp á

mat því þar er einnig hægt að kaupa blóm, gjafavöru, lopa og íslenskar lopapeysur sem eru þrjónaðar á staðnum.

„Í Neskaupstað og á Norðfirði er frábært náttúrusvæði, fallegar gönguleiðir og gaman að koma hingað og njóta náttúrunnar. Framundan eru tvær hátíðir þar sem íbúafjöldinn margfaldast: Eistnaflugur 11. – 14. júlí og Neistaflugur um verslunarmannahelgina.“

Það er því tilvalið að kíkja við í Nesbæ á leið um Austurland, njóta heimilislegs andrúmslofts og ljúfra veitinga.

Nesbær er á Egilsbraut 5, Neskaupstað, síminn er 477-1115, netfangið er nesbaer@simnet.is.

Nesbær er á Facebook.



SKYRGERÐIN HVERAGERÐI:

Kolagrillaður eðalmatur í sögulegu og hlýlegu umhverfi

Vorið 2017 opnaði Elfa Dögg Þórðardóttir Skyrgerðina í Hveragerði, en hún á einnig Frost og funa hótél og Veitingahúsið Varmá.

Skyrgerðin er að Breiðumörk 25 og var húsið reist sem þinghús héraðsins sem og skyrgerð og á sér langa og mikla sögu sem tengist bænum og bæjarbúum sterkum böndum.

„Tilfnið var að húsið var til sölu, en það er eitt af þremur fyrstu húsum í Hveragerði og fyrsta verksmiðjuskyrgerðin á landinu, stofnuð árið 1930,“ segir Elfa aðspurð um upphaf Skyrgerðarinnar, „þá ákvað ég að kaupa og endurvekja gömlu skyrgerðina og vera með gamaldags skyr og endurvekja gamlar hefðir og matargerð.“

Aðalsmerkið kolagrillaður kótiletur

Hjá Skyrgerðinni er allur maturinn kolagrillaður, en matseðillinn er fjölbreyttur og ættu allir að finna mat við sitt hæfi. Kolagrillaðar kótiletur eru aðalsmerkið, en einnig eru fiskur, veg-ansteik, kjöt, humar og hamborgarar í boði.

„Kótiletturnar eru langskornar fyrir okkur og með þeim fylgir bökuð kartafli, hvítlaukssmjör, bernaisessa og salat.“

„Við einblinum á að hafa hagstætt verð og meirihluti viðskiptavina okkar eru Íslendingar, bæði heimamenn og fólk sem er á ferðinni,“ segir Elfa. Einnig er smurbrauð og kökur á matseðlinum, líkt og boðið var upp á í Eden áður fyrr.

Hrært gamaldags skyr vinsælt

„Skyrið er hægt að kaupa í smjörpappír eins og gert var í gamla daga,“ segir Elfa. „Við notum það einnig í sósur og skyrtertur. Hrært gamaldags skyr er vinsælt, sérstaklega hjá útlendingunum og bláberjaskyrtertana er vinsælust.“

Hjá Skyrgerðinni eru sæti fyrir 150 manns, 50 á veitingastaðnum sjálfum og veitingasalurinn tekur 110 manns í sæti. Salinn má leigja fyrir hópa, hvort sem er ferðamenn, starfsmannahópa, veislur eða ættarmót.

Skyrsýning einstaklega vinsæl

Vinsælt er hjá ferðamönnum að koma á skyrsýningu. „Við létum gera sjö mínútna kvikmynd þar sem farið er yfir sögu skyrgerðar á Íslandi og sögu hússins og hvernig það var

byggt. Myndin er á íslensku og ensku og verið að texta hana á fleiri tungumálum vegna eftirspurnar.“

Fólk fær að smakka gamaldags skyr, hrært skyr og skyr mojito. Það fær að fara inn í skyrgerðina, sal sem hefur verið innréttaður eins og gamalt þorp, með gömlum skyrgerðar-tækjum frá Byggðasafni Árnesinga.“

Á efri hæð hússins er gisting í boði, en þar eru 12 herbergi.

Skyrgerðin er að Breiðamörk 25, Hveragerði, síminn er **481-1010**, netfangið er info@skyrgerdin.is

Heimasíða: skyrgerdin.is og Facebooksíða: [skyrgerdin](https://www.facebook.com/skyrgerdin).

Opnunartími er frá klukkan kl. 11.30 – 22 sunnudaga til fimmtudaga og frá kl. 11.30 – 23 föstudaga og laugardaga.



HÓTEL GLYMUR:

Einstök perla í fallegu umhverfi Hvalfjarðar

Steinsnar frá Reykjavík er Hótel Glymur í fallegu umhverfi með frábæru útsýni yfir Hvalfjörðinn. Þar er boðið upp á dekurpakka, sem inniheldur gistingu, kvöldverð og morgunmat, en veitingastaðurinn er einnig opin öllum allan ársins hring.

„Við keyptum hótelið í september í fyrra,“ segir Hjalti Þór Sverrisson, einn eigenda Hótel Glyms í Hvalfirði, en þar hefur verið rekið hótél síðan árið 2000. „Við erum með 25 herbergi og sex glæsivillum, sem allar eru með heitum potti,“ segir Hjalti Þór.

Þorp með glæsivillum

Glæsivillurnar eru sex glæsileg heilsárshús, sérhönnuð í tveimur stærðum og innréttað á afar vandadan hátt með stórfenglegu útsýni yfir Hvalfjörðinn. Húsin eru öll mjög vel búin, með ýmist einu eða tveimur svefnherbergjum. Gengið er inn í baðherbergin úr svefnherbergjum og þaðan út í heitu pottana sem eru á rúmgóðri suðurverönd með útihúsgögnum. Hægt er að kaupa alla þjónustu af hótelinu svo sem morgunverð, kvöldverð, barþjónustu og halda þar stærri veislu.

Dekurpakkar eru vinsælastir á veitingastaðnum

Veitingastaðurinn á Hótel Glymi býður upp á bæði hádegis- og kvöldmatseðill, sá á kvöldin er öllu veglegri, en hvort




sem komið er í hádegi eða að kvöldi til má finna þar mat við allra hæfi.

Vinsælast er að taka þríréttað og er boðið upp á þrjá pakka: Rökkur og rómantik, Dekur og dýrd og Krydd og kossar. Pakkanum fylgir þriggja rétta kvöldverður, gisting í eina nótt og morgunverðarhlaðborð.

Umhverfi Hótel Glyms býður upp á frábærar gönguleiðir, meðal annars niður í Saurbæ, Brynjudal og fleiri staði, en nóg er af fallegu umhverfi og náttúru. „Það er vinsælt að kíkja

á safnið hjá Gauja litla,“ segir Hjalti Þór, en þar er að sjálfsögðu átt við Hernámssetrið þar sem Guðjón Sigmondsson (Gauja litli) ræður ríkjum.

Vinsælt er hjá hjólreiðafólki að hjóla Hvalfjörðinn og stoppa í hádegismat á Hótel Glymi, starfsmannahópar hafa komið í vinnuferðir, ráðstefnur og stefnumótunarfundi, einnig hentar vel að halda þar veislu eins og fermingar, árs hátíðir, afmæli, ættarmót og fleira, enda tekur salurinn um 70 manns í sæti.



Opið er allt árið um kring. Hótel Glymur, síminn er 430-3100, netfangið er info@hotelglymur.is. Heimasíða: hotelglymur.is og Hótel Glymur er einnig á Facebook.

KRYDD ER NÝR VEITINGASTAÐUR Í HJARTA HAFNARFJARÐAR:



„Þetta er staðurinn sem okkur dreymdi alltaf um“

Veitingastaðurinn Krydd var opnaður í lok apríl, í hjarta Hafnarfjarðar, nánar tiltekið í menningarmiðstöðinni Hafnarborg. Þar með rættist gamall draumur sex innfæddra Hafnfirðinga, þriggja para, sem eru þau Hilmar Þór Harðarson og Hulda Heiðrún Óladóttir, Signý Eiríksdóttir og Jón Tryggvason, Geirþrúður Guttormsdóttir og Hafsteinn Hafsteinsson.

„Þetta er staðurinn sem okkur dreymdi alltaf um og þá á ég við að okkur langaði að það væri til svona veitingastaður í Hafnarfirði sem við gætum sótt,“ segir Hilmar Þór Harðarson sem gegnir stöðu framkvæmdastjóra og yfirkokks á Kryddi. En hvernig staður er þá Krydd?

Karakterinn lýsir sér meðal annars í rýminu og innréttingunum sem taka mið af heimi hafnarinnar og sjósóknar.

„Í upphafi vorum við fyrst og fremst spennit fyrir plássinu, lofthæðin er mikil og það eru stórir flottir gluggar. Við sáum þarna líka möguleika á að nýta bryggjutimbur sem er ráðandi þema á barnum og ganginum,“ segir Hilmar en hönnuðir staðarins eru þau Geirþrúður Guttormsdóttir, Jón Tryggvason og Signý Eiríksdóttir.

Í matargerðinni er lögð áhersla á léttan og skemmtilegan stíl og breiðan matseðil þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. „Við erum með allt frá litlum brauðréttum upp í hamborgara og þaðan upp í stórsteikur. Síðan erum við að sjálfsögðu með fjölbreytta sjávarrétti, humarbrauð, sjávarréttapasta, léttasaltaðan þorskhakka og bleikju, svo eitt-hvað sé nefnt,“ segir Hilmar, en auk þessa má nefna vegan-rétti. Veglegt Bröns-hlaðborð á laugardögum og sunnudögum frá kl. 11 til 15 er



stór þáttur í starfsemi staðarins og mælist afar vel fyrir.

Óhætt er að segja að verðlagi sé stillt í hóf á Kryddi, sérstaklega miðað við gæðastig matreiðslunnar og hráefnisins. Verð á drykkjum er síðan sérstaklega eftirtektarvert. „Við erum með mjög lágt verð á bjór og allir kokteilar eru á 1.500 krónur sem er um 1.000 kr. lægra en gangverð. Svo er Happy hour alla daga vikunnar frá kl. 16 til 18 og þá kosta tveir bjórar 1.000 krónur samtals.“

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni <http://www.kryddveitingahus.is/>. Þar er líka hægt að ganga frá pöntun á borði. Hilmar mælir með þeirri leið en hún er þó ekkert skilyrði. „Við visum engum frá og ef það er ekki laust borð er fint að bíða hérna á huggulegu sófasvæðinu og fá sér fordrykk á meðan beðið er.“

Hafnfirðingar og fjölmargir aðrir eiga góðar stundir í vændum á Krydd veitingahúsi.



FISH HOUSE:

„Borðu fisk, lifðu lengi og elskaðu af krafti“

Á Fish House í Grindavík er ljóst að fiskurinn og nálægðin við höfnina ræður ríkjum. Fiskur er í fyrirrúmi á matseðlinum, þó að þar sé fjölbreytt úrval annarra rétta. Innréttingar, þar á meðal fiskitunnur undir barborðinu, vísa til sjómennskunnar.

Hjónin Kári Guðmundsson og Alma Guðmundsdóttir opnuðu Fish House fyrir tveimur árum síðan um sjómannahelgina, en það hafði lengi verið draumur þeirra að opna eigin stað.

Matseðillinn er fjölbreyttur, en mismunandi seðlar eru í boði í hádeginu og á kvöldin. „Við erum nýbyrjuð með sérstakan hádegismatseðil,“ segir Kári og meðal rétta þar eru fiskisúpa, kjötsúpa, fiskur dagsins, fiskibollur, heilgrilluð bleikja, svínasnitset og hamborgarar.

Þegar umsagnir á Tripadvisor eru skoðaðar má sjá að Fish House er margrömað fyrir fish and chips réttinn. „Þar höfum við náð að koma okkur á kortið, það er mest seldi rétturinn og mest talað um hann,“ segir Kári.

Humar, kótilettur, nautasteik, salöt og eftirréttir; allir ættu að finna mat við sitt hæfi, hvort sem borðað er í hádegis eða um kvöld.

Þriggja daga afmælishelgi

Fish House opnaði sjómannahelgina árið 2016 og fagnar því tveggja ára afmæli í ár, fyrstu helgina í júní þegar Grindvíkingar halda sína árlegu bæjarhátíð, Sjóaranum síkáta.

„Við lögðum áherslu á að byggja staðinn upp sem matsölustað fyrst og fremst. Síðar fórum við að bjóða upp á tónlistarviðburði og um Sjómannahelgina munum við bjóða upp á þrjá viðburði til að fagna afmælinu,“ segir Kári.

Á fimmtudeginum kemur Sóli Hólm og verður með uppistand, á föstudegnum verður Opið svið þar sem



gestum gefst kostur á að stiga á svið og koma fram og á laugardegnum kemur Bjartmar Guðlaugsson,

en Fish house býður gestum endurgjaldslaut á seinni tvo viðburðina.

Ný og glæsileg heimasíða

Á heimasíðunni fishhouse.is má sjá allar upplýsingar um staðinn og matseðilinn sem boðið er upp á, fróðleiksmola um Grindavík og upplýsingar um náttúruperlurnar á Reykjanesi, sem er bara rétt fyrir utan Grindavík. Skemmtilegt er að skoða myndbönd á heimasíðunni af Brimkatli og Hópsnesi.

Það er tilvalið að gera sér ferð til Grindavíkur, skoða náttúrufegurðina sem Reykjanesið býður upp á, borða síðan á Fish House og njóta skemmtilegra viðburða.

Fish House bar og grill er að Hafnargötu 6 í Grindavík, síminn er 426-9999 og netfangið er info@fishhouse.is. Heimasíða: fishhouse.is




Dagskráin
hjá okkur í Fish House
á Sjóaranum síkáta

Sóli Hólm
Fimmtudagskvöldið
31. maí kl 21:30

Hjómssveitin 3/4
OPIÐ SVIÐ föstudagskvöldið
1. júní kl 22:00

Bjartmar
Laugardegskvöldið
2. júní kl 22:30

Sérstakur matseðill í tilefni
af Sjóaranum síkáta
þessa helgi


Fish House
Bar & Grill
www.fishhouse.is · Hafnargata 6 · Sími 426-999

Viðhald og framkvæmdir

25. maí 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sverrisson / agustb@dv.is



VERKSÝN EHF:

Viðhald og endurbætur í öruggum höndum

Verksýn ehf. er tækniþjónusta með sérhæfingu á sviði viðhalds og endurbóta á mannvirkjum, innandyrá sem utan. Hjá fyrirtækinu starfa sérfræðingar sem hafa yfirgripsmikla reynslu á þessu sviði. Verksýn sinnir einnig fjölbreyttum verkefnum sem snúa að eftirliti og annarri ráðgjöf með nýframkvæmdum. Um er að ræða almenna framkvæmdaráðgjöf, álitsgerðir, byggingastjórnun og hönnun mannvirkja.

Frá stofnun fyrirtækisins árið 2006 hefur starfsmönnum fjölgað jafnt og þétt og í dag eru tólf starfsmenn hjá Verksýn.

Viðskiptavinir fyrirtækisins eru m.a. einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir, fasteignafélög og húsfélög. Markmið Verksýnar er að mæta þörfum viðskiptavina sinna á besta mögulega hátt með nýtingu þeirrar þekkingar og þess mannaúts sem fyrirtækið býr yfir.

Hjá Verksýn starfa sérfræðingar með áratuga reynslu af störfum við mannvirkjagerð og viðhald og endurbætur mannvirkja.

Verksýn starfar eftir gæðakerfi sem vottað er af Mannvirkjastofnun.

Viðhald og endurbætur á ytra byrði Tækniskólans hafa staðið yfir síðustu árin.

Endurbæturnar hafa verið unnar í

áföngum og meðal annars hefur þakið verið endurnýjað í heild sinni.

Fagþekking

Starfsmenn Verksýnar hafa viðtæka reynslu af ráðgjöf um viðhald fasteigna. Þeir búa yfir mikilli fagþekkingu á iðngreinum, sem er ein af helstu undirstöðum vandaðrar og faglegrar ráðgjafar.

Verksýn hefur á að skipa fjölda byggingafræðinga og iðnmeistarar. Sérstök hæfni þeirra í greiningu á byggingaskemmdum og þekking á byggingatækni tryggir gæði í skipulagningu, útfærslu, rekstri og viðhaldi fasteigna.

Ástandsskoðun Verksýnar

Ástandsskýrsla er það tæki sem fasteignaeigendur og forsvarsmenn húsfélaga hafa til að leggja mat á viðhaldsþörf á hverjum tíma. Ástandsskýrslan gefur glögga mynd af viðhaldsþörf næstu árin og er áreiðanlegur grundvöllur ákvarðanatöku.

Árleg viðhaldsþörf fasteigna

Út frá reynslutölum er áætlað að 1-2% af verðmæti fasteigna þurfi til að mæta eðlilegu viðhaldi þeirra á hverju ári. Með því að gripa tímanlega inn í óhjákvæmilegt „hrönnunarferli“ er hægt að minnka framkvæmdakostnað verulega.

Útboð

Útboðsgögn eru lykildöggn eigenda þegar kemur að framkvæmdum. Verksýn býður út tugi framkvæmda á hverju ári. Með útboðsgögnum er tryggt að verktakar bjóði í verkið á sama grundvelli og eigendur eigi auðvelt með að meta tilboðin.

Reyndur umsjónaraðili

Þegar ráðist er í viðhaldsframkvæmdir er nauðsynlegt að hafa reyndan umsjónar- og eftirlitsaðila með verkinu. Sem eftirlitsaðili tryggir Verksýn að verktaki sinni þeim skyldum sem á hann eru lagðar samkvæmt ákvæðum útboðsgagna:

- Yfirferð teikninga, rýning og samræming.
- Farið er yfir að ábyrgir meistarar séu skráðir á viðeigandi verklíði.
- Yfirferð trygginga verktaka.
- Gerð verksamninga.
- Yfirferð verksins með verktaka og ábyrgum meisturum í byrjun þess.
- Yfirferð tæknilegra upplýsinga um þau efni sem verktaki hyggst nota við verkið.
- Yfirferð verkáætlunar verktaka, samræming hennar og samþykkt.
- Yfirferð fyrirbyggjandi verkþátta með verktaka og úrlausn óvissuatriða.

- Eftirlit með að framgangur framkvæmda sé samkvæmt áætlun.
- Yfirferð og samþykkt dagsskýrslna.
- Eftirlit með vinnubrögðum og umgengni á vinnustað allt að fimm sinnum í viku.
- Eftirlit með að verklýsingum og útboðsgögnum sé fylgt.
- Stjórn reglulegra verkfunda með verktaka og fulltrúa (fulltrúum) verkkaupa.
- Ritun fundargerða á verkfundum og frágangur og fjölföldun þeirra eftir fundi. Sent með tölvupósti ef óskað er.
- Yfirferð reikninga frá verktaka og samanburður við samþykktar magntölur ásamt því að sannreyna umfang.
- Umsjón með hlutaúttektum og lokaúttekt. Ritun úttektaryfirlýsinga.
- Önnur dagleg umsýsla og umsjón með framkvæmdum, sem fulltrúi verkkaupa.

Kostnaður við umsjón og eftirlit skilar sér til eigenda í hagkvæmni og meiri gæðum framkvæmda.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.verksyn.is

Verksýn ehf.
Síðumúla 1, 108 Reykjavík
517-6300 – verksyn@verksyn.is



Minna viðhald, meiri frítími

Fyrtækið PGV Framtíðarform ehf. framleiðir einangrandi, viðhaldsleitla og orkusparandi glugga og hurðir úr mjög vönduðu efni. Fjárfesting í góðum gluggum og hurðum margborgar sig til lengri tíma lítið.

Fyrtækið var stofnað árið 2010 en að baki þess standa fagmenn með áralanga reynslu. „Við framleiðum PCV-u glugga og hurðir úr smíðaeefni frá belgíska framleiðandanum Deceuninck. Um er að ræða 70 mm uPVC marghólfa prófil með galvanseruðum stálkjarna en allir eru þeir glerjaðir að innan með 28 millimetra háeinangrandi gleri frá Íslandi í Kópavogi,“ segir Gísli Jóhann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og húsasmíðameistari.

Gísli segir ekkert gluggaeefni jafnast á við uPVC hvað varðar endingu. „Það er auk þess gífurlega einangrandi og leiðir ekki kulda. Um leið er það orkusparandi og er hægt að lækka orkukostnaðinn umtalsvert með því að velja glugga frá okkur. Til dæmis velja yfir 80 prósent Þjóðverja og Englendinga PVC glugga og er vakningin hafin hér á landi enda er þetta frábært gluggaeefni fyrir íslenskar aðstæður þar sem allra veðra er von.“

Að sögn Gísla hefur prófillinn verið í þróun og framleiðslu hjá Deceuninck frá árinu 1960 og því fyllilega sannað gildi sitt. „Það er hundrað prósent endurvinnanlegt. Það þarf ekki að fella eitt einasta tré til að framleiða PVC-u og engin þörf er á eiturefnum, lakki eða máliningu til að viðhalda PVC-gluggum áratugum saman.“

Íslensk framleiðsla

Framleiðslan fer fram í verksmíðju fyrirtækisins að Seljabót 7 í Grindavík auk þess sem söluskrifstofan er staðsett í Skipholti 35 í Reykjavík. „Við sérsmíðum alla glugga og hurðir eftir óskum viðskiptavina og þar sem framleiðslan fer fram á Íslandi er afhendingartíminn skemmri en almennt þekkist. Við leggjum mikið upp úr gæðunum og viljum vera vissir um að fólk þurfi ekki að standa í kostnaðarsómu viðhaldi eins og gerist stundum þegar óvandaðar og ódýrar eftirlitlingar verða fyrir valinu,“ segir Gísli.



Gluggarnir frá PGV Framtíðarformi stóðust slagveðurspróf Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands án athugasemda að sögn Gísla. „Við erum stoltir af árangrinum enda með hæstu einkunn. Það er mikil fjárfesting í gluggum og mikilvægt að vita hvað maður er með í höndunum. Við bendum fólki á að það er ekki alltaf fullnægjandi trygging á gæðum þó gluggar hafi staðist próf erlendis þar sem veðurskilyrði eru allt önnur hér heima. Það er okkur mikil ánægja að geta boðið upp á glugga og hurðir sem standast erfið veðurskilyrði okkar.“

Öryggi í fyrirrúmi

Allir glerlistar frá PGV Framtíðarformi eru að innanverðu sem er mikið öryggisatriði segir Gísli. „Þá er ekki hægt að fjarlægja gler úr glugga utan frá til að brjótast inn en nefna má að t.d. í Bretlandi, Þýskalandi og Belgíu er ekki hægt að fá innbrotstryggingu ef glerlistar eru á utanverðu. Tel ég að það sé einungis tímaspursmál hvenær tryggingafélög hér á landi taki það einnig upp. Hurðirnar okkar eru í svipuðum gæðaflokki þegar kemur að öryggi en þær koma með 5-7 punkta læsingu frá Yale og gluggar eru með 4-8 punkta læsingu.“



Litaúrval

PGV Framtíðarform býður upp á viðarútlit í sjö litum og fimm tvílitum en þá er hægt að hafa lit að utanverðu og hvítt að innan.

Svalalokanir og sólstofur

PGV Framtíðarform sérsmíðar einnig svalalokanir og sólstofur og eru útlitsmöguleikar óteljandi að sögn Gísla. „Þetta eru lokanir sem eru 100% vind- og vatnspéttar. Vinsælasta þakefnið er polycarbonite sem er 35mm marghólfa plastefni en einnig er hægt að fá öryggisgler.“

Byggingarefni

Að auki býður PGV Framtíðarform uppá PVC þakrennur og niðurföll,



sólpallaefni sem aldrei þarf að bera á, þakantsefni í mörgum stærðum og gerðum ásamt miklu úrvali lita.

Samskeyti brædd saman

Það sem aðgreinir framleiðslu PGV Framtíðarforms sérstaklega frá öðrum er að öll samskeyti eru brædd saman, líka millipóstar að sögn Gísla. „Með þessu móti er engin hættu á leka eða taumum milli samskeyta. Slagveðursprófið sýnir ótvírætt kosti bræddra samskeyta en algengt er að millipóstar PVC glugga séu skrúfaðir í. Þegar húsið er komið með glugga sem krefjast minna viðhalds eykst frítíminn sem hægt væri að nota í eitt-hvert áhugamálið eins og til dæmis golf. Og með meiri tími fyrir golfið verður þú betri í golfinu og þú getur þakka það skynsamlegri ákvörðun þinni í gluggakaupum.“

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.pgv.is eða með því að kíkja í kaffi í Skipholti 35 og fá kynningu.



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
FYRIR ÍSLENSKA VEÐRÁTTU



VASKIR DRENGIR:

Það er dýrt að bíða of lengi með viðhald

Fyrirtækið var stofnað árið 2014 en ég hef unnið við þetta miklu lengur. Verkefnum fór að fjölga mikið upp úr 2012 þegar við fórum að vinna meira í nýbyggingum og má segja það sé um 70–80% af heildarverkefnum. Við tökum við verkinu þegar búið er að setja glugga og hita í húsið. Við spörtlum, slípum, grunnum – og fullmálum húsið,” segir Björgvin P. Hallgrímsson málameistari, eigandi málningarfyrirtækisins Vaskir drengir ehf.

Eins og kemur fram í máli Björgvins vinna Vaskir drengir mikið í nýbyggingarverkefnum sem undirverktakar hjá stórum byggingarfyrirtækjum. En með vorinu fer viðhaldsverkefnum fjölgandi og þá er unnið meira úti:

„Við erum að klára núna hús í Urriðaholtinu í Garðabænum og verðum meira og minna í útiverkefnum fram á haust en þá byrjum við líklega aftur í nýbyggingunum,” segir Björgvin sem býst við að mála mörg einbýlishús og fjölbýlishús í sumar.

„Við erum mikið í viðhaldsverkefnum fyrir húsfélög, til dæmis viðhald innanhúss og endurmálun,” segir Björgvin og bætir við að utanhússviðhald sé afar mikilvægt: „Það er mjög mikilvægt til að vernda og viðhalda þannig verðgildi þeirra. Ef rigningarvatn fær að seytna inn í sprungur og frjósa þá smátt og smátt stækka sprungurnar og múrinn/steinsteypan skemmist. Viður upplitast og fúnar að lokum ef vatn og sólarljós kemst óhindrað inn. Þakklæðning eins og bárujárn

ryðgar komist vatnið óhindrað að yfirborði járnsins. Þess vegna er hægt að fullyrða að það geti verið dýrt að bíða of lengi með viðhald og þá er jafn mikilvægt að nota réttar aðferðir og efni svo viðhaldið standist álagið.”

Starfsemin hefur farið vaxandi og í augnablikinu eru fimm starfsmenn hjá Vöskum drengjum en Björgvin er eini málameistari fyrirtækisins og hefur vakandi auga og umsjón með öllum verkefnum. Starfsfólki fjölgar hins vegar alltaf á sumrin og eru því ársverk hjá fyrirtækinu á milli fimm og tíu.

Að sögn Björgvins þarf töluvert af tækjabúnaði til að halda úti fagmannlegri málningarþjónustu: „Við erum til dæmis með málningardælar, spartlívélar, slípivélar, ryksugur, tröppur, stiga, palla og hin ýmsu smáverkfæri.”

Aðspurður segir Björgvin að það sé gefandi að taka þátt í stórum nýbyggingarverkefnum og leggja lokahönd á húsnæðið:

„Það breytist mikið útlitið á húsnæðinu eftir að við höfum farið um það höndum. Segja má að við tökum við húsnæðinu eftir að það er rúmlega fokhelt og setjum loka-svipinn á það.”

Ljóst er að Vaskir drengir eru traustur og álitlegur aðili hvað varðar málningarvinnu í nýbyggingum og útimálun húsa á sumrin. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér betur þjónustuna geta hringt í Björgvin P. Hallgrímsson í síma 844-9188.





BENEDIKT SVEINSSON BYGGINGARSTJÓRI ER ÓMYRKUR Í MÁLI:

Byggingahraði er of mikill og fúsk viðgengst – lagabreyting nauðsynleg

Ég vil vekja fólk til vitundar um fúsk í byggingariðnaði og að fólk vari sig á fúskurum, vanefndarmönnum sem tröllriða stéttinni, því miður. Leiðin til að átta sig á því hvort viðkomandi byggingaraðila sé treystandi er að fólk fái kennitölu hans, fletti henni upp á vefsvæði Mannvirkjastofnunar og athugi hvort hann er með gæðakerfi eða ekki. Ef aðilinn er með gæðakerfi vill hann örugglega passa upp á sitt og vanda til verka. Ef hann er ekki með gæðakerfi getur hann gert hvað sem er við bygginguna, oft með skelfilegum afleiðingum en án þess að það sé rekjanlegt og hafi eftirmála,” segir Benedikt Sveinsson byggingarstjóri.

Heimsmet í myglu

Benedikt, sem er byggingameistari að mennt, rekur fyrirtækið Mánabyggð og tekur að sér byggingastjórnun og verkstýringu á byggingum í samstarfi við arkitekta, verkfræðinga, brunahönnuði og fleiri fagaðila. Benedikt hefur ekki áhuga á að auglýsa starfsemi sína hér sérstaklega þar sem hann hefur meira en nóg að gera, heldur vill hann nota þetta tækifæri til að koma á framfæri alvarlegum skilaboðum varðandi byggingariðnaðinn í landinu. Telur hann að mikil óheillapróun hafi orðið í nýbyggingum það sem af er þessari öld þar sem byggingahraði sé of mikill og víða viðgangist fúsk með ófyrirsjáanlegum og oft skelfilegum afleiðingum:

„Við erum að setja heimsmet í myglu og hún á sér aðallega stað í nýbyggingum. Mestu lekamálin í dag eru í nýbyggingum en ekki í eldra húsnæði. Lekamál koma helst upp í eldra húsnæði þar sem einhverjir hafa verið að breyta húsnæði en ekki gert það á réttan hátt,” segir Benedikt, en hann telur að þöggun hafi verið í gangi um fúsk í byggingariðnaði og nú sé orðið brýnt að afhjúpa raunveruleikann í þessum efnunum og gripa til aðgerða:



„Það er þöggun vegna þess að svo margir hafa hagsmuna að gæta. En þrátt fyrir það er umræðan í kringum mig orðin hávær og ég er búinn að skrifa Mannvirkjastofnun erindi og benda þeim á að þeir hafi upplýsingaskyldu og ættu að vara almenning við því að ráða aðila til verks sem ekki hafa tilskilin réttindi og þekkingu.”

Fjársvelti kemur í veg fyrir fullnægjandi eftirlit

Benedikt hefur stýrt endurbótum og viðgerðum hjá nokkrum húsfélögum undanfarið þar sem vanefndir hafa verið og vitlaust staðið að verki svo valdið hefur miklum skaða.

„Ég vil taka það fram að Mannvirkjastofnun sinnir góðu hlutverki. Hún var sett á laggirnar árið 2010 til að mæta þessu rugli sem var orðið í byggingariðnaði. Byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi eru finar stofnanir og ég þekki þar margt gott fólk. Það sem er hins vegar að í stjórnsýslunni

er mannekla og fjárskortur. Þetta er það sama og er að gerast í heilbrigðisferfinu, það er verið að svelta þessar stéttir og það hefur afleiðingar fyrir samfélagið.”

„Það eru vissulega líka til góðir verktakar í byggingariðnaði og þeir átta sig á að það þýðir ekki að loka steypu af með öðrum byggingaræfnum áður en hún hefur þornað. Það er verið að loka steiptum byggingarhlutum allt of hratt með öðrum efnunum, t.d. parketi, timburþakvirki og klæðningum, og einangra löngu áður en það er hægt, en efnin verða að fá andrúm til að taka sig. Þetta er það sem er að. Gamalt húsnæði hér á landi andar miklu betur og loftar miklu betur en nokkurn tíma nýtt húsnæði. Forsenda í byggingu, sama hve mikið og hvernig byggingarefni er notað, er að það lofti um efninu. Þetta er óheillapróun sem hófst upp úr aldamótum þegar fjármálakerfið varð allt frjálst. Allt snýst

þetta um bankavexti, þeir stýra öllum framkvæmdum, takmarka og setja skráfunu á allt saman.”

Lagabreytingar þurfa að eiga sér stað

Benedikt er ómyrkur í máli en það vakir ekki fyrir honum að koma höggi á einstaka aðila heldur vekja samfélagið til vitundar um að við erum á rangri leið í byggingaþróun: „Mér er mikið í mun að samfélagið þrífist á heilbrigðan hátt og fólki líði vel í húsunum sínum en þurfi ekki að byrja á viðhaldi um leið og það flytur inn í nýlegt eða nýtt húsnæði. Þetta er skelfilegt! Í flestum tilfellum er fólk að leggja aleigu sína í húsnæði.”

Benedikt vill sjá lagabreytingar og nýja eftirlitsstofnun. „Þetta getur ekki gengið mikið lengur svona. Það sem vantar inn í þetta umhverfi er opinber eftirlitsstofnun sem gerir ástandsmat á byggingum, nýjum sem gömlum, og það ætti ekki að vera hægt að selja þær fyrr en þær uppfylla skilyrði um öryggi og hollustuhætti. Það myndi hægja mjög á þessari lélegu framkvæmd sem víða á sér stað ef þetta yrði sett í lög.”

Benedikt Sveinsson hefur innleitt gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra skv. lagagrein um mannvirki nr. 160/2010 þar sem gerð er krafa um að iðnmeistarar og byggingarstjórar skuli innleiða slíkt gæðakerfi og gerir Mannvirkjastofnun úttekt á kerfinu með virknisköðun. Innleiðing gæðakerfis víðeigandi iðnmeistarara er m.a. skilyrði fyrir því að byggingaleyfi vegna framkvæmda fái útgefið. Mannvirkjastofnun hefur á grundvelli virknisköðunar lokið skráningu gæðastjórnunarkerfis Benedikts í gagnasafn stofnunarinnar á grundvelli laganna.

Upplýsingar um skráða aðila gæðastjórnunarkerfisins er að finna á heimasíðu Mannvirkjastofnunar, www.mannvirkjastofnun.is á listum yfir löggilta hönnuði, löggilta iðnmeistarara og aðila með starfsleyfi byggingarstjóra.



Ástriða, þekking og reynsla

PARKETSLÍPUN MEISTARANS

Bestu fagmennirnir eru þeir sem hafa ástriðu fyrir sínu fagi. Parketslípun Meistarans er fyrirtæki sem rekið er af ástriðu fyrir því að skila framúrskarandi vinnu á sínu sviði og standa undir tilkomumiklu nafni fyrirtækisins. Parketslípun Meistarans sérhæfir sig í parketslípun, parketlögnum, sólpallasmíði og ýmsum öðrum skyldum verkefnum, fyrir einstaklinga jafnt sem fyrirtæki.

Fáir, ef nokkrir, hafa lagt og slípað parket jafn víða og Parketslípun Meistarans en parketlög og parketslípun er handverk sem krefst mikillar og stöðugrar þjálfunar. Leggur fyrirtækið sig fram um að þjálfa og mennta sitt starfsfólk vel til þessara vandasömu verka.

Fyrirtækið tekur einnig að sér alla almenna smíðavinnu, þar á meðal smíði sólpalla, uppsetningu hurða, uppsetningu á eldhúsinnréttingum, sem og alla sérsmiði. Gott lakk er afar mikilvægt og Parketslípun Meistarans notast aðeins við það besta á

markaðnum, einnig hvað varðar parketefnið sjálft en fyrirtækið er með framúrskarandi parketvörur frá Bona og Junckers. Einnig býður fyrirtækið þetta góða parketefni til sölu á hagstæðu verði.

Parketslípun Meistarans hefur yfir að ráða fyrsta flokks tækjabúnaði, meðal annars beltavél, kantslípivél, hornavél, juðara, bónvél og öflugra sérhæfða ryksugu. Þessi tæki eru einnig boðin til útleigu á hagstæðu verði.

Parketslípun Meistarans ábyrgist vandaða vinnu við öll sín verkefni en veitir viðskiptavinum jafnframt gjaldfrjálsa ráðgjöf um val á parketi og frágang.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni <https://parketslipunmeistarans.is/> og á Facebook-síðunni Parketslípun Meistarans. Einnig er gott að hafa samband við Adam í síma 7625668 eða senda fyrirspurn á netfangið parketslipun@parketslipunmeistarans.is hvort sem þú óskar eftir þjónustu, ráðgjöf, tækjaleigu eða kaupum á parketvörum.





Bílastæðamálun um allt land

VEGAMÁLUN GÍH

Vegamálun GÍH annast bílastæðamálun og aðrar tengdar gatnamerkingar. Fyrirtækið er með margra ára reynslu í vegmerkingum og hefur tekið þátt í hinum ýmsu verkefnum. „Við búum yfir fagþekkingu í bílastæðamálun sem nauðsynlegt er að hafa til þess að ná sem bestri nýtni úr bílplaninu,“ segir Gautur Ívar Halldórsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Kostnaður við að mála eitt dæmigert húsfélagsplan er oft minni en fólk heldur. Metraverð fer eftir fjölda; því fleiri metrar því lægra einingarverð,“ segir Gautur Ívar aðspurður um kostnað


við framkvæmdir sem þessar.

„Áreiðanleg og góð þjónusta er okkar helsta markmið og að viðskiptavinurinn verði fyrir sem minnst-um óþægindum á framkvæmdatíma.“

„Fyrirtækið hefur vaxið ár frá ári og er stefnt á að bæta við vélum og tækjum í flotann til að geta annast fleiri verkefni,“ segir Gautur Ívar að lokum.

Kostar ekkert að fá tilboð í bílplanið

Það er frítt að fá tilboð í bílplanið, hægt er að óska eftir tilboðum á heimasíðu fyrirtækisins www.bilastadamalun.is, í gegnum netfangið gih@gih.is eða í síma 894-1500.



Alhliða viðhalds-þjónusta bygginga

VIÐHALD OG KLÆÐNING EHF

Viðhald og klæðning er nýtt fyrirtæki á sviði bygginga- og viðhaldsþjónustu. Fyrirtækið sinnir mjög viðtækri þjónustu á þessu sviði og leggur mikla áherslu á fagmennsku og framúrskarandi vinnubrögð. Viðhald og klæðning sinnir meðal annars eftirfarandi verkþáttum:

- Þök og veggir þéttir, múr- og steypuviðgerðir
- Hitakaplar og rör lögð í tröppur
- Þök og veggir málaðir
- Veggir steinaðir
- Þök endurnýjuð
- Veggir klæddir
- Einangrun
- Þakrennukerfi sett upp
- Gólf flotuð
- Flísalagnir, úti sem inni
- Hellulagnir
- Endurnýjun svala, steyptar svalir fjarlægðar og léttar málmprófil- og plexiglersvalir settar upp í staðinn
- Svölum lokað með rennihurðum
- Skipt um hurðir, glugga og gler, timbur eða PVC
- Jafnframt vinnur Viðhald og klæðning við allar gerðir ný-

bygginga og kemur þá með sína verkþætti inn í stærri verkefni.

Fyrirtækið er staðsett á höfuðborgarsvæðinu en tekur að sér verkefni um allt land, stór og smá.

Netfang:
murogsteypa@gmail.com
Símanúmer:
783 8866 og 763 1397





LAGNAVIÐGERÐIR

SÍMI: 581 1888 / WWW.LAGNAVIÐGERDIR.IS

LANGVARANDI LAUSN & SKJÓT VINNUBRÖGÐ

Lagnaviðgerðir býður uppá langvarandi lausn og skjót vinnubrögð á sviði endurnýjunar á skólplögnum, frárennislögnum

FÓÐRUN SKÓLPLAGNA

Fóðrun lagna felur í sér að búa til nýja lög inní þá eldri skólplagnir, frárennislagnir sem eru skemmdar eða tærðar. Lagnir eru þá endurnýjaðar með því að blása inn sérstökum sokk



Brawoliner efnið sem við notumst við býður upp á óaðfinnanlegan textíl sokk. Þökk sé sérstakri aðferð við framleiðslu hans er gott að meðhöndla efnið frá Brawoliner sem gerir vinnuna

fljótlega. Þetta býður uppá hina fullkomnu lausn fyrir skemmdar skólplagnir efnið getur tekið beygjur allt að 90° og allt að tveimur breytingum í þvermál. Brawoliner er með endingartíma til allt að 50 ára þessi lausn er hrein, hagkvæm og umhverfisvænn valkostur sé borið saman við að brjóta eldri lagnir upp.

Lagnaviðgerðir notast eingöngu við sokkaaðferðina við lagfæringar og endurnýjun skólplagna.

NÝJASTA TÆKNI OG GÆÐA EFNI VIÐ FÓÐRUN LAGNA

Lagnaviðgerðir sérhæfir sig í fóðrun lagna með nýjustu tækni og endingargóðum efnum. Þau tæki og efni sem Lagnaviðgerðir notar við sokkaaðferðina eru frá þýskum framleiðanda. Sokkurinn sjálfur, hörðunar- og festiefnin eru gæðavottuð af Byggingaeftirlitsstofnun Þýskalands (DIBt)




FYRIR FÓÐRUN



EFTIR FÓÐRUN

Hafðu samband og við komum á staðinn til að meta aðstæður og gerum þér hagstætt tilboð.



SLITSTERKAR OG SMEKKLEGAR LAUSNIR FRÁ EPOXY GÓLFUM:

Fallegt og endingargott gólfefni



Epoxy Gólf ehf. sérhæfa sig í epoxy gólfefnum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Þessi gólfefni eru samskeytalaus og niðsterk. Þau henta því vel þar sem kröfur eru gerðar um hreinlæti og langa endingu. Starfsmenn Epoxy Gólfa hafa yfir 30 ára reynslu og fyrirtækið hefur fest sig rækilega í sessi sem þjónustuaðili fyrir iðnað, verslanir og heimili. Epoxy Gólf bjóða nú spennandi nýjungar sem meðal annars henta heimilum, verslunum, skólum, sjúkrahúsum o.fl.

Deco Line: Sjálfflæðandi slitsterkt gólfefni

„Við erum með nýja lausn sem inniheldur polyurethane og er tveggja þátta lausn eins og epoxy. En jafnframt er hægt að fá þetta efni með eiginleikum, t.d. mikilli mýkt eða mikilli hörku, allt eftir óskum kaupandans. Líkt og með epoxy-efnin sem við bjóðum upp á er hægt að fá Deco Line lausnina í alls konar litum. Þetta er sjálfflæðandi þannig að það er án samskeyta og getur flætt á milli rýma. Þessi nýja lausn er mjög hlýleg og falleg í útliti þar sem satingljái yfirborðsins gefur aukinn glæsileika. Gólfefnið er endingargott og slitsterkt, þannig að þú þarft lítið að hugsa um að endurnýja gólfefni í framtíðinni ef þú ert að leggja þetta á gólf.“ segir Torfi Már Hreinsson, einn eiganda Epoxy Gólfa.

Gólfefnalausnin Deco Line kemur frá hollenska fyrirtækinu Quartzline og hentar fyrir heimili, skólastofnanir, íþróttahús og verslunarhúsnæði, bæði í afgreiðslu og á lager þar sem mikið álag er á gólfum.

Micro Top: Vatnsheldir veggir og gólf á baðherberginu

Önnur áhugaverð nýjung frá Quartzline sem Epoxy Gólf bjóða upp á er Micro Top. „Þetta er eins og áferðarflot nema að það er algjörlega vatnshelt. Lausnin hentar vel á gólf á heimilum og í verslunarrými og gefið hún mjög skemmtilegan karakter. Micro Top er bæði hægt að setja á gólf og vegg. Það hentar vel í blautrymi eins og sturtuklefa eða á gólf og vegg baðherbergja. Við framköllum sjálfir grófleikann í efninu og þú getur fengið þetta eins gróft eða slétt og þú vilt. Því eru engar tvær niðurstöður nákvæmlega eins þó svo þær geti verið keimlíkar. Lausnin gefur hrátt og skemmtilegt útlit og hægt er að fá hana í mörgum litum.“ segir Torfi Már.

Það gildir um allt efni frá Epoxy Gólfum að fagmenn þurfa að leggja það. „Við þjálfum starfsmenn í 6 til 12 mánuði áður en þeir fá að leggja þessar gólflausnir.“ segir Torfi.


Fyrir nánari upplýsingar á þessum slitsterku og endingargóðu gólf- og veggklæðningum er best að senda fyrirspurn á netfangið

epoxygolf@epoxygolf.is

eða skilaboð á Facebooksíðunni

<https://www.facebook.com/epoxygolf/>.

Vefsíðan er <http://epoxygolf.is>





Framúrskarandi efni og lausnir frá Weber

MÚREFNI EHF. ER FRAMSÆKIÐ FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI

Múrefni ehf. er framsækið fjölskyldufyrirtæki í Mosfellsbænum sem sérhæfir sig í að miðla hágæða múrverum, tæknilausum og gólfefnum frá þekktum framleiðendum í Evrópu inn á íslenska markaðinn með sölu, þjónustu og faglegri ráðgjöf.

Markmið fyrirtækisins er að veita framúrskarandi þjónustu og miðla þekkingu sinni sérstaklega til fagmanna og viðskiptavina til að tryggja hámarks árangur og endingu á þeim vörum sem Múrefni býður upp á. Til að ná þessum markmiðum starfar Múrefni náið með sínum birgjum og fylgist vel með öllum nýjungum á markaðnum sem geta nýst til að leysa þau vandamál sem iðnaðarmenn glíma við í sínum störfum.

Weber er merkið

Múrefni ehf. flytur mest inn frá breska múrefnaframleiðandanum Weber Ltd. í Bretlandi sem býður uppá sérhæfðar lausnir fyrir byggingageirann og fjölbreytt úrval af efni til þjónustu við samgöngumannvirki, flugvelli, orkuver og framleiðslufyrirtæki. Tæknimenn Weber UK hafa yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af notkun á efnum sem þeir miðla inn á markaðinn hér.

Weber-UK múrklæðingar hafa verið aðalsmerki Múrefna ehf. hingað til og hefur Weber Therm múrkerfið verið hér á markaðnum á Íslandi í nær 20 ár en í marga áratugi í Bretlandi og víðar í Evrópu. Klæðningarnar hafa reynst afar vel við þau erfiðu veðurskilyrði sem ríka hér á landi en lykillinn að velgengi klæðninganna hefur ekki síst verið náið samstarf við hönnuði, verktaka og framleiðendur þar sem réttum upplýsingum er miðlað um vinnubrögð. Flestir fagmenn sem hafa byrjað að nota Weber múrklæðingar velja þær aftur vegna gæða og vinnslueiginleika. Weber býður upp á ótal möguleika varðandi endanlega áferð og liti þar sem m.a. er hægt að velja um sléttþússaða þússningaráferð, sílikonmúr í kornóttí áferð, steiningarsalla og skrapmúr með sandsteinsáferð. Yfir þússningu kemur svo Weber málningarkerfi sem

sérhannað er yfir múrkerfi af þessum toga. Múrefni ehf. aðstoðar með hjálp Weber verkfræðiskrifstofur, hönnuði og húsbýggjendur við lausnir og útfærslur til að aðlaga múrkerfið að húsinu og ná sem bestum árangri.

Weber-UK hefur í áratugi framleitt flotefni fyrir byggingamarkaðinn og hefur Múrefni selt flotefnin á Íslandi í hartnær 20 ár. Efnin henta vel undir öll helstu gólfefni og lökk fyrir heimili eða í iðnaði og hafa flotefni leyst af hólmi hina hefðbundnu ilögn vegna

þæginda í vinnslu og meiri hraða í þornun.

Múr- og viðgerðarblöndur frá Weber-UK hafa verið notaðar á Íslandi í yfir 35 ár. Viðgerðarefni voru m.a. notuð á sínum tíma til viðgerða og viðhalds á mannvirkjum tengdum bandaríska varnarliðinu enda sérhæfir framleiðandinn sig í sérhæfðum efnum fyrir flugvelli, samgöngumannvirki, orkuver og hafnarmannvirki auk hefðbundinna húsbýgginga. Weber býður uppá

heildstætt kerfi fyrir hin ýmsu vandamál tengd mannvirkjum.

Góður liðsauki

Stofnendur fyrirtækisins eru þeir og Sigurður Hansson, dúkklagningameistari og faðir hans, Hans Þór Jensson, sem einnig er dúkklagningarmeistari. Eiginkona Sigurðar, Alda Kristinsdóttir starfar einnig hjá fyrirtækinu í dag ásamt Sigurði. Alda sér um gólfefna-deild fyrirtækisins en fyrir nokkrum árum byrjuðu þau að flytja inn Vínlyparket sem hefur slegið rækilega í gegn og náð miklum vinsældum hér á landi.

Nánari upplýsingar um vínlyparket má nálgast í heimasíðunni <http://vínlyparket.is>.

Fyrirtækið stendur í stórræðum þessa dagana og flytur sig um set í Mosfellsbænum yfir í Desjamýri 8, í nýtt og betra húsnæði og verður sýningarastaðan bætt til muna auk betri aðstöðu til að taka á móti viðskiptavinum.

Einnig hefur nýr starfsmaður bæst í starfsmannahóp Múrefna, Ásgeir Stefánsson, en hann hefur viðtæka reynslu af sölu og þjónustu múrefna og tæknilausna við fagmenn. Ásgeir hefur starfað við sölu og þjónustu á múrverum og byggingavörum í rúm 15 ár og mun reynsla hans nýttast fyrirtækinu vel í áframhaldandi þróun og þjónustu við fagmenn og verktafyrirtæki.

Heimasíðan er <http://murefni.is>





Fyrirtak þjónar fyrirtækjum, stofnunum og húsfélögum

Fyirtak málningarþjónusta ehf. hefur þjónað fyrirtækjum, stofnunum, húsfélögum og heimilum til margra ára. Fyrirtækið tekur að sér öll helstu verkefni sem snerta viðhald og breytingar á fasteignum, jafnt að innan sem utan.

Ámundi S. Tómasson er framkvæmda- og verkefnastjóri Fyrirtaks en hann hefur rekið fyrirtækið með góðum árangri í mörg ár.

Málning á bæði að verja og fegra

Reglulegt viðhald á fasteignum borgar sig. Málning er oftar en ekki eina vörnin fyrir veðri og vindum.

Málning á bæði að verja og fegra. Utanhúss veðrast fletir hratt fyrir áhrif sólar, veðurs og vinds. Með reglulegu viðhaldi er hægt að verja fasteignina og koma í veg fyrir dýrar framkvæmdir eins og t.d. gluggaviðgerðir, viðgerð á steini og þaki. Fyrirtak vinnur eingöngu upp úr góðum málningarkerfum og farið er eftir þeim kerfum sem reynst hafa best í íslenski veðrattu.

Fagmenn í öllum verkhlutum

„Hjá fyrirtækinu starfa reyndir iðnaðarmenn sem leggja metnað sinn í fagmennsku, snyrtimennsku og

áreiðanleika. Einnig starfa þar múrara og smiðir og saman geta þeir leyst öll helstu verkefni sem varða viðhald húsa,“ segir Ámundi. „Við hjá Fyrirtaki tökum að okkur allt almennt viðhald á fasteignum eins og t.d. gluggaviðgerðir og glerisetningu. Ef glugginn er farinn að fúna er nauðsynlegt að laga fúann áður en málað er. Við gerum við glugga með því að saga fúna í burt og setja nýtt fúavarið timbur í staðinn (sponsa glugga). Gluggaviðgerðir og glerisetning krefst mikillar nákvæmni og réttis handbragðs. Við bjóðum upp á þessa þjónustu og getum líka leiðbeint og aðstoðað.“

Þjónum fyrirtækjum, stofnunum og húsfélögum

Fyrirtak málningarþjónusta ehf. hefur þjónað fyrirtækjum, stofnunum, húsfélögum og heimilum til margra ára. Fyrirtækið tekur að sér öll helstu verkefni sem koma að viðhaldi og breytingum á fasteignum, jafnt að innan sem utan,“ segir Ámundi.

Fyrirtak málningarþjónusta ehf.
Sími: 770-7997.
fyrirtak@fyrirtak.is
www.fyrirtak.is

Hlý gólf til frambúðar

Gólfkuldi er hvítleiður og það er notalegt að ganga á hlýjum gólum í hýbýlum sínum, ekki sist þegar kalt er í veðri úti. Sífelld fleiri fá sér gólfhitakerfi en fyrir utan þægindin þá eykur slík aðgerð verðmæti fasteigna og gerir þær eftirsóttari. Það er almennt álitid meðal fasteignasala að íbúðir með gólfhita vekji meiri hrifningu meðal væntanlegra húsnæðis kaupenda en íbúðir með ofnakerfi.

Svona færðu gólfhita í eldra húsnæði

Í langflestum nýbyggingum í dag er gert ráð fyrir gólfhita en við byggingu flestra eldri húsa hefur eingöngu verið gert ráð fyrir gamaldags ofnakerfi. En fyrirtækið Gólfhitalausnir er komið með í notkun vél sem fræsir fyrir hitalögnum með áhrifaríkum hætti og nánast allt ryk fer beint í kröftuga iðnaðarryksugu sem tengd er við fræsivélina. Áður fyrr þurfti að brjóta upp gólf með múrbrjót til að koma að gólfhitalögnum og gat það verk tekið margra daga, sem hafði í för með sér mikið rask. Kúnnahópurinn á þeim tíma var eingöngu efna-meira fólk en með þessari nýju aðferð hafa miklu fleiri ráð á að koma sér upp gólfhita.

Gólfhiti þýðir aukin lífsgæði á heimilinu

Þegar hiti hefur verið lagður í gólf er tryggt að íbúar verða aldrei aftur varir við gólfkulda. Þetta er notaleg kynding sem heldur iljunum hlýjum. Það er miklu notalegra að ganga á hlýju gólfi en köldu, það eykur ánægju og lífsgæði á heimilinu.

Ofnar eru ljótir og taka pláss

Ofnar eru lítið augnayndi og taka sitt pláss. Margir viðskiptavinir finna mikinn mun á pláss og nýttiskulegheitum við að losna við ofnana. Ofnar dreifa hitanum ekki nærri því eins vel og gólfhitinn og finnst sá munur einna mest þegar mikið frost er úti.

Lægri kyndingarkostnaður

Það að kynda með gólfhita er einnig ódýrara en að hita með ofnum. Einn helsti ókostur ofna er að þegar gluggar eru opn- aðir þá sleppur hitinn beint út fyrir ofan þá og þeir fara á fullt við að dæla heitu vatni í gegnum sig.

Sjá nánar á vefsíðunni <http://www.golfhitalausnir.is/> og Facebook-síðunni <https://www.facebook.com/golfhitalausnir/>





PrifX – framsækið hreingerningafyrirtæki

PrifX er tíu ára gamalt hreingerningafyrirtæki á Akureyri sem hefur vaxið mikið síðustu tvö árin. PrifX veitir fjölbreytta og viðtæka þjónustu á sviði hreingerninga og þjónustar í senn einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.

„Við höfum bætt við ýmsum þjónustuliðum undanfarið ár til að veita viðskiptavinum heildstæðari þjónustu.

Til dæmis keyptum við reksturinn Hreintunna á árinu 2016 sem sérhæfði sig í tunnuhreinsun og hefur þessi þjónusta mælst vel fyrir hér á Akureyri. Við höfum einnig bílaþvott og hafa viðtökurnar verið vonum framar,“ segir Vincent, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Sem fyrr segir veitir PrifX viðtæka þjónustu og leggur alltaf höfuðáherslu á gæði þjónustunnar og ánægða

viðskiptavini. Sem dæmi um þjónustu PrifX við einstaklinga eru þrif eftir flutninga, heimilisþrif, teppahreinsun, gólfbónun, gluggaþvottur og margt fleira.

PrifX veitir fyrirtækjum og stofnunum margvíslega þjónustu og má þar nefna bónviðhald, hreingerningu og gluggaþvott.

Þjónustusvæði fyrirtækisins er fyrst

og fremst á Akureyri en einnig sinnir PrifX verkefnum á Húsavík, Dalvík og víðar á Norðurlandi.

Á vefsíðunni thrifx.is eru upplýsingar um þjónustuna og þar er hægt að senda inn fyrirspurnir og fá tilboð í verkefni. Þar er einnig hægt að panta bílaþvott og tunnuhreinsun með einföldum hætti. Upplýsingar eru einnig veittar í síma 414-2990.



Við erum flutt í Desjamýri 8
Mosfellsbæ

Verið hjartanlega velkomin
www.vinylparket.is



Designflooring

VÍNYLPARKET



LAGNAFÓÐRUN:

Mikilvægt að bregðast tímanlega við

LAGNAFÓÐRUN var stofnuð af Svanbjörgu Vilbergsdóttur pípulagningameistara. Fyrirtækið hefur stækkað ört. Eins og nafnið gefur til kynna þá er meginmarkmið starfseminnar að fódra gamlar og/eða skemmdar frárennslislagnir.

Gamlar steinlagnir

Hús sem eru byggð fyrir 1980 eru komin á tíma hvað varðar frárennslislagnir. Í flestum tilfellum eru steinlagnir undir húsum frá þessum tíma en meðal líftími steinlagna er 40-50 ár. Það er mikilvægt að bregðast við áður en það verður of seint því það getur verið stórmál að skipta út gömlum frárennslislögnum sem felur í sér niðurbrot og mikið rask fyrir húseigendur og jafnvel fjarveru frá heimilum í nokkrar vikur ef svo ber undir.

Í upphafi skal endinn skoða

Þeir sem eru að endurnýja eldhús og baðherbergi ættu að láta mynda hjá sér lagnirnar áður en hafist er handa! Við komum alltof oft að húsum þar sem búið er að endurnýja baðherbergi og ástand lagna hefur ekki verið kannað áður og í mörgum tilfellum þarf að brjóta allt upp aftur.


Þeir sem hyggja á fasteignakaup ættu alltaf að láta mynda lagnir áður en gengið er frá kaupum á fasteign.

Fóðrun

Það sem kallast fóðrun í tengslum við skólplagnir og pípulagnir er þegar skemmd eða slitin lagn er endurnýjuð með því að búa til nýja lagn innan



í þeirri gömlu. Nokkrar aðferðir eru mögulegar við fóðrun lagna en hér á landi er fóðrun með sokk algengust. Í láréttum lögnum s.s. hefðbundnum skólplögnum undir húsum hefur reynslan sýnt að sokkaaðferðin hentar betur við íslenskar aðstæður. Ein helsta ástæðan fyrir því er sú að skólplögnina þarf að þrifa og þurrka að mestu áður en fóðrun fer fram. Þar sem skólplagnir á Íslandi, sem eru orðnar 40 ára og eldri, eru úr steypu (steypurör) og eru oft illa farnar með stórum götum á og liggja oftar en ekki undir grunnvatnsstöðu, þá er þurrkun rörsins alla jafna ógerleg.



Þessi ástæða gerir það að verkum að sprautuáðferð við fóðringar er oft illframsæm. Lagnafóðrun notast því eingöngu við sokkaaðferðina við lagfæringar og endurnýjun skólplagna í grunni húsa.

Greinasokkar

Eitt mikilvægasta atriði fóðrunar er að setja svokallaða greinasokka í allar greinar á fóðruðum lögnum og er Lagnafóðrun með einkaleyfi á aðferð sænska fyrirtækisins Repiper AB.

Aðferðin

Áður en verkið hefst eru allir íbúar upplýstir um hvað sé í vændum, farið yfir tímasetningar og verkferla og gerð verkáætlun í samráði við íbúa. Þegar komið er á verkstað er hlífðar-teppi lagt á gólf áður en byrjað er að koma inn með verkfæri. Allir viðkvæmir hlutir eru huldur með hlífðarplasti áður en verkið hefst.

Áður en sjálf fóðringarvinnan hefst

þarf að hreinsa lagnirnar. Það fer þannig fram að allar lagnir eru myndaðar og metið hvaða hreinsunaraðferð þarf að beita á hverjum stað fyrir sig, t.d. háþrýstípvotti eða öðrum aðferðum. Þessi vinna fer fram frá hreinsibrunnum, klósettum og niðurföllum, allt eftir aðstæðum á hverjum stað fyrir sig.

Næst eru gömlu lagnirnar fóðraðar að innan með 3-7 mm epoxy-sokk, allt eftir aðstæðum hverju sinni. Hægt er að fóðra lagnir frá 50 mm upp í 600 mm.

Sokknum er blásið inn í lagnirnar, fóðrunarefnið þrýstist út í gömlu lögnina og myndar þannig nýja lögn innan í gamla rörinu. Eftir að fóðrið er komið á réttan stað tekur það u.þ.b. eina klukkustund að harðna. Næsta skref er að opna allar hliðarlagnir sem tengjast inn á viðkomandi lögn. Eftir þetta er komin 100% þétt og sjálfberandi lögn.

Sjá nánar á lagnafodrun.is
Símí 578 8440

Í desember síðastliðnum útskrifuðust 55 nemendur úr ýmsum námsleiðum.



Veruleikakassinn var unninn af nemendum MSS og Samvinnu sem er starfsendurhæfingardeild innan MSS en MSS fagnar 20 ára afmæli um þessar mundir og Samvinna 10 ára afmæli.



MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM:

Stóraukið aðgengi að námi

Víð lærum svo lengi sem við lifum og á undanförunum áratugum hefur orðið sú bylting á afstöðu Íslendinga til náms að við sækjum okkur menntun á öllum aldri. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum – MSS – var stofnuð fyrir ríflega 20 árum og með starfsemi hennar hefur valkostum í menntunarmálum á Suðurnesjum fjölgað mikið og aðgengi almennings á svæðinu til menntunar stóraukist. Starfsemin hefur vaxið jafnt og þétt og námsframboðið tekið mið af þörfum viðskiptavina hverju sinni.

MSS býður uppá margvíslegar námsleiðir, starfstengdar og í almennum bóklegum greinum. Lögð er

áhersla á sveigjanlegt nám þar sem nemendur geta nálgast námsefni á netinu, óháð tíma og rúmi. Undanfarið ár hefur þróun kennsluhátta tekið markvissum breytingum og í dag eru námsleiðir kenndar í dreifinámi, fjarnámi og samkvæmt hugmyndum vendináms.

Hér gefur að lita yfirlit yfir helstu námsleiðir hjá MSS:

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám er tveggja anna nám. Námsleiðin hefur verið kennd í nokkur ár hjá MSS og miðar að því að þátttakendur útbúi viðskiptaáætlun fyrir starfandi fyrirtæki eða hugmynd að fyrirtæki.

Brúarnám er heiti náms í heilbrigðis- og menntatengdum störfum en námsleiðir í brúarnámi eru fyrir leikskólaliða, stuðningsfulltrúa og félagsliða.

Skrifstofuskólinn er sérhæft nám fyrir fólk sem hefur áhuga á að ná sér í góðan undirbúning fyrir skrifstofustörf eða hugar að frekara námi á því sviði.

Að námi loknu eiga námsmenn að vera færir um að starfa á skrifstofu, hafa tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð, hafa góða innsýn í rekstur fyrirtækja og góða bókhaldsþekkingu.

Félagsmála- og tómsundabré er góður undirbúningur fyrir þá sem hafa áhuga á að vinna við, skipuleggja eða stjórna fristundastarfi hjá öllum aldurshópum. Starfsvettvangur þeirra sem ljúka félags- og tómsundanámi er einkum félagsmiðstöðvar, iþrótt- og æskulýðsfélög og önnur félagsamtök.

Menntastoðir eru undirbúningsnám fyrir frumgreinadeildir Keilis, Bifrastar og H.R. Auk þess má meta námið sem hluta af bóklegum greinum í iðnnámi. Skráning er hafin á allar námsleiðir MSS.

Nánari upplýsingar á www.mss.is.



Rúrik Gíslason,
Menntastoðir, fjarnám.

Með jákvæðu hugarfari, skipulagningu og metnaði tókst mér að ljúka við námið á tilsettum tíma, þrátt fyrir búsetu erlendis og annir í vinnu.

Námið í Menntastoðum er frábær grunnur fyrir næstu námsskref og fann ég hvað það kom sér vel að hafa farið í Menntastoðir þegar ég hélt námi mínu áfram eftir útskrift.



FJARNÁM Í VMA:

Sveigjanleiki og gott samband við nemendur

Verkmenntaskólinn á Akureyri leggur mikla áherslu á fjölbreytni í námsframboði sínu en við skólann er boðið upp á iðn- og tækninám ásamt hefðbundnu bóknaði til stúdentsprófs. Fjarnám er veigamikill hluti af starfsemi skólans en bæði er hægt að ljúka stúdentsprófi af bóknaðsbrautum og námi til iðnmeistararéttinda í fjarnámi.

Markmið með fjarnámi er að gefa þeim kost á námi sem ekki geta stundað tiltekið nám á hefðbundinn hátt í dagskóla. Nemendur í fjarnámi geta verið dagskólanemendur í VMA eða úr öðrum framhaldsskólum eða fólk sem er úti í atvinnulífinu. Í fjarnáminu eru bæði nemendur búsettir á Akureyri og hvaðan sem er af landinu. Enn fremur eru töluvert margir nemendur sem búa erlendis. Fjarnám krefst sjálfsaga en sveigjanleiki VMA gagnvart nemendum og stuðningur skólans við hvern og einn nemanda léttir róðurinn.

„Við reynum að hafa mjög gott samband við nemendur til að sporna við brottfalli og vikulega eru ávallt einhver samskipti, til dæmis í gegnum endurgjöf á verkefnum. Svo hef ég alltaf samband við þá ef við höfum ekki heyrt í þeim lengi. Það getur verið erfitt að vera í fjarnámi en þú lætur námið síður sitja á hakanum ef kennarinn er reglulega í sambandi við þig,“ segir Katrín Harðardóttir fjarnámskennari en hún hefur stundað fjarnámskennslu í 20 ár. Hún segir að námið hafi breyst mikið á þessum tíma með aukinni tækni.



„Hér áður fyrr var þetta meira eins og bréfaskóli í tölvupóstformi en núna vinna nemendur í Moodle-umhverfinu sem gefur kost á að setja inn tengla á alls konar efni, miðla fyrirlestur, glærum og mörgu fleiru sem veitir nemendum fjölbreyttari sýn á námið. Enn fremur geta nemendur sent inn fyrirspurnir sem við reynum ávallt að svara sem fyrst,“ segir Katrín.

Segja má með nokkurri einföldun að á meðan aðhaldið er mikilvægt

fyrir yngri nemendur í fjarnámi sé sveigjanleikinn nauðsynlegur fyrir þá eldri. Er þar sérstaklega um að ræða nemendur í iðnmeistaránáminu sem oft eru í mjög krefjandi störfum meðfram náminu.

„Við erum til dæmis með sjómenn sem eru úti vikum saman, oft net-sambandslausir, koma síðan í land og vinna upp nokkrar vikur í náminu. Nú eða iðnaðarmenn sem geta verið í löngum tórnum, jafnvel erlendis.“

Ég reyni að koma til móts við þessa nemendur því þeir þurfa sveigjanleika til að geta stundað nám sitt. Þó að þessir nemendur geti dregist tímabundið aftur úr þá standa þeir sig yfirleitt vel. Þetta er ofast fullorðið fólk með ákveðin tímasett markmið sem það ætlar sér að ná.“

Nánari upplýsingar um fjarnám við VMA er að finna á vef skólans: vma.is/is/fjarnam/fjarkennslan-framvinda



Tækniskóli unga fólksins

Hvort sem þig langar að gera eitthvað skemmtilegt eða undirbúa þig fyrir skapandi tækninám, þá er Tækniskóli unga fólksins frábær vettvangur fyrir ungmenni á aldrinum 12-16 ára. Námskeiðin okkar eru undir leiðsögn fagfólks á hverju sviði og námskeiðið Vélmenntasmiðja er kennt af framúrskarandi nemendum við Tækniskólann. Finndu þitt áhugasvið og við lofum að taka vel á móti þér, leiðbeina, styðja og hafa gaman.

Fatasaumur

Viltu læra að sauma einfalda flík að eigin vali? Þú lærir að taka mál, taka upp snið úr blöðum, um efnisval og efnispörf og að breyta flík ef þörf er á.

Forritun í Unity 3D

Viltu læra að búa til þrívíddartölvuleik? Þú lærir grunnatriði forritunar og prófar þrívíddarumhverfi. Forritið er frítt á netinu svo þú getur haldið áfram að læra eftir námskeiðið.

Rafrásarföndur

Viltu gera tilraunir með rafmagn og búa til rafeindarásir? Þú færð að velja á milli skemmtilegra verkefna svo sem að búa til rafrænan tening, rafmagnspöddu, þjófavörn, ástarmæli, spil o.fl.

Tæknibrellur og upptökur

Viltu læra að taka upp eigið myndefni í greenscreen stúdíói og bæta við upptökuna tæknibrellum, hljóði og tónlist? Þú lærir grunnatriði í tæknibrellum, að skrifa handrit/storyboard, að vinna í greenscreen stúdíói og samsetningu myndefnis.

Vélmenntasmiðja

Viltu læra að setja saman vélmenni og byggja og forrita bíl eða bát? Þú færð góðan grunn í að forrita á Arduino örgjörva, að tengja saman rafrásir, vinna með þrívíddarprentuð módel og margt fleira.

Verð námskeiða: 19.900 kr.

Dagsetningar: 11. – 15. júní og 18. – 22. júní alls 15 klukkutímar.

Skráning og nánari upplýsingar:

www.tskoli.is/taekniskoli-unga-folksins | endurmenntun@tskoli.is | Sími 514 9602

Námskeið Endurmenntunarskólans eru styrkhæf hjá flestum fræðslusjóðum stéttafélaga

Tækniskólinn 
skóli atvinnulífsins

FERÐAMÁLAEILD HÁSKÓLANS Á HÓLUM:

Undirbúningur fyrir fjölbreytt störf í ferðaþjónustu og viðburðastjórnun

Ferðamáladeild Háskólans á Hólum býður upp á háskólanám í ferðamálafræðum, viðburðastjórnun og stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta. Markmið námsins er að undirbúa nemendur fyrir fjölbreytt störf í ferðaþjónustu og viðburðastjórnun. Nemendur geti tekið virkan þátt í þróun ferðaþjónustu á Íslandi ásamt því að gegna stjórnunar- og ábyrgðarstörfum. Nemendur verði einnig færir um að stofna ný fyrirtæki og skipuleggja og útfæra viðburði frá upphafi til enda. Námið er því í senn hagnýtt, fræðilegt og fjölbreytt.

Mikil áhersla er lögð á verk-nám sem hluta af námsleiðum á grunnstigi með samstarfi við fyrirtæki í greininni viðsvegar um landið. Með markvissu skipulagi verknámsins er leitast við að tryggja nemandanum góða starfsreynslu á verknámstímanum og að fyrirtækin sjái sér einnig hag í því að taka til sín verknámsnema, sem gjarnan færir með sér nýja strauða hugmynda og þekkingar í ferðamáli. Í gegnum verknám og gestakennslu kynnast nemendur atvinnurekendum í ferðaþjónustu og skapa tengsl sem



Umhverfið á Hólum býður upp á fjölbreyttar kennsluáferðir í útivistar-, náttúru- og menningartengdum námskeiðum.
Mynd: Kári Heiðar Árnason



Glaðbeittir nemendur við Háskólann á Hólum.
Mynd: Laufey Haraldsdóttir

nýtast þegar komið er út í atvinnulífið að námi loknu.

Rannsóknir deildarinnar snúa að fjölbreyttum viðfangsefnum ferðamálafræða og viðburðastjórnunar. Má þar nefna efnahagsleg áhrif

ferðaþjónustu, upplifun ferðamanna, samfélagsleg áhrif og félagsleg þörmörk ferðaþjónustu, nýsköpun og vörubrúun, og starfs-umhverfi í ferðaþjónustu og tengdum greinum.

Í dag er boðið upp á fimm námsleiðir í Ferðamáladeild Háskólans á Hólum:

- Diplómanám í ferðaþjónustu dreifbýlis (e. Rural Tourism) sem er eins árs nám á háskólastigi, með möguleika á að halda áfram inn á annað ár til BA gráðu í ferðamálafræðum

- Diplóma í viðburðastjórnun (e. Event Management) sem er eins árs nám á háskólastigi. Hér er einnig möguleiki á að halda áfram í BA nám í ferðamálafræðum

- BA nám í ferðamálafræðum (e. Tourism Studies)

- BA nám í stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta (e. Tourism and Hospitality Management)

- Rannsóknartengt meistaranám í ferðamálafræðum

Nánari upplýsingar á vefsvæði Háskólans á Hólum, www.holar.is

FISKELDIS- OG FISKALÍFFRÆÐIDEILD HÁSKÓLANS Á HÓLUM:

Miklir atvinnumöguleikar í hraðvaxandi atvinnugrein

Fiskeldi er hraðvaxandi atvinnugrein í heiminum. Rúmlega helmingur alls fiskis sem nýttur er til manneldis kemur úr fiskeldi og aukin fiskneysla framtíðarinnar mun byggja á eldisfiski. Árið 2016 var framleiðsla eldisfisks á Íslandi um 15.000 tonn, sem var 80% aukning frá fyrra ári, og rúmlega 20.000 tonn 2017. Fiskeldið er því í örur vexti hér á landi. Þess má geta að framleiðsla fiskeldisfyrirtækjanna á árinu 2017 samsvaraði um 65 milljónum máltíða. Samkvæmt Matvælastofnun Sameinuðu Þjóðanna (FAO) mun heimsbyggðin þurfa að tvöfalda matvælaframleiðslu sína fyrir árið 2050 til að mæta áætlaðri fólksfjölgun. Fiskeldi og ræktun annarra lagardýra og plantna mun þar gegna lykilhlutverki.

Af þessu leiðir að atvinnumöguleikar í fiskeldi eru miklir og margt að gerast í nýsköpun og tækniþróun. Fiskeldi er hátækniíðnaður þar sem nýjustu tækni er beitt til að koma til móts við þarfir eldislífvera en samtímis er leitast við að hámarka framleiðslu og lágmarka umhverfisáhrif. Vegna þessa flókna samspils er mikil þörf á vel menntuðu starfsfólki í fiskeldi. Nú starfa um 600 manns í greininni hér á landi og fer sá fjöldi hratt vaxandi.

Háskólinn á Hólum hefur boðið upp á nám í fiskeldi frá árinu 1986 og hefur útskrifað um 200 fiskeldisfræðinga á þeim tíma. Flestir þeirra starfa í



Nemendur í verklegum tíma læra að kreista fiska.
Mynd: Kári Heiðar Árnason

atvinnugreininni. Árið 2007 færðist námið á háskólastig. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf eða sambærileg undirbúningsmenntun.

Skólinn býður upp á eins árs diplómanám. Uppbygging námsins

er þannig að reynt er að fylgja eftir framleiðsluferli eldisfisksins. Yfirleitt er eitt námskeið um tiltekið umfjöllunarefni kennt í einu og er tvær til sex vikur að lengd. Námið hefst á inngangsnámskeiði þar sem rætt

er almennt um fiskeldi og eldisfiska innanlands og á heimsvísu. Að auki er fjallað um grunnþætti þess að starfa og nema við háskóla. Næst er horft til eldisvatnsins og samspil þess við fiskinn sem í því lifir. Að því loknu taka við fjögur námskeið sem fylgja eldisferlinu og byrjað að fjalla um fjölgun fiska, klakfisk, hrogn og hrognatöku. Þá er fjallað um frumfóðrun, meðferð og eldi á seiðum. Næst er fjallað um áframeldi á eldisfiski fram að sláturstærð. Loks er námskeið um slátrun, vinnslu og varðveislu gæða. Til viðbótar eru námsskeið um fisksjúkdóma, forvarnir og hreinlæti, námsskeið um umhverfismál fiskeldis og námskeið um eldisbúnað í fiskeldi. Til viðbótar við þessi námskeið taka nemendur eitt viðskiptatengt námskeið. Náminu lýkur á 12 vikna verknámi í fiskeldisstöðvum.

Nemendur sem lokið hafa náminu undanfarin ár starfa flestir í fiskeldi og sinna þar fjölbreyttum störfum. Margir eru millistjórnendur og stöðvarstjórnar hjá eldisfyrirtækjum. Námið nýtist einnig fyrir þá sem hyggja á áframhaldandi nám í greininni eða skyldum greinum, t.d. í sjávarútvegsfræði við HA, líffræði við HÍ eða sérhæfðara nám tengdu fiskeldi, viðsvegar um heiminn. Mikil eftirspurn er hvarvetna eftir menntuðu starfsfólki.

Ítarlegar upplýsingar um námið er að finna á heimasíðu Háskólans á Hólum, holar.is.

MARGMIÐLUNARSKÓLINN:


Tæknilausnir og skapandi framsetning

Nám í Margmiðlunarskólanum hentar þeim sem hafa áhuga á þrívíddarvinnslu, eftirvinnslu kvikmynda, tölvuleikjagerð og teikni-myndagerð. Allt þetta er hluti náms í Margmiðlunarskólanum. Í náminu er lögð mikil áhersla á hugmyndavinnu, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð. Skólinn leggur áherslu á að útskrifa nemendur með frjóa hugsun og vilja til að fara nýjar leiðir. Við í Margmiðlunarskólanum kennum á öll helstu forritin sem notuð eru í bransanum og leggjum áherslu á að fylgja þróun í forritum og lausnum því tengt. Skólinn er vel tengdur atvinnulífinu.

Dæmi um starfssvið nemenda sem útskrifast úr Margmiðlunarskólanum eru tækniþrellur í kvikmyndum eins og Star Wars, Infinity Wars og Guardians of the Galaxy Vol I og II. Flest leikjafyrirtæki á landinu hafa á sínum snærum útskrifaða nemendur úr Margmiðlunarskólanum, fyrirtæki eins og CCP og Sólfar.

Skólinn er vel tækjum búinn, er með green screen stúdíó, hljóðstúdíó, mocap og allskonar græjur og dót til myndatöku.

Senur úr kvikmyndunum Two



Guns og Djúpinu voru líka teknar upp í green screen stúdíói skólans. Veggirnir eru í sérstökum grænum lit sem er síaður út fyrir þann bakgrunn sem leikararnir eru settir í en hann getur verið hvort sem er tölvugerður eða myndskild.

Nám í Margmiðlunarskólanum er 2ja ára 120 eininga diplománám. Möguleiki er á að taka viðbótarár við erlenda háskóla til BA gráðu. Skólinn er í samstarfi við skóla í Bretlandi og Kanada.

Námið er verkefnadrifið með áherslu á tæknilausnir og skapandi framsetningu.

Námið er einstaklingsmiðað en hópavinna er líka stór þáttur í því.

Þetta er heimur þar sem þróun er afskaplega hröð og krefst stöðugar símenntunar og nemendur fá þjálfun í því að temja sér þann hugsunar-

hátt að halda sífellt áfram að læra. Margmiðlunarskólinn er ein af mörgum áhugaverðum námsbrautum og skólum sem eru undir regnhlíf Tækniskólans. Skólinn á sér hins vegar dýpri rætur en hann var stofnaður fyrir síðustu aldamót og var einkaskóli fyrst um sinn. Nám í Margmiðlunarskólanum fer núna fram í gamla Sjómannaskólahúsinu, húsi Tækniskólans á Háteigsvegi.

Nánari upplýsingar um námið og umsóknir er að finna á tskoli.is og hjá Ragnhildi Guðjónsdóttur í síma 514 9601 eða í gegnum netfangið rag@tskoli.is


VEFSKÓLINN ER SPENNANDI NÁMSBRAUT INNAN TÆKNISKÓLANS:

Skapandi framhaldsnám með miklum atvinnumöguleikum

Vefskólinn er nýleg námsbraut innan Tækniskólans sem býður upp á nám sem er í senn mjög skapandi og afar hagnýtt. Jónatan Arnar Örlýgsson er verkefnastjóri hjá Vefskólanum og segir hann námið bjóða upp á kunnáttu sem er mikil þörf á í atvinnulífinu:

„Nemendur fá kennslu á breiðu sviði um allt sem kemur að þróun veflausna. Þeir fá kennslu í vefforritun og er áhersla lögð á framendaforritun, öllu því sem er sýnilegt notendum. Við erum t.d. með kúrsa í vefhönnun, notendaupplifun, frumkvöðlafræði og verkefnastjórnun. Allt gagnast þetta við gerð vefsíðna, vef-appa og hvers konar útgáfur af því sem við eigum í gagnvirkum tengslum við á internetinu í dag. Við útskrifum góða framendaforritara sem hafa gott auga fyrir útliti. Aðrir nemendur sérhæfa sig að námi loknu í vefhönnun.“


Námið veitir mikla atvinnumöguleika. Stúdentspróf þarf til að fá inngöngu í Vefskólann og einnig er einhver bakgrunnur í annað hvort grafískri hönnun eða forritun mikill kostur. „Almennt er góð tölvukunnátta nauðsynleg en einnig þurfa nemendur að vera mjög skapandi í náminu og hafa gott auga fyrir útliti. Mikilvægt er að lausnir sem búnar eru til á vefnum séu notendavænar og einfaldar,“ segir Jónatan.



Helstu upplýsingar um nám í Vefskólanum:

- Vefskólinn er 2ja ára nám með sérhæfingu á viðmótsforritun. Nemendum gefst kostur á að læra m.a vefhönnun, viðmótsforritun, verkefnastjórnun og frumkvöðlafræði.
- Námskráin var byggð upp með aðstoð atvinnulífsins með það að markmiði að kenna leikni sem er mikil eftirspurn eftir á atvinnumarkaðnum.

- Námið er eina námið sinnar tegundar á Íslandi.
- Vefskólinn vinnur námið með atvinnulífinu og fær fjölda gestakennara til sín.
- Nemendur eiga þess kost að taka 3 annir til viðbótar í Copenhagen School of Design and Technology til að ljúka BA-gráðu.
- Nemendur sem stundað hafa nám í Vefskólanum starfa nú í dag hjá



mörgum af flottustu tækniyrirtækjum landsins.

- Námið er verkefnadrifið þar sem sköpunarkraftur einstaklingsins fær að njóta sín. Mikil er lagt upp úr hópavinnu og þjálfun í að vinna með öðrum.

- Námið er byggt á fyrirlestrum og kennslu en mikil áhersla er lögð á verkefnavinnu og að nemendur hafi greiðan aðgang að kennurum.
- Nemendur Vefskólans fengu tvær tilnefningar á Íslensku vefverðlaununum sem haldin var í Hörpu í janúar 2018 af Samtökum Vefiðnaðarins.

Nánari upplýsingar og innritun á www.tskoli.is



„Ég er með þetta í genunum“

Páskastjarnan og tónlistarkonan **Guðný María** elskar að hafa gaman

Steingerður Sonja Þórisdóttir
ritstjorn@dv.is

Það er á vordegi sem við ljósmyndari rennum í hlað hjá Guðnýju Maríu. Hún býr í fallegu steinhúsi í Nökkvavogi og stendur í tröppunum fyrir utan í glæsilegum og glitrandi hvítum kjól, skælbrosandi. „Velkomnar! Komdu endilega inn,“ segir hún glædlega. Okkur Hönnu ljósmyndara fannst það skemmtileg tilviljun að sólageislarnir létu einmitt sjá sig um leið og við stígum út úr

bílunum, en þeir hafa verið sjaldséð sjón undanfarið.

„Mikið er þetta fallegur kjóll sem þú ert í,“ segir ég um leið og ég stíg inn á snoturt heimili Guðnýjar.

„Já maður verður að klæða sig upp. Það er svo gaman að vera finn, það er skemmtilegra,“ svarar hún glædlega.

Guðný María hefur undanfarið slegið í gegn með skemmtilegum lögum og myndböndum á Youtube. Vinsælasta lagið til þessar er lagið „Okkar okkar páska“ en um 60 þúsund manns hafa horft á myndband lagsins á efnisveitunni. Vel-

gengni lagsins virðist staðfesta þá upphaflegu hugmynd Guðnýjar að páskarnir hafi orðið útundan þegar kemur að íslenskum laga- og textasmíðum.

„Mér finnst svo mikilvægt að hafa lögín mín glædleg. Margir hugsa að tónlist geti ekki verið list nema henni fylgi einhver sorg. Því er ég ósammála, ég vil koma fólki í gott skap. Ég er búin að gefa út alveg níu lög síðan í desember og það eru að koma tvö lög í viðbót. Það var að koma út lagið „Nei, það var ekki ég“. Það er voða fint svona fyrir kosningarnar. Ég skil ekki af hverju

ég fór ekki í pólitík. Í kvöld er ég einmitt að fara að taka upp myndband við lagið „Ég vinn og vinn og borga skattinn minn,“ segir Guðný kát.

Komu vinsældirnar Guðnýju Maríu á óvart?

„Mér finnst það allavega alveg dásamlegt. En ég er með þetta í genunum eins og þessir snillingar úr Þingeyjarsveitinni, Hörður Áskelsson, Jón Stefánsson og Jón Hlíðdver. Við erum mörg úr Þingeyjarsveitinni sem erum með þessi gen og þessa tónlistarhæfileika.“

Fékkst þú tónlistarlegt uppeldi?

„Ég er mest í tónlistinni, fyrir utan ömmu mína. Hún var bara eins og Bylgjan, syngjandi allan daginn. Ég byrjaði líka snemma og var byrjuð að lesa nótur áður en ég byrjaði að lesa bókstafi.“

Hvenær byrjaðir þú að gera þetta svona af alvöru, taka upp lögín þín og gefa út?

„Það byrjaði síðasta sumar. Fyrst var ég svo feimin, ætli það sé ekki út af því að ég er úr sveit. Ég sagði engum að ég syngi og væri að semja. En svo var ég gestanemandi í MIT í lagasmíðum. Þar lærði ég margt áhugavert. Til dæmis varðandi lengd á lögum. „Okkar okkar páska“ er minna en ein mínúta en „Nú fer ég í helgarfrí“ er alveg fjórar mínútur. Ég vissi ekki hver reglan væri þar sem ég umgengst ekki mikið af tónlistarfólki. En það gaf mér öryggi að fara í MIT og læra betur um þetta. Í kjölfarið fékk ég mér hljóðkort og byrjaði að taka upp. Ég tek allt upp sjálf,“ segir Guðný.

Verður þú vör við að þú sért orðin fræg kjölfar vinsælda mynbandanna? Er fólk jafnvel byrjað að þekkja þig út á götu?

„Já ég lendi oft í því að vera stoppuð úti á götu. Spila mörg gigg líka og fólk má endilega hafa samband við mig ef það vantar eina hressa í veisluna. Ég samdi um daginn mitt eigið afmælislag og því hef ég verið mikið ráðin í afmæli. Fólk vill að ég syngi það í veislunni.“

Ertu að spila einhvers staðar um Verslunarmannahelgina?

„Nei það er ekki búíð að bóka mig enn þannig að við auglýsum hér með að ég er enn laus og alveg til í að spila.“

Með hvaða íslenska tónlistarmanni myndir þú helst vilja starfa?

„Stebba Hilmars, ég væri alveg til í að syngja með honum. Líka Eyþóri, mér finnst hann mjög góður. Veistu, ég hef meira að segja borðið þetta undir hann Stebba, sendi honum líka nokkur lög. Hann sagði að hann þyrfti aðeins að hugsa sig um en við vonum það besta,“ svarar hún og hlær.

Starfar þú við eitthvað meðfram tónlistinni?

„Ég var að vinna í íþróttahúsinu í Garðabæ, Ásgarði. En núna er ég mest að vinna sem aukaleikari. Það hjálpaði mér mikið við að losna við feiminina að byrja að leika.“

En hver eru næstu skref hjá Guðnýju?

„Það eru að koma tvö lög inn á Spotify á morgun og svo erum við að fara að taka upp lag í kvöld við lagið „Ég vinn og vinn og borga skattinn minn“. Svo mæli ég með að fólki skelli „Nei það var ekki ég“ á fóninn í kosningapartýjunum. Það passar mjög vel við.“

Er eitthvað á dagskránni að gefa út plötu eða er framtíðin bara á netinu?

„Það er góð spurning. Það eru eiginlega allir hættir að gefa út plötur. Svo ég held bara áfram að gefa út á netinu á meðan það virkar.“

Hvaða ráð hefurðu fyrir þá sem langar að fara út í tónlistina en eru offeimnir?

„Það er bara að byrja. Ég eyddi allt of löngum tíma í að þora ekki. Maður verður bara að slá til. En það bara gleður mig svo að gleðja aðra. Það er svo skemmtilegt að hafa gaman,“ segir hún brosandí.

Að lokum stillir Guðný sér upp fyrir ljósmyndara og segir glettin: „Það er betra að taka myndir af mér aðeins lengra frá. Ég er svolítið eins og Húsavík, betri úr fjarlægð,“ segir hún og skellihlær. ■



Nett fjölnotataeki MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftigetá: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrifinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð: 6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON



Vigdís Hauksdóttir 1. sæti

Baldur Borgþórsson 2. sæti

Sveinn Hjörtur Guðfinnsson 3. sæti

Sólveig Bjarney Daníelsdóttir 4. sæti

X-M FYRIR BLÓMSTRANDI BORG

MÍÐFLOKKURINN ÆTLAR AÐ:

- ✓ Forgangsraða fjármagni borgarinnar í grunnþjónustu.
- ✓ Margfalda húsnæði fyrir fjölskyldur og ungt fólk í úthverfum borgarinnar.
- ✓ Bjóða upp á gjaldfrjálsan mat í grunnskólum borgarinnar.
- ✓ Skipuleggja nýtt svæði fyrir þjóðarsjúkrahús að Keldum.
- ✓ Standa vörð um að flugvöllurinn verði áfram hjarta allra landsmanna í höfuðborginni.
- ✓ Bæta gatnakerfið og stytta ferðatímann fyrir fjölskyldubílinn.
- ✓ Bjóða upp á gjaldfrjálsan Strætó fyrir þá sem eiga lögheimili í Reykjavík.
- ✓ Tvöfalda upphæð Frístundakortsins úr 50.000 kr í 100.000 kr.
- ✓ Fjölga kennslustundum í verk-, tækni-, og listgreinum grunnskóla.
- ✓ Stórefla Vinnuskóla fyrir 13 til 18 ára með auknu starfsvali.



FORELDRAR EINA

Sagði Atli allan sannleikann?

■ Skilaboð frá miðlum ■ Atli sagði Einar á lífi ■ Leitaði með fjölskyldunni

Víð stöndum öll ráðþrota frammi fyrir þessu og skiljum ekki hvað hefur getað gerst. Einar Örn er ekki maður þeirrar gerðar að hann láti sig hverfa á þennan hátt. Það er óhugsandi.

Þetta sagði Atli Helgason lögfræðingur skömmu eftir hvarf Einar Arnar Birgissonar. Atli drap Einar Örn með því að berja hann ítrekað með hamri í höfuðið 8. nóvember árið 2000. Árásin átti sér stað í Öskjuhlíð. Atli hefur sagt að hann hafi verið sturlaður af kókaínneyslu þegar hann drap Einar og kom honum fyrir í skotti bifreiðar en talið er að Einar hafi verið með lífsmarki á þeirri stundu. Atli átti síðan eftir að taka þátt í leitinni að Einari, sitja fundi með fjölskyldunni og furða sig á hvarfinu í samtali við fjölmiðla. Morðið á Einari er eitt þekktasta sakamál sem upp hefur komið hér á landi. Þjóðin var slegin óhug þegar hinn ungi, reglusami dugnaðarforkur hvarf sporlaust og buðust ótal Íslendingar til að taka þátt í leitinni. Má segja að andrúmsloftið hafi verið svipað á þessum tíma og þegar Birnu Brjánsdóttur var leitad. Fjölskylda Einar heldur því fram að Atli hafi aldrei sýnt í verki að hann sjái eftir að hafa myrt Einar. Atli sat í fangelsi í níu ár vegna morðsins. Birgir Örn Birgis faðir Einar sagði í viðtali árið 2016:

„Hann hefur aldrei nokkurn tíma gert eitt eða neitt til að sýna iðrun. Mér finnst það bara vera í beinu framhaldi af því hversu útsmoginn hann var á meðan þetta var að ganga yfir.“

Atli hefur frá því að morðið var framið verið áberandi í fjölmiðlum. Hann var talsmaður fanga og var margsinnis á síðum blaðanna vegna þessa. Þá hefur hann farið í viðtöl til að ræða um morðið á Einari og eins út af öðrum smærrimálum. Atli fékk uppreið æru árið 2016. Það sama ár lagði hann fram beiðni um að fá lögmannsréttindi



Einar Örn var elskaður og dádur af fjölda manns. Hans er enn í dag sárt saknað en minningin lifir.

sín aftur. Hann dró síðan beiðnina til baka og sagði þá ákvörðun byggja á að hann hefði endurvakið þjáningar aðstandenda Einar. Hann ákvað svo að sækja um réttindin að nýju en ekki er vitad um ástæður þess að Atla snerist hugur og ákvað að óska eftir réttindunum á nýjan leik en hann var sviptur þeim eftir morðið á Einari.

Atburðarásin

Atli og Einar Örn voru viðskiptafélagar og höfðu nýverið opnað tfskuverslunina GAP Collection á Laugavegi 7. Það hafði verið nokkuð áttak að opna búðina en með eljusemi Einar hafði það tekist. Einar átti 80 prósent í fyrirtækinu en Atli 20 prósent. Atli og Einar kynntust í gegnum knattspyrnuna. Atli var fyrirliði Víkings þegar



Það er bara staðreynd með þennan mann. Það er sama við hvern þú talar. Það var ekki einn illan blett á Einari að finna.

Einar Örn hóf að leika þar með meistaraflokki og var fyrirmynd allra ungra drengja í félaginu. Úr Víkingi lá leið Einar í Val, þaðan í Prótt og svo til norska 1. deildarliðsins Lyn í Ósló þar sem Einar lék eina leiktíð. Eftir heimkomuna frá Noregi gekk Einar Örn til liðs við KR en hætti hjá félaginu vegna ósættis við þjálfara KR, Pétur Pétursson. Kallaði Einar Örn þá Atla féлага sinn til liðs við sig til að standa að samningi um starfslok sín hjá knattspyrnudeild KR.

Atli Helgason starfaði um tíma á lögmannsstofu Atla Gíslasonar og var látinn hætta þar vegna ógátilegrar meðferðar á fjármunum lögmannsstofunnar. Var talið víst að það atferli Atla tengd-

ist neyslu hans og viðskiptum með fíkniefni sem hann var háður. Reyndu velunnarar Einar að vara hann við ástandi viðskiptafélagans rétt áður en tfskuverslunin þeirra var opnuð en Einar sagðist bera traust til féлага síns og taldi hann vera hætta öllu rugli.

Einar Örn var gláður í bragði síðdegis þann 7. nóvember árið 2000 þegar hann kvaddi starfsfólk sitt í GAP Collection. Um nóttina horfði hann á bandarísku forsetakosningarnar og svaf fram eftir þann 8. nóvember. Einar mælti sér mót við Atla. Hann hringdi í verslunina og lét vita að hann ætti fund með Atla. Einnig sagði hann verslunarstjóranum að Atli hefði greint frá því að ökutæki hans væri bilað og að Atli hefði beiðið hann að aðstoða sig. Var verslunarstjórinn hissa á því þar sem bíll Atla hafði skömmu áður verið í viðgerð.

Miklir áverkar en sagði Atli allan sannleikann?

Ekkert spurðist til Einar eftir þennan dag en Atli er einn til frásagnar um atburðarásina. Telja ættingjar að hann hafi aldrei sagt alla söguna. Atli segir að þeir Ein-

Æviferill Atla Helgasonar í hnotskurn

7. mars 1967 Fæddist í Reykjavík.

September 1980 Missir bróður sinn á voveiflegan hátt.

31 nóvember 1984 Missir föður sinn.

1987 Stúdent frá Fjölbrotaskólanum í Breiðholti.

1987 Fer úr Prótti til Víkings.

1989 Eignast barn.

September 1991 Leiðir Víking til sigurs á Íslandsmeistaramótinu í knattspyrnu.

September 1991 Ásgeir Eliasson velur hann í landsliðshópinn. Hann kemst þó ekki í liðið.

1993 Yfirgefur herbúðir Víkings og gengur til liðs við Val.

1993 Útskrifast sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands.

1993 Hefur störf á lögmannsstofu Atla Gíslasonar.

1996 Hættir störfum hjá lögmannsstofu Atla Gísla-

sonar 1996. Fer í meðferð vegna fíkniefnaneyslu.

1999 Er bústjóri í dánarbúi Agnars W. Agnarssonar sem Þórhallur Ölver Gunnlaugsson banaði á Leifsgötu 16. júlí 1999.

Sumarið 2000 Er lögmaður Einar Arnar Birgissonar þegar samningi hans við KR er rift í október.

2000 Verslun Atla og Einar Arnar, GAP Collection, opnuð 8. nóvember.

2000 Er valdur að dauða Einar Arnar Birgissonar 14. nóvember.

2000 Handtekinn af lögreglunni, grunaður um aðild að hvarfi Einar Arnar 16. nóvember.

2000 Játar að hafa banað Einari Erni.

Maí 2001 Dæmdur í 16 ára fangelsi.

2001 Segir frá því í viðtali í bók hvernig neysla eiturlyfja hafi breytt honum í mórðingja.

2003 Sendir opið bréf í DV og gagnrýnir refsikerfið.

2004 Segir í viðtali við DV að fyrsta eina og hálfra árið hafi verið hreint helvíti á Litla Hrauni.

2004 Svarar spurningu dagsins á DV og segir enga stefnu vera í fangelsismálum. Hún snúist aðeins um refsivist. Atli tjáði sig ítrekað við fjölmiðla á þessum árum sem talsmaður fanga.

2005 Fær dagsleyfi úr fangelsi og fer í jarðarför og kaupir ís með fjölskyldunni.

2010 DV greinir frá því að Atli sé laus úr fangelsi eftir níu ára vist á Hrauninu og sé kominn á Vernd.

2014 DV greinir frá því að Atli Helgason sé hluthafi í Versus lögmönnum.

2015 Fær uppreið æru.

2016 Sækir um lögmannsréttindi en hættir við.

2018 Fær lögmannsréttindi aftur.



ARS DÓU ÚR SORG



Foreldrar Einars.

„Atli sat álútur við hlið lögmanns síns, leit vart upp, svaraði gjarnan með lokuð augu og grúfði höfuðið í greipar sér.“

Hvernig Einar átti að hafa fengið Atla til að byrja aftur í neyslu var eðlilega spurt. Atli svaraði því til að þeir hefðu saman neytt amfetamíns – þögn sló á fólk og menn litu hver á annan enda fór orð af Einari Erni sem bindindismanni. Greinilegt var að fjölskylda Einars og fleiri í dómsalnum gáfu ekki mikið fyrir sannleiksgildi þessarar fullyrðingar. Ekki var laust við að fleirum þætti hún til hreinnar og beinnar óþurftar fyrir ákærða sjálfan. Stjórnandi lögreglurannsóknarinnar fullyrti síðan að ekkert hefði komið fram um að Einar hefði neytt neinna fíkniefna. Á hinn bóginn hefði það verið upplýst að hann hefði verið á mótí áfengisölvun og fíkniefnum – hann hefði t.d. einungis neytt víns með mat. Þegar saksóknari spurði Atla um það hvort einhver annar gæti staðfest að þeir hefðu neytt fíkniefna saman sagði Atli að hann gæti það ekki.

Á meðan hvert vitnið á fætur öðru var leitt í dómsalinn grúfði Atli yfirleitt höfuð í greipar sér með lokuð augu – ekki síst þegar heimilislæknir fjölskyldu Einars Arnar og sálfræðingur sambýliskonu hans lýstu liðan fólksins undanfarna mánuði. ■

ar hafi rætt um fjármál og það hafi soðið upp úr. Þá hafi Atli slegið hann með hamri í höfuðið. Atli hefur haldið fram að hann hafi eftir högginn þungu reynt hjartahnoð og að blása lífi í Einar. Áverkar á líkinu voru miklir, sérstaklega á höfði. Atli kvaðst „í mesta lagi“ hafa slegið Einar Örn tvisvar með hamri. Lögreglumaður sem rannsakaði morðstaðinn, það er bílastæði í Öskjuhlíð, kom fyrir dóm-inn og sagði að miðað við þá áverka sem Einar hlaut hefði blóð átt að finnast á staðnum. En ekkert slíkt fannst í Öskjuhlíð – aðeins við gjótu í hrauninu við Grindavík-veg þar sem Atli benti lögreglu á líkið nokkrum dögum síðar. Líklega hefur Einar verið nýlátinn eða með lífsmarki þegar Atli losaði sig við líkið í Arnarseturshrauni ekki langt frá Grindavík. Hundruð manna og kvenna leituðu Einars og öll þjóðin fylgdist með.

„Við Einar vorum báðir búnir að vinna mikið fyrir opnunina og vorum þreyttir en það var ekkert í fari Einars sem benti til þunglyndis. Hann er ákaflega jákvæður og hvers manns hugljúfi og það var einmitt þetta þægilega og jákvæða viðhorf hans sem varð til þess að hann tryggði okkur GAP-umboðið hér á landi,“ sagði Atli Helgason í viðtali við DV á meðan leitinn stóð yfir. Í sama viðtali lét hann hafa þetta eftir sér: „Einar hringdi í mig klukkan rétt rúmlega tíu á miðvikudagsmorguninn og sagðist þá vera á leiðinni til mín; yrði kominn innan fimm mínútna. Síðan hef ég ekki heyrt frá honum. Ég stend á gati og hugsa í hringi því ég skil þetta ekki.“

Skilaboð frá miðlum – Atli segir Einar á lífi

„Atli reyndi að komast hjá því að

taka þátt í leitinni og sagðist meðal annars þurfa að fara með konuna sína til tannlæknis. Hann lét þó til leiðast að lokum en menn tóku eftir því að hann var hálfutan-gátta við leitina,“ sagði einn heimildarmanna DV og bætti við að Atli virtist ruglaður og úti á þekju. DV ræddi einnig við Atla á meðan leit stóð, en að kvöldi föstudags lýsti Atli harmi sínum vegna hvarfs félaga síns og sagðist standa á gati og hugsa í hringi. Að öðru leyti virtist Atli yfirvegaður og í jafnvægi. Honum varð tíðrætt um hversu undarlegt það væri að leitarhundar hefðu ekki fundið nein spor frá bifreið Einars Arnar þegar hún fannst um síðir við Hótel Loftleiðir. Þá gat hann þess sérstaklega að fjölskylda félaga síns, sem væri harmi slegin, hefði leitað til fjölmargra miðla í örvæntingu sinni og þeim bæri öllum saman um að Einar Örn væri á lífi. Fjórum sólarhringum síðar var Atli Helgason handtekinn, grunaður um að eiga aðild að hvarfi félaga síns.

Leitaði með fjölskyldunni

Atli tók þátt í víðtækri leit sem fjölskylda og vinir Einars skipulögðu ásamt björgunarsveitum og lögreglu. Þá mætti hann einnig á bænastundir og fór í viðtöl við fjölmiðla. Þar lýsti hann yfir djúpum áhyggjum vegna „vinar“ síns. Sex dögum síðar var hann handtekinn og framkvæmd húsleit á heimili hans. Þar fundust blóðug fót. Þá kom einnig í ljós að símar þeirra höfðu verið á sama svæði á Suðurnesjum. Atli var kominn út í horn og játaði morðið.

Kenndi Einari um neysluna

Óttar Sveinsson blaðamaður var í réttarsal þegar málið var tekið fyrir. Hafði hann setið nokkur rétt-

arhöld vegna morðmála. Fullyrti hann að aldrei hefði verið eins tilfinningaþrungin andrúmsloft í dómsal. Óttar skrifaði:

„Atli, sem sat mestallan daginn álútur við hlið lögmanns síns, leit vart upp, svaraði gjarnan með lokuð augu og grúfði höfuðið í greipar sér. Kannski ekki undarlegt

því öll fjölskylda Einars heitins – sambýliskona, foreldrar, systkini og fleiri fylgdust með hverju orði og hverri hreyfingu örfáa metra frá sakborningnum og heill hópur fréttamanna að auki. Í dómsal vildi Atli meina að Einar hefði átt þátt í því að hann hefði byrjað aftur í neyslu.“

Saga Atla Helgasonar

■ Missti bróður sinn og föður ■ Bróðir ók í höfnina með lögregluna í eftirför

DV fjallaði ítarlega um æsku, bakgrunn og uppvöxt Atla Guðjóns Helgasonar. Birtist hún hér að mestu óbreytt. Árið 1967 fluttu ung hjón með þrjú börn vestan af Holtsgötu inn í nýbyggt raðhús við Sæviðarsund. Þetta sama ár fæddist þeim fjórða barnið sem var þriðji sonurinn og var skírður Atli Guðjón Helgason. Húsbóndinn vann í Landsbankanum en húsmóðirin sinnti stækkandi barnahópnum sem að lokum taldi sex börn. Þarna ólst Atli Guðjón upp við ástríkt uppeldi í miðjum stórum systkinahópi. Í hverfinu var mikið af barnafjölskyldum á þessum tíma, þetta var útjaðar borgarinnar og þarna bjó unga fólk. Kjölfestan í leik og starfi barnanna í hverfinu var knattspyrnufélagið Þróttur en völlu félagsins og höfuðbækistöðvar eru steinsnar frá heimili Atla.

Atli Guðjón gekk í Langholts-skóla og var skólaganga hans án stórtíðinda en þegar hann var þrettán ára haustið 1980 varð stórfjölskyldan í Sæviðarsundinu fyrir fyrsta stóra áfallinu. Elsti bróðir Atla lést með sviplegum hætti aðeins 25 ára að aldri og lét eftir sig eiginkonu og eitt barn. Dauða hans bar að með þeim hætti að lögreglan veitti bil hans eftirför vestur Skúlagötu að næurlagi seint í september. Á móts við afgreiðslu Akraborgarinnar snarþeygði bíll hans og ók beint fram af bryggjunni. Kafari fann bíllinn 15-20 metra frá bryggju með allar hurðir læstar og ökumanninn látinn. Við þetta áfall segja kunnugir að fjölskyldan hafi dregið sig inn í skel og ekki náð að vinna úr sorginni með þeim hætti sem nú er gert. Atli leit mjög upp til bróður síns sem var snjall knattspyrnumaður og honum góð fyrirmynd á flestum sviðum. Fjölskyldan hélt áfram lífsbaráttu sinni en næsta áfall var mjög skammt undan þegar heimilisfaðirinn lést snögglega með sviplegum hætti á heimili fjölskyldunnar í lok október 1984. Fráfall hans kom eins og reiðarslag bæði fyrir fjölskylduna og félagi hans og varpaði skugga yfir fjölskylduna sem hefur haft áhrif á hana til þessa dags.

Þrátt fyrir þessi áföll hélt Atli sínu striki í námi og lauk stúdentsprófi frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti vorið 1987. Hann hafði æft knattspyrnu með Þrótti í sínu heimahverfi en nú skipti hann um félag og gekk til liðs við Víking. Það er mál manna sem þekktu Atla og umgengust hann á þessum árum að hann hafi verið einbeittur glaðvær félagi sem átti velgengi að fagna í leik og starfi. Hann var félagslyndur og opinskár og enginn virðist hafa orðið var við í fari hans áhrif þeirra áfalla sem á fjölskyldunni höfðu dunið.

Velgengi í leik og starfi

Eftir stúdentspróf settist Atli á skólabeck í Háskóla Íslands og lærði lögfræði. Hann æfði stíft með Víkingi, varð fyrirliði liðsins og leiddi það til sigurs í Íslandsmeistarakeppni árið 1991. Á þessum árum var Atli í sambúð með unnustu sinni og þau eignuðust saman barn 1989. Atli útskrifaðist úr lögfræðinni vorið 1993 með II einkunn, 6,74, og skrifaði lokarit-

gerð sína í lögfræði um samþjöppun félaga. Eftir útskrift réðst hann til starfa á lögmannsstofu Atla Gíslasonar, nafna síns og félaga úr Víkingi, sem var meðal þekktra stuðningsmanna liðsins.

Þeir sem störfuðu við hlið hans í knattspyrnunni segja hann hafa verið vinmargan og lífsglaðan mann sem var gæddur talsverðum leiðtogahæfileikum og var auk þess góður knattspyrnumaður. Atli skipti um íþróttafélag árið 1994 og gekk til liðs við Val og lék þar til ársins 1997 þegar hann lagði fótboltaskóna á hilluna.

„Atli hafði sérstakan hæfileika til að villa á sér heimildir og koma öðruvísi til dyranna en hann var klæddur. Hann var „blöffari“, vel klæddur og greiddur en vandaði ekki alltaf meðulin sem hann beitti,“ sagði gamall addáandi hans frá Víkingsárunum. „Hann var til dæmis sérfræðingur í að taka aukaspurnur á öðrum tíma en bæði dómari og leikmenn áttu von á – en þó innan settra reglna.“

Skuggar fíkniefna birtast

Svo virðist sem það hafi verið um líkt leyti og Atli útskrifaðist úr lögfræðinni sem hann fór að neyta örvandi efna, s.s. amfetamíns og kokaíns. Leitaði hann sér meðferðar við vímuefnavanda sínum á meðferðarheimili árið 1996 um líkt leyti og honum var sagt upp vinnu á lögfræðistofunni. Orsakir uppsagnar hans voru fjárdráttur sem mun hafa tengst neyslu vímuefna. Meðferðin gekk vel og mun Atli hafa verið samvinnuþýður og opinskár við meðferðaraðila sem þar störfuðu og voru þeir bjartsýnir fyrir hans hönd. Hann leigði sér skömmu síðar aðstöðu á lögfræðistofu í Borgartúni í félagi við nokkra aðra lögfræðinga en tók lítinn virkan þátt í samstarfinu við þá heldur hélt sig út af fyrir sig.

Blekkta hann alla?

Svo virðist sem nokkur straumhvörf hafi orðið á ferli Atla árið 1997 þegar hann hætti að leika fótbolta. Upp úr því virðist sem hann hafi leitað á ný á náðir fíkniefna.

Fjölskylda Atla mun allt fram til þess að harmleikurinn í Öskjuhlíð varð lýðum ljós hafa trúað því statt og stöðugt að hann væri laus undan oki vímuefna og lifði hefðbundnu lífi í samræmi við þann árangur sem hann náði í fíkniefna-meðferðinni 1996. Margir hafa undrast framkomu Atla í tengslum við leitina að Einari Erni Birgissyni þar sem hann tók virkan þátt á vettvangi og ræddi opinskátt við fjölmiðla um áhyggjur sínar vegna málsins. DV var kunnugt um að eftir að leitun hófst og meðan á henni stóð leitaði Atli meðferðar hjá vönnum meðferðaraðila og fór í gegnum slökunaræfingar og samtalsmeðferð sem áttu að hjálpa honum að losa um spennu vegna þessara atburða.

„Ég neita því ekki að fyrsta eina og hálfu árið eftir þennan vöðatburð var líf mitt hreint helvíti,“ sagði Atli í samtali við DV en bætti við að hann vildi ekki verkun. Þá sagði hann í öðru viðtali að hann hefði ekki viljað missa af þessari reynslu að fara í fangelsi, en bætti við að hann hefði viljað kynnast refsivist með annarri atburðarás.



Lofaðu mér því að koma til mín á hverju kvöldi og kyssa mig góða nótt.

Atli vill ekki tjá sig

Þegar Atli losaði af Litla-Hrauni vildi hann ekki tjá sig við fjölmiðla og afþakkaði beiðni um viðtal. Atli sagði: „Það er nóg komið af þessari mæðu. Það finnst mér.“

Fjölskylda Einars hefur mátt þola það að sjá andlit morðingjans ítrekað í fjölmiðlum í gegnum árin. Seinna flutti hann í nágrenni við fjölskylduna og kom það loft fyrir að fjölskyldan sá Atla bregða fyrir við hinar ýmsu aðstæður. Atli losaði af Litla-Hrauni 2009 og fór þaðan á Verd. Í frétt á RÚV var sagt að hann hefði starfað sem lögmaður frá árinu 2010 en hann var sviptur málflyttingsréttindum árið 2001 vegna morðsins. Atli var skráður eigandi Lögmennastofunnar Versus og voru fjórir lögmenn á stofunni áminntir af Lögmannafélagi Íslands sem mat það svo að þeir hefðu gert Atla kleift að reka lögmennastofu. Þeir sem ekki hafa lögmennaréttindi mega ekki vera skráðir eigendur að lögmennastofum.

Samkvæmt frétt Vísis hóf Atli störf hjá Versus lögmönnum árið 2011 og var um tíma eini eigandinn. Hafnaði hann því að hafa unnið störf sem ekki voru honum heimil. Í frétt Vísis sagði: „Atli tók sæti í stjórn Versus lögmanna í desember 2010 en í varastjórn eft-

að verða við kröfu hans um endurheimt lögmennaréttinda.“

Einstakur persónuleiki, elskaður af vinum og fjölskyldu

Einari er af fjölskyldu, vinum og kunningjum lýst sem einstöku ljúfmenni. Báðir foreldrar hans eru látnir og telja systkini Einars að rekja meg andlát þeirra beggja til þess að missa Einar. Á hjarta Birgis, föður Einars, hafi verið sár en hann hafi aldrei glímt við hjartveiki af neinu tagi. Birgir sagði í viðtali árið 2016 að fjölskyldan myndi ekki fyrirgefa Atla. Aldís Einarsdóttir lýsti Einari syni sínum á þessa leið:

„Alltaf frá því hann var barn hefur Einar verið mikill gleðigjafi, því hann var alltaf svo líflegur. Maður fyrirgef honum allt, því hann var svo líflegur.“ [] „Hann var hreinn drengur, hjartahreinn og ljúfur.“

Birgir Svan Birgisson, bróðir Einars, ræddi þennan erfiða tíma opinberlega í fyrsta sinn við Helgu Arnardóttur í þættinum Mannshvörf. Þar sagði Birgir: „Það er bara staðreynd með þennan mann. Það er sama við hvern þú talar. Það var ekki einn illan blett á honum að finna.“

Dó úr sorg

Samband Einars við fjölskyldu sína var náð og ræddi hann við móður sína einu sinni til tvisvar á dag. Þá heyrði hann einnig að lágmarki

einu sinni á dag í systkinum sínum. Vegna þessa fallega einlæga sambands hans við fjölskyldu sína var hvarfið strax tekið mjög alvarlega. Birgir segir að fjölskyldan hafi þjappað sér saman og farið með bænir á hverju kvöldi. Þá voru allir sem tengdust Einari þakklátir þeim mikla samhug sem þau skynjuðu frá þjóðinni.

„Þetta hafði gríðarleg áhrif á hana mömmu mína. Blessuð sé minning hennar,“ sagði Birgir. „Við erum sannfærð fjölskyldan, hún lést úr krabbameini í maga, við erum sannfærð um að krabbameinið hafi komið til vegna magasárs sem hún fékk á þessu tímabili.“

Aldís Einarsdóttir, móðir Einars lýsti syni sínum með þessum orðum í Íslandi í dag eftir að í ljós kom að elskulegur sonur hennar hafði verið myrtur.

„Einar er mjög ljúfur og elskulegur drengur og það getur engum þótt annað en vænt um hann.“

Kysstu mig góða nótt

„Þegar ég hugsa um hversu fallega þú kvaddir mig um morguninn líður mér vel. Þegar ég hugsa um þig líður mér vel. En þetta er svo sárt, ástin mín, og ég sakna þín svo mikið. Ég reyni eins og ég get að halda aftur af reiðinni. Ég veit þú vilt að ég sé sterk og dugleg. Ég ætla að vera sterk og dugleg en þú verður að hjálpa mér. Vertu alltaf hjá mér. Mig langar svo að finna fyrir þér. Lofaðu mér því að koma til mín á hverju kvöldi og kyssa mig góða nótt.“ ■



Atli á leið út af lögreglustöð

REYKJAVÍK
LOVES
horses

tix:is



TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Í TÍMA!

LANDSMÓT HESTAMANNA REYKJAVÍK 1.7–8.7 2018

**FORSALA
TIL 15. JÚNÍ**

**VIKUPASSI
18.900 KR.**

VERTU MED FRÁ BYRJUN!



#landsmot2018 • www.landsmot.is
facebook.com/landsmothestamanna

Frambjóðendur Höfuðborgarlistans



1



Björg Kristín Sigþórsdóttir
framkvæmdastjóri



2




Sif Jónsdóttir
viðskiptafræðingur



3



Snorri Marteinson
viðskiptafræðingur



4



Helga María Guðmundsdóttir
hjúkrunarfræðingur



5



Lára Kristín Jóhannsdóttir
félagsliði



6



Sólrún Lovísa Sveinsdóttir
verkfræðingur



7



Böðvar Sigurvin Björnsson
matreiðslumeistari



8



Sigurjóna Halldóra Frímánn
snyrtifræðingur



9



Ingveldur Marion Hannesdóttir
mannfræðingur



10



Jón Gunnar Benjamínsson
forstjóri

| | | | | | |
|----|------------------------------------|-----------------------------|----|-----------------------------------|-------------------------|
| 11 | Valgeir Ólafsson | framkvæmdastjóri | 29 | Jóhanna Ögmundsdóttir | söluráðgjafi |
| 12 | Hanna Hlíf Bjarnadóttir | verslunarstjóri | 30 | Kristín Birna Bjarnadóttir | vörhönnuður |
| 13 | Rakel Ólafsdóttir | leikskólakennari | 31 | Bryndís Þorkelsdóttir | barþjónn |
| 14 | Jóhanna Guðlaug Frímánn | klippari | 32 | Valgerður Friðþjófsdóttir | húsmóðir |
| 15 | Tinna Líf Jörgensdóttir | viðskiptafræðinemi við HÍ | 33 | Valgerður Aðalsteinsdóttir | atvinnurekandi |
| 16 | Phiangphit Thiphakdi | matráður | 34 | Ásdís Ögmundsdóttir | söluráðgjafi |
| 17 | Ögmundur Ásmundsson Reykdal | framkvæmdastjóri | 35 | Kjartan Guðmundsson | simsmiður |
| 18 | Karen Hauksdóttir | skrudgarðyrkjufraeðingur | 36 | Tinna Ýr Einisdóttir | innanhusarkitekt |
| 19 | Árni Freyr Valdimarsson | jarðfræðingur | 37 | Zlatko Krickic | vöruafgreiðsla |
| 20 | Hrafnhildur Hákonardóttir | einkaþjálfari | 38 | Anna Dís Arnarsdóttir | tölvunarfræðingur |
| 21 | Bergþór Frímánn Sverrisson | nemi | 39 | Zlatko Krickic | leikari |
| 22 | Edda Júlía Helgadóttir | kennari | 40 | Jenný Árnadóttir | ljósmóðir |
| 23 | Margrét Friðriksdóttir | þjónustufulltrúi | 41 | Guðrún Guðjónsdóttir | gleraugnasmiður |
| 24 | Aldís Jana Arnarsdóttir | flugfreyja | 42 | Audjelka Krickic | ellilífeyrisþegi |
| 25 | Zeljko Óskar Sankovic | íþróttþjálfari | 43 | Rut Agnarsdóttir | ellilífeyrisþegi |
| 26 | Alda Ólafsdóttir | íþrotta- og heilsufræðinemi | 44 | Hafsteinn Þór Hilmarsson | þýðandi/landamæravörður |
| 27 | Leo Sankovic | íþróttþjálfari | 45 | Vaiva Strasunskiene | skurdhjúkrunarfræðingur |
| 28 | Georg Sankovic | viðskiptamaður | 46 | Andrés Fr G Andrésson | endurskoðandi |

Kæri Reykvíkingur

Björg Kristín Sigþórsdóttir heiti ég og er oddviti Höfuðborgarlistans sem er nýtt framboð er býður fram í Reykjavík 26. maí næstkomandi. Ég vil sjá breytingar á höfuðborg Íslands, stuðla að mannlegri og góðri borg, brúa bilið milli íbúa og borgarstjóra, en það hefur breikkað mikið síðastliðin ár og þeir sem reka sín erindi upplifa itrekað höfnun og rekast á vegg þegar þeir fá engin svör. Þessu vil ég breyta. Ég vil að

það ríki traust á milli borgarbúa og borgarstjóra. Borgarstjóri sýni auðmýkt og eigi samtál við borgarbúa sem þess óska.

Húsnæðismál eru stærsta velferðarmálið, ég vil að allir hópar samfélagsins hafi kost á því að geta keypt eða leigt húsnæði, aldraðir, ungt fólk, fjölskyldur og einstaklingar, til þess þarf meira framboð af húsnæði og ætlum við að byggja 10.000 íbúðir til handa

íbúum Reykjavíkur. Forgangsröðum verkefnum, endurskoðum lélega samninga og gæluverkefni sem ekki eru að skila sér til útsvars- og skattgreiðenda. Heimgreiðslur verða í boði fyrir foreldra með börn frá fæðingarlofi að tveggja ára aldri.

Íbúar í Reykjavík vilja að meira sé gert í umhverfismálum í borginni og munum við ekki festa svefn í Ráðhúsinu fyrr en mengun er

komin undir viðmiðunarmörk. Almenningsamgöngur eflar, fritt í strætó fyrir námsmenn og 5 til 7 mín. milli ferða á helstu leiðum. Sorpmál í borginni verða endurskoðuð, fráfrenslismál verði tryggð sem og hreinar stendur. Hreint drykkjarvatn verði tryggt til framtíðar. Ég mun tryggja velferð og lífsgæði íbúa og sjá til þess að höfuðborg allra landsmanna sé í fararbroddi, samkeppnisfær við aðrar borgir og stolt okkar svo

eftir sé tekið. Ég mun einnig sjá til þess að aðhalds sé gætt milli ríkis og sveitarfélagsins með hagsmuni íbúa í fyrirrúmi.



Höfundur er borgarstjóraefni Höfuðborgarlistans,

Björg Kristín Sigþórsdóttir.

Stefnumál Höfuðborgarlistans

Húsnæðismál

- Okkar stærsta kosningamál er að byggja 10.000 þúsund íbúðir á kjörtímabilinu, þar af ætlum við að byggja 2-3 þúsund íbúðir í sértækri aðgerð, ætlað sem úrræði fyrir fyrstu kaupendur íbúða og aðra. Höfuðborgarlistinn lofar að bjóða umræddar íbúðir frá 22–30 milljónir á verðlagi dagsins í dag. Um væri að ræða 2ja, 3ja og 4ja herbergja íbúðir.
- Umrædd fjölbýlishús verða byggð í Úlfarsárdal, Grafarholti, Grafarvogi, Norðlingaholti og á Kjalarnesi. Forsenda fyrir vel heppnaðri byggð er góð veltenging. Gott dæmi um það er lagning Sundabrautar sem Höfuðborgarlistinn ætlar að leggja á kjörtímabilinu í samvinnu við ríkið. Umræddar byggingar verða í úthverfum Reykjavíkur þar sem lóðaverð er lægra en í miðbænum. Skilyrði fyrir kaupum er að viðkomandi eigi lögheimili í húsnæðinu í ákveðinn tíma. Þessi leið gefur ungu fólki og öðrum tækifæri til að eignast sitt eigið húsnæði.

Telur flokkurinn æskilegt að þetta byggð frekar?

Höfuðborgarlistinn vill auka lóðaframboð í úthverfum Reykjavíkur og taka til endurskoðunar núverandi þéttingarstefnu. Valdhafar borgarinnar hafa brugðist efnaminnna fólki og þeim sem vilja eignast sitt eigið húsnæði. Almennigur hefur ekki efni á kaupa íbúðir sem kosta 600-700.000 krónur fm á núverandi þéttingarreitum svo sem á Hlíðar-enda, í Skuggahverfinu og í Efstaleiti. Við hjá Höfuðborgarlistanum ætlum að bjóða út 2-3.000 íbúðir sem verða seldar á 22 til 30

milljónir króna á verðlagi dagsins í dag. Um er að ræða 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir sem verða frá um 70 til 100 fm að stærð eða á 300.000 kr. fermetrinn. Þetta er okkar stærsta velferðar- og lífsgæðamál. Það skal tekið fram að Höfuðborgarlistinn telur að þétting byggðar í miðborg Reykjavíkur þurfi ekki að vera slæm en þurfi að vera unnin í sátt við þá íbúa sem þar búa og sinna þörfum þeirra. Höfuðborgarlistinn ætlar í raun að styrkja byggð í úthverfum Reykjavíkur og gera hverfin umhverfisvæn og snyrtileg. Styrkja samgöngur og byggja íþróttamannvirki, sundlaugar og efla þjónustu og verslun innan hverfanna.

Nánar um sértæka úrræði:

- 1) Þegar Höfuðborgarlistinn hefur störf í Ráðhúsinu verður fyrsta verkefnið að skipuleggja og undirbúa lóðaúthlutun í úthverfum Reykjavíkur.
- 2) Samhliða verður undirbúningur hafinn tafarlaust að hönnun 2.000 íbúða sem verður boðin út.
- 3) Í árslok árið 2020 gerum við ráð fyrir að búið sé að byggja 5.000 íbúðir, þar af 2.000 fyrir fyrstu íbúða eigendur. Síðan gerum við ráð fyrir að ná endanlegu markmiði okkar í apríl árið 2022 með íbúð númer 10.000.
- 4) Verktakinn og/eða verktakar fá lóðir úthlutaðar að undan-gengnu útboði fyrir nútíma fjölbýlishús. Verktakinn selur eignir á fyrirfram ákveðnu verði (sjá verð hér að ofan) og með fyrrgreindum fyrirvörum. Miklar kröfur verða gerðar til gæða og afhendingartíma. Opnað verður fyrir umsóknir einstaklinga um leið og búið er að hanna og skipuleggja umræddar eignir fyrir árslok 2018.

Fjölskyldustefna

Forgangsröðun systkina í leikskólum og systkinaafsláttur. Heimgreiðslur fyrir foreldra sem vilja vera heima með börnin til 2ja ára aldurs. Öllum börnum sem hafa náð 18 mánaða aldri tryggð leikskólavist. Fjölskyldukort sem tryggir öllum börnum aðgang að íþróttum, tómstundum og tónlist.

Umhverfisstefna

Höfuðborgarlistinn ætlar að hreinsa borgina og hafa mengun alltaf undir viðmiðunarmörkum. Við viljum koma í veg fyrir að skolp renni óhindrað meðfram ströndum höfuðborgarinnar og munum fara í fyrirbyggjandi aðgerðir hvað þessi mál varðar. Vatnsverndarsvæði Reykjavíkur verða sett á sérstaka vakt, til að tryggja að íbúar hafi alltaf aðgengi að hreinu og ómengduðu drykkjarvatni. Lagning og efnisval við malbikun stofnbrauta verður skoðað sérstaklega. Unnið verður með helstu sérfræðingum landsins á sviði umhverfismála til að tryggja íbúum borg án mengunar.

Samgöngur

Höfuðborgarlistinn ætlar að fjölga hringtengingum í stofnkerfinu, bæta við undirgöngum, kanna möguleika á gangnagerð og byggja mislæg gatnamót, til að hægt sé að létta á umferð um umferðarþyngstu götur og gatnamót borgarinnar. Sundabraut verður sett í algjöran forgang til að tengja Kjalarnes og Grafarvog við miðbæ borgarinnar auk þess sem tenging milli Skerja-



fjarðar og Kársness verður útbúin á kostnað Kópavogsbæjar. Eflum samgöngur með minni umhverfisvænum vögnum sem ganga á 5-7 mínútna fresti. Fritt í strætó fyrir þá sem stunda nám á framhalds- og háskólastigi.

Menntamál

Treysta innviði í menntamálum og valdefla kennara. Reykjavíkurborg mun leggja sitt af mörkum til að efla samstarf atvinnulífs og efstu bekkja í grunnskólum Reykjavíkurborgar og samræmist aðalnámskrá, með sama hætti verði aðgengi nemenda að framhaldsskólum efti. Vikka sjóndeildarhring nemenda t.a.m til iðnnáms, lista og vinnu. Aukum hamingju og lýðheilsu nemenda og kennara. Matur í skólum verði næringarríkur, hollur og góður. Eflum hæfileikafólk og þá sem minna mega sín á hvaða sviði sem er og eflum íþróttir

og hreyfingu daglega og tómstundir við alla skóla.

Höfuðborg landsins

Höfuðborgarlistinn leggur áherslu á að Reykjavík sinni hlutverki sínu sem höfuðborg landsins alls, þannig að eftir því verði tekið. Reykjavík mun aftur verða stolt allra landsmanna, hrein, fögur, umhverfisvæn og örugg. Við viljum hafa flugvöllinn í Vatnsmyrinni, teljum það mikið öryggismál og tryggja þannig verslun og viðskipti samskipti við alla lands-



Skipulagsstefna

Skipulagsmál verða að vera íhaldssöm, unnin til lengri tíma í sátt við íbúa. Borgarbúar og fyrirtæki í borginni eiga rétt á að búa við stöðugt skipulag og öryggi, með framtíð í huga.



„Snýst ekki um landa- mæri, heldur hnöttinn“

■ Geimfarinn Gregory Johnson heimsótti Ísland ■ Þættir í vinnslu um þjálfunarferli geimfara

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Manneskjan er könnuður að eðlisfari og við viljum öll skilja eftir fótspor okkar út fyrir mörk plánetunnar.“ Svo mælir geimfarinn og fyrrverandi herþotuflugmaðurinn Gregory Harold „Box“ Johnson, en hann hefur farið um víðan völl í sínu fagi. Gregory var staddur á Íslandi í rúman sólarhring þegar DV greip hann og ræddi við hann um næstu skref í geimferðarmálum, litla Ísland og stóra drauma.

Gregory var meðlimur áhafnarinnar í hinstu för geimskutlunnar Endeavor árið 2011 og hefur sinnt viðhaldsvinnu við alþjóðlegu geimstöðina. Geimferðastofnunin NASA hefur unnið að verkefni með fyrirtækinu Space Nation.

„Ef þú skoðar hvernig flugíðnaðurinn hefur þróast síðastliðin hundrað ár, þá sérðu að fyrst voru það aðeins þeir ríku eða fyrstu flugmennirnir sem fóru í loftið. Í dag er fátt hversdagslegra en að stíga um borð í flugvél og ferðast um loftin blá. Með tímanum munum við sjá sambærilega

þróun í geimferðalögum, fleiri og fleiri tækifæri til þess að ferðast út í geim. Það er og verður einfaldara en þig grunar.“

Milljón evra á 43 mínútum

„Ég gerðist hluti af Space Nation núna fyrir skömmu. Ég heyrdi hvað þau voru að gera, sem er að auka meðvitund fyrir geimferðalögum, að gera geiminn í raun að aðgengilegra fyrirbæri fyrir hverja einustu manneskju á hnettinum.“

Space Nation var stofnað árið 2013 og í upphafi síðasta árs fór fyrirtækið af stað með netfjármögnun. Strax á fyrstu 43 mínútunum söfnuðust milljón evrur sem var nýtt met í slíkrri fjármögnun, en í heild söfnuðust 3,2 milljónir evra.

Space Nation opnaði lífstílsvef í október 2017 sem nefnist Space Nation Orbit og eru áætlanir á teikniborðinu um að framleiða sjónvarpsþætti sem munu snúast um þjálfunarbúðir fyrirtækisins, en líklegt þykir að þeir verði frumsýndir vorið 2019.

„Þú hleður niður appinu sem kallast Space Nation Navigator og skoðar vefinn og öðlast þá betri skilning á því sem er í gangi í heiminum, hvað geimurinn getur gert fyrir þig og hvernig þú getur gerst þátttakandi og komist út í geiminn.“

„Þetta snýst ekki um eitt land sem aðskilur okkur eða lokar okkur af, heldur alla plánetuna sem við búum á, með engum landamærum. Öllum löndum er boðið og þetta er geimur allra. Þetta verkefni snýst ekki bara um að allir viti af þessu verkefni, heldur það að allir geta verið þátttakendur í því,“ segir hann. „Ekki missa af ferðalaginu. Stökktu um borð og vertu þátttakandi í þessu,“ segir Johnson en hægt er að byrja geimfarabjálfun í gegnum Space Nation Navigator appið sem er hannað í samstarfi við NASA og á



næsta ári mun síðan fyrsti þátttakandinn verða sendur út í geim eftir ítarlegan valferil.

Vakinn af foreldrum og blossinn kviknaði

Aðspurður hvernig áhuginn á geimferðalögum kom til honum var Johnson fljótur að grípa til svars, enda man hann nákvæma dagsetningu og tímunn þegar stjörnuhlampinn og stóri draumurinn varð honum ljós.

„Það var þegar ég var sjö ára og bjó í Michigan. Dagurinn var 20. júlí árið 1969 í kringum níuleytið að kvöldi til. Það var komið fram yfir háttatíma en foreldrar mínir

„Ég veðja á að við munum fyrst byggja búðir á tunglinu áður en við höldum til Mars.“

vöktu mig. Þau settu mig fyrir framán svarthvít sjónvarpið og þá rann draumurinn upp fyrir mér“, segir Gregory sem vísar hér í hinn sögulega atburð þegar Neil Armstrong steig fyrstur manna fæti á tunglið.

„Mér datt aldrei í hug að þessi draumur minn væri raunsær og enn síður að þetta væri möguleiki, en ég

vissi bara að þetta var það magnaðasta sem ég hafði séð. Ég hljóp beint út, horfði á tunglið og hugsaði: „Vá, akkúrat núna er einhver gangandi á þessum hnetti. Einhverjum tókst að stíga á yfirborð tunglsins. Það tók mig 40 ár en ég gerði það að markmiði mínu að sækjast í þau verkefni sem ég elskaði og vildi sinna og

það voru allt þættir sem leiddu að þeim möguleika að ég gæti orðið geimfari. Einhvers staðar á leiðinni þarna opnuðust dyr og ég steig í gegnum þær.“

Kallaður „Box“ – af heimskulegri ástæðu

Gregory útskrifaðist úr Air Force Academy í Bandaríkjunum í maí 1984 og sótti flugþjálfun hjá Reese-flugstöðinni í Texas. Hann gegndi þar starfi flugkennara til ársins 1989. Í desember 1990 var hann svo sendur til Sádí-Arabíu og flaug 34 árásarferðir í „Eyðimerkurstorms-aðgerðinni“ (Operation Desert Storm) í Persaflóastríð-

Það var spenna, það var titringur, það var kvíði...

inu. Gregory gekk til liðs við NASA árið 1998 og flaug sína fyrstu ferð árið 2008 sem stjórnandi vélarms flaugarinnar. Hann var síðan flugmaður Endeavour geimskutlunnar í síðasta flugi hennar árið 2011.

„Ég geri mér grein fyrir heppni minni og ég vissi að það væru 100 manns í kringum mig með sama draum, sem voru alveg jafn hæfir og ég. Svo var ég valinn og allt gekk upp í kjölfarið. Ég skemmti mér konunglega á meðan á öllu þessu ferli stóð og þetta varð síðan allt betra og betra.“

Gælunafnið sem Johnson hlaut í flughernum var „Box“. Segir hann að tilurð þess og slíkra nafna hafi ekki komið með eins svölum hætti og sést venjulega í Hollywoodmyndum og vitnar hann í Maverick og Iceman úr Top Gun. „Yfirleitt fylgja svona nöfnum mjög kjánalegar sögur og mín er engin undantekning.“

Gregory segir nafnið hafa orðið til þegar hann þjónaði í Persaflóastríðinu. Hann hlaut bakmeiðslu sem leiddi til þess að hann var sendur heim fyrr en áætlað var. Allir munir hans voru settir í kassa og honum stillt upp fyrir utan tjaldið hans þar sem þeir biðu eftir að hann kæmi til baka. Ekki leið á löngu þar til ekki var talað öðruvísi um hann heldur en sem „Box“ Johnson, sem var áletrunin á kassanum, og nafnið festist við hann.

Tilfinningaskalinn sprakk

Í mars 2008 tókst geimskutlan Endeavour á loft frá Kennedy-geimferðarmiðstöðinni í Flórída. Verkefnið var að flytja búnað fyrir japönsku rannsóknarstofuna í Alþjóðlegu geimstöðinni (ISS) og sinna viðhaldsvinnu svo stöðin yrði áfram starfhæf.

Gregory segir tilfinninguna að vera skotið upp í geim í fyrsta sinn vera ævintýri líkasta og aðspurður hvað hafi verið það fyrsta sem hann hugsaði við flugtak svaraði hann kátur á móðurmálinu með einföldum hætti: „Holy shit!“

Segir Gregory að skilningarvitin hafi farið í kerfi, að tilfinningaskalinn hafi hreinlega sprungið. „Ég hafði þjáfað mig fyrir þetta í næstum 10 ár í hermunum, en enginn hermír getur nokkurn tímann skapað tilfinninguna þegar sjö milljón punda sprenging þrýstir þér í loftið á svipstundu,“ bætir hann við. „Það var spenna, það var titringur, það var kvíði, það var ljós. Flugtakið átti sér stað um miðja nótt og lýsti upp Flórídaströndina og endurkastaðist ljósið af skýjunum. Þetta var eins og eitthvað úr kvikmynd.“

Um leið og Gregory jafnaði sig á þessu fyrsta „sjokki“ snérist þetta um að fara aftur í vinnugírinn. „Við vorum öryggir, kannski örlítið hræddir en að sama skapi vorum við vel þjáfaðir, spennir að vera þarna en höfðum ekki hugmynd um hvað það var sem beið okkar,“ segir hann. „Þetta var vægast sagt ótrúlegt allt saman. En það sem ég vissi ekki, aftur á móti, var að ég myndi endurtaka þennan leik aðeins þremur árum seinna.“

Geimfarinn vitnar í seinni ferð sína árið þegar geimskutlan Endeavour flaug sína síðustu för árið 2011.

„Þarna var skotið upp að



morgni til. Við settumst í skutluna og fylgdumst með sólarupprásinni áður en við héldum af stað. Það var kyrrð yfir sjónum, kyrrð og ró yfir öllu í auglýn, þangað til að allt fór af stað. Um leið og vélarinn fóru í gang fór ég að hugsa: „Hvað er ég að gera hérna? Þetta er klikkun. En svo rann það af mér og ég var aftur kominn í vinnugírinn, en bæði flugtökin eru með bestu lífsreynslum ævi minnar, án efa.“

Píparinn, brytinn, þernan og verkfræðingurinn

Samsetning alþjóðlegu geimstöðvarinnar hófst árið 1998 með samvinnu 15 þjóða. „Þessi stöð hefur verið starfandi samfleytt í næstum því 18 ár, frá nóvember 2000,“ segir hann. „Krakkar sem eru að útskrifast úr menntaskóla í dag hafa lifað allt sitt líf á meðan fólk er stadd í geimnum að vinna allan sólarhringinn,“ segir Gregory.

Að sögn geimfarans taka leiðangrar og verkefni hjá geimstöðinni hátt í þrjátíu sex mánuði að jafnaði, jafnvel heilt ár. Ferðir Gregorys stóðu í tvær vikur, sem hann segir vera óvenju þjappaðan tímaramma fyrir verkefni af þessari stærðargráðu.

„Þetta var meira spretthlaup heldur en maraþon, þannig að tíminn var afar naumur og sama sem enginn frítími, hvorki til að slaka á né fá tugaáfall. Við héldum okkur uppteknum allan tímann. Sem flugmaður var mitt starf að stjórna geimskutlunni og stýra henni að stöðinni. Ég sá um stjórnkerfin og fleira.“

„Þegar við vorum komin í geimstöðina voru starfsheiti mín mörg. Ég var píparinn, ég var þernan, brytinn, kokkurinn, verkfræðingurinn. Ég gerði við leka og stjórnaði róbotaörmunum. Ég gekk aldrei á neinu yfirborði í geimnum en það var svolítið undir mér komið að halda öllu gangandi, halda öllum heilum, passa að verkefnunum yrði sinnt á réttum tíma og ganga í það sem þurfti að gera.“

Snjór um sumar og gamall hamborgari

Gregory lét fara vel um sig þennan stutta tíma sem hann dvaldi á Íslandi. „Ísland er gullfallegt, þrátt fyrir grimmt veðurfar. Þetta er í fyrsta sinn sem ég kem hingað og á þessum sólarhring er ég búinn að upplifa vind, rigningu, slyddu og jafnvel snjó og það um sumar.“

Þá bætir hann við: „Ég sá reyndar síðasta hamborgarann sem var keyptur á McDonalds á Íslandi. Hann var hátt í níu ára gamall og lítur nákvæmlega eins út og nýr, jafnvel franskarnar líka. Ég veit ekki hvort það sé góður eða



Hjörtur og Gregory.

slæmur hlutur,“ segir hann og vitnar í hamborgarann á Bus Hostel í Skógarhlíð þar sem hann er nú til sýnis fyrir gesti og gangandi.

Hjörtur Smáráson var sá sem keypti síðasta McDonalds-hamborgarann og lánaði staðnum hann þegar Þjóðminjasafnið hafnaði gripnum. Nú vinnur Hjörtur hjá Space Nation og segir við DV að framundan séu bjartir tímar í geimferðamálum.

Byltingarkennd tækniþjung

„Það var rosalegur áfangi í fyrsta lagi að senda mann út í geim, sem gerðist 1961, og í öðru lagi að ná að lenda á tunglinu og koma heim aftur. Væntingarnar voru gríðarlegar, næst er það bara mars eða einhver önnur pláneta,“ segir hann og nefnir að myndir eins og Star Trek og Star Wars hafi ýtt mikið undir þennan áhuga.

„Spennurinn fyrir áframhaldandi geimferðum var enn til staðar þegar ég var krakki en svo held ég að hann hafi dvínað því það hefur í rauninni ekkert stórt gerst,“ segir Hjörtur.

„Geimstöðin var vissulega byggð en hún er ekki nýtt svæði sem við erum að komast inn á. Það er ekki fyrr en Elon Musk byrjar með sín ævintýri og fyrst voru það bara nördarnir sem fylgdust með honum og höfðu tiltölulega litla trú á honum. Svo er það ekki fyrr en í byrjun árs þegar Musk sendir upp geimskutluna sína með Tesluna innanborðs með Space Oddity með David Bowie á fullu í útvarpinu, og stóð Don't Panic á skjánum og það var fullkomið, algjörlega fullkomið og endurvakti aftur áhuga á geimferðum og sýndi fólki að það væri aftur eitthvað að gerast, að mannkynið væri að ná nýjum áfangum.“

Hjörtur segir að Musk telji líklegt að við getum byggt nýlendur á Mars í kringum árið 2030. „Það eru enn ákveðnar hindranir sem koma í veg fyrir að það sé hægt, ekki bara hvað varðar tíma og peninga, heldur líka varðandi geislun, sem er stærsta vandamálið. Hitt er hægt að leysa.“

Ég veðja á að við munum fyrst byggja búðir á tunglinu áður en við höldum til Mars, en allt í einu er þetta orðið raunhæft aftur.“


Þá fullyrðir Hjörtur að mikilvæg þróun í nýrri tækni hafi verið þrívíddarprentarinn. „Ef þú spyrð geimfara hvað hefur verið stærsta byltingin

í geimtækni nýlega, þá er það 3D-prentarinn. Við sjáum í dag slíka prentara sem geta prentað hús og bíla og allt slíkt. Þá getum við sett upp búðir á tunglinu og byggt stærri og þyngri geimskutlur þar í einum sjötta af þyngdarafli jarðarinnar. Þá er tunglið mögulega orðin höfn fyrir frekari kannanir út í geim. Með endurnýtanlegum eldflaugum sem lækkar kostnaðinn við geimferðir gríðarlega erum við komin inn í allt annað reikningsdæmi við kostnað við geimkönnun og uppbyggingu á nýlendum.“ ■

Frábært verð og falleg hönnun
Kíktu á sturta.is og skoðuðu úrvalið

sturta.is

Helgarkrossgátan

| | | | | | | | | | | |
|---|--------------------|-------------------|------------------|-------------------|---|--------------------|-----------------|---|------------|------------|
|  | → | | | | | fiskar | skáld | Teikning: NN eftirprentun bommuð | bátaskýlið | kröpp |
| | | sagginn | | | | | 1 | | | |
| | | eldstæði | | | | | | áttund samtök | | |
| | | 2 eins | | | | | forað 3 eins | | | |
| | | batna verslun | | | | | | | | |
| krossgátugerð: Bjarni sími 845 2510 | ↓ | mælir | skundaði | iskur 1500 | | | | ennfremur | | slanga |
| þvala | | | | | ↓ | gapti hreint | | 2 | | |
| kræsin | 6 | | | | | | elgur óreiða | | | |
| gjóta | | | | líkams- hlutar | 5 | ↓ | | | | megin |
| stæðu | | | | | | litaðar | | | | |
| brella | | | | 8 | | geimvera hæðir | | sprikla sárara | | |
| | | tæring | álasí | | | | elg | | | keyri |
| uppfyllist | | | 4 | | | | reykja | kusk | | |
| | ↓ | | sólguð peð | | | gjalla áformar | | 7 | sortera | |
| líkams- vefur | | | | vekja þusar | | | | sólguð tvífætlinga | | |
| álpast | | | | | | karldýr | | | | |
| óttast | | | | | | plága | tóm | | | spil |
| | | dampur volduga | | | | | feitin | op | | |
| varðandi | | | aumt þögula | | | | | 2 eins | | vinnuvélin |
| ranglar | | | | | | þurfaling óskað | | | | |
| | dreitill tunnan | | | | | tré einnig | | brak | 3 | tugga |
| næring | | | | grátur áreitt | | | | álit | | |
| dýrahljóð | | | æsi tvíhljóði | | | | | árföður gjamm | | |
| siðar | | | | | | plagað | | | | |
| karldýrið | | | | | | | mann | | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|

Sudoku

Auðveld

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | 2 | | | | | 3 |
| 5 | 8 | | | | 4 | | 9 | |
| | | | 7 | 8 | | 5 | | |
| 3 | | 2 | | | | | 7 | 8 |
| 4 | 1 | 5 | | | | | | |
| 7 | | | 9 | 1 | 2 | | 4 | |
| 8 | | | | | | 2 | 3 | 7 |
| | 2 | | 4 | 6 | | 8 | | |
| | | 3 | | | | | 1 | |

Erfið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|--|--|---|
| 3 | 6 | | | 2 | | | | 1 |
| | | | | 8 | | | | 6 |
| 4 | | | | | 1 | | | |
| | | | 1 | 6 | 3 | | | 7 |
| | | | | | 2 | | | 1 |
| | | 9 | | | | | | 3 |
| | | | 2 | 5 | 6 | | | |
| 9 | | | | | 4 | | | |
| 1 | 5 | | | 3 | | | | |

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ

www.forlagid.is

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Guðjón Árnason

Heiðarbrún 38

810 Hveragerði

Lausnarorðið var **GAMANSEMI**

Guðjón hlýtur að launum bókina Draugasól : Þriggja heima saga #4



Verðlaun fyrir gátu Helgar-
bládsins er Englar Hammúrabís

Englar Hammúrabís

Höfundur: Max Seeck

Englar Hammúrabís er ævispennandi saga um hefnd, stríð, alþjóðlega glæpastarfsemi – og ást.

Starfsmaður finnska sendiráðsins í Zagreb hverfur í kjölfar hótana. Daniel Kuisma og Annika Lehto eru send á vettvang til að grafast fyrir um afdrif lands síns. Þau finna ýmsa þræði sem virðast liggja aftur í tímann, inn í hrylling Balkanstríðsins þegar Daniel var í friðargæslulíðinu í Króatíu... Hvað gerðist raunverulega fyrir tuttugu árum, hverjir eru Englar Hammúrabís – og hver vill þá feiga?

Finninn Max Seeck hefur starfað að markaðsmálum en jafnframt sókkt sér af ástríðu ofan í norræna glæpasagnahefð. Englar Hammúrabís, sem er fyrsta bók hans, vakti mikla athygli í heimalandinu og hlaut Finnsku glæpasagnaverðlaunin.

Sigurður Karlsson þýddi.



Erótískur dans eða frábær íþrótt sem kemur þér í toppform

Polefitness og dans stúdíóið Erial Pole hefur verið starfandi síðan september 2012 og sérhæfir sig í ýmsum og fjölbreyttum afbrigðum af súludansi. Á allra síðustu árum hefur þessi líkamsrækt orðið þekktari og vinsælli. „Þetta hefur verið dálítið tabú,“ segir Monika Konowski, annar eigenda Erial Pole, en hún segir það ekkert feimnismál að súludans geti verið erótískur jafnframt því að vera hörkupúl og mjög holl líkamsrækt:

„Sumar vilja ekki nálgast þetta sem íþrótt heldur vilja bara dansa. Við tökum á móti öllum og erum með alla flórana í þessu hér. Við erum með Lyru þar sem notast er við loftfímlíka hringi og erum svo að fara að byrja með silki sem er annað loftfímlíkaáhalð. Einnig erum við með Flex

líðleikatíma en þar er áherslan lögð á aukinn styrk og líðleika.

Síðan er það súlufitness á stigum eitt til fimm þar sem stig eitt er fyrir byrjendur og stig fimm fyrir þá sem eru lengst komnir; þar er lögð mikil áhersla á að auka styrk og þol og höfum við séð ótrúlegan árangur hjá nemendum sem hafa jafnvel engan bakgrunn í íþróttum. Auk þess erum við með opna tíma þar sem fólk getur komið og æft sig sjálft. Jafnframt erum við með danstíma þar sem kenndir eru alls konar súludansstílar, svo sem „contemporary pole“ og meiri „sensual“ dans. Hjá Erial Pole er líka æfingaaðstaða með lóðum og tækjum þar sem nemendur geta æft samhliða námskeiðum og einnig er boðið upp á einkatíma.“

Fjölbreytnin er gífurleg en Erial Pole leggur líka mikla áherslu á gæði kennslunnar og þjálfunarinnar: „Allir kennararnir hér eru með alþjóðlega viðurkennd kennararéttindi í faginu og við förum reglulega í gegnum simenntun. Kennarar frá Colorado og New York koma hingað einu sinn á ári og eru með fjögurra daga námskeið þar sem við erum átta tíma á dag að læra á fullu,“ segir Monika.


Súludans og fitness er afar holl líkamsrækt og segir Monika að það sem heillar mest sé að nemendur vinna eingöngu með sína eigin líkamsþyngd. Þessi íþrótt stóreykur líðleika, jafnvægi og þol auk þess að styrkja mjög vöðvana. Íþróttin byggir upp langa og vel tónaða vöðva og eflir líkamsmynd hjá þeim sem iðka hana af kappi.

Haldnar eru tvær keppnir í súludansi/polefitness á ári, Pole Theatre, sem er alþjóðleg keppni og mjög þekkt innan sportsins, og Pole Fit Open, sem er innlend keppni.

Erial Pole er stærsta Pole Fitness og Pole dansstúdíóið á landinu og er til húsa að Rauðarárstíg 31, Reykjavík, í bakhúsi. Nánari upplýsingar eru veittar í síma **770-2012** en auk þess eru ítarlegar og áhugaverðar upplýsingar á vefsíðunni erial.is. Þar er meðal annars að finna stundatöflu, upplýsingar um kennara, verðskrá og upplýsingar um alla tíma sem í boði eru. Næstu námskeið hjá Erial Pole hefjast 5. febrúar og því er um að gera að kynna sér þessa áhugaverðu íþrótt og skrá sig á spennandi námskeið.



Tímarvélín



Tveir hrútar

Vil selja tvo hrúta. Álf og Próð, sjá búnaðarrit 61. árg. bls. 183 og 231. Tilboð má senda í Hátún 33 kjallara, Sími 60028.

Jóhann Kristmundsson.

Gamla auglýsingin

Tíminn 15. júlí 1949



Þingmenn heimtuðu geimsíma

Í októbermánuði árið 1996 háðu alþingismenn kjarabaráttu til að fá til afnota svokallaða geimsíma.

Geimsímar voru þó ekki notaðir til þess að ná sambandi við framandi verur á öðrum plánetum, líkt og E.T. hafði í puttanum, heldur ósköp venjulegir GSM símar sem voru þá að ryðja sér til rúms. Geimsímar kostuðu á þeim tíma rúmlega 45 þúsund krónur og kostnaðurinn þá þrjár milljónir fyrir alla alþingismenn.

Í frétt Helgarpóstsins frá 17. október kom fram að þingforsetinn taldi þessa kröfu ekki ósanngjarna en fjárveitingarvaldið væri tregt í taumi enda greiddi Alþingi þegar mörg útgjöld þingmanna.



„ÉG DREP ÞENNAN KÖTT“

„Það eru alveg hreinar línur. Ég drep þennan kött ef ég svo mikið sem sé hann aftur. Svona grimmt kvikindi er til alls líklegt,“ sagði reiður íbúi í Vesturbænum í samtali við DV 16. júlí árið 1986. Átti hann þar við síamskóttinn Tomma sem hafði gert íbúum hverfisins lífið leitt.

Helgina áður hafði hann til dæmis komist inn í kjallarábúð, rífið í sig rækjur og lærisneidar, og skilið stofuna eftir eins og vígvöll. Að sögn íbúa hafði Tommi, sem gjarnan var kallaður Litla ljónið, látið aðra ketti hverfisins finna ærlega til tevatnsins.

Ólöf Þorsteinsdóttir, eigandi Tomma, sagði hins vegar að hann hafi ávallt verið ljúfur sem lamb en viðurkenndi að hún myndi þurfa að láta hann frá sér. „Það fer ekki gott orð af honum hér í Vesturbænum. Hann verður ekki seldur neinum hér í hverfinu.“

BLÓÐBAD Á SUÐURNESJUM

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Árið 1532 urðu blóðug átök á tveimur stöðum á Suðurnesjum á milli Íslendinga, Þjóðverja og Englendinga, þar sem tugir manna féllu. Atburðirnir, sem voru einstaklega óvægnir og grimmdarlegir, hafa verið nefndir Grindavíkurstriðið og snerist í grunninn um verslunar- og fiskveiðihagsmuni stórveldanna hér á landi.

Stórveldaslagur í uppsiglingu


Englendingar hófu að sigla hingað til lands í upphafi fimmtándur aldar og í áratugi sátu þeir svo til einir að bæði verslun og skreiðarveiðum í mikilli óþökk Danakonungs. Um 1470 fengu þeir hins vegar samkeppni þegar þýsk skip fóru að venja komur sínar hingað. Það mætti segja að fyrsta blóðdropanum hafi verið spillt árið 1467 þegar Englendingar drápu hirðstjórnann Björn ríka Þorleifsson árið 1467 en hann hafði fengið það hlutverk að hefta ólöglega verslun Englendinga við strendur Íslands. Björn gekk að Englendingum á verslunarstöð þeirra á Rífi á Snæfellsnesi og endaði sá bardagi með mannfalli Íslendinga en sonur Björns var tekinn til fanga.

Englendingar voru með verstöðvar víða um land, þar af mjög öflugar á Suðurnesjum. En þýskir Hansakaupmenn komu sér upp bækestöð í Hafnarfirði og nutu þeir velvildar Dana enda þýsku borgrikin hliðholl Danmörku í alþjóðastjórnámalunum. Það sem flækti stöðuna á Íslandi voru viðskiptatengsl hinna þriggja þjóðanna sem voru nán. En átökin uxu dag frá degi og árið 1518 skarst í brynu milli Englendinga og Þjóðverja í Hafnarfirði. Skæru og sjórán voru tíð, sérstaklega af hálfu Englendinga og tjón Hansamanna tölulvert, bæði í mannlífum og varningi. En umsvif Þjóðverja jukust dag frá degi og þeir vildu rétta sinn hlut.

Afhöfðanir og pyntingar á Básendum

Í mars árið 1532 sigldi skipstjóri að nafni Ludtkin Schmidt til Íslands, ásamt 30 manna vopnaðri áhöfn, og kom að Básendum á vestanverðu Reykjanesi þar sem hann hugðist vera í höfn um sumarið. Síðar komu tveir enskir skipstjórnarar, Thomas Hammond og John Willer, með samanlagt 140 manna lið að höfn í Básendum. Ákváðu þeir að ráðast á Schmidt og taka höfnina af honum og sögðust ætla að bjóða Íslendingum upp á „Þjóðverjakjöt“ eftir sigurinn.

Vísir 9. nóvember 1959



inu til Grindavíkur, en þar var síðasta höfnin sem Englendingar réðu yfir á Suðurnesjum.

Kom vilja sínum fram á meðan eiginmaðurinn lá bundinn

Enski kaupmaðurinn John Breye kom að landi í Grindavík vorið 1532 og frétti af orrustunni í Básendum. Því lét hann byggja virki til að vernda höfnina ef Þjóðverjar og Íslendingar skyldu ráðast að honum. Breye var óþreyjufullur og yfirgangssamur við Íslendinga þetta vor. Tveir menn, Ketill Jónsson og Þorgímur Halldórsson, lentu sérstaklega illa í Breye. Hann tók göss og búfénað af þeim með ofbeldi, batt þá og píndi. Öðrum manni, Þórði Guðmundssyni, hótaði hann afhöfðun ef hann skipti við aðra kaupmenn. Þá þótti Breye einnig yfirgangssamur í kvennamálum. Flutti hann eina konu út í skip sitt og kom vilja sínum fram við hana á meðan eiginmaðurinn var þar geymdur bundinn. Að lokum fóru Grindvíkingar á fund fógetans á Bessastöðum, Diðrik frá Minden, og báðu hann um aðstoð.

Diðrik reið til Hafnarfjarðar og safnaði þar liði Þjóðverja og fékk einnig senda menn frá öðrum höfnum á Suðurnesjum. Söfnuðust þeir saman við Þórðarfell, norðan við Grindavík, og voru þá vel á þriðja hundrad. Allir Englendingar í Grindavík voru lýstir rétttræpir, meðal annars fyrir að hafa reist virkið, og 11. júní lagði sveitin, vopnuð byssum, lásbogum, sverðum og spjótum, af stað til orrustu.

Veisla eftir slátrun

Fáir voru í höfninni þegar her Diðriks kom að um nóttina. Skip voru við veiðar og Breye hafði haldið veislu kvöldið áður. Fimmtán

manns sváfu vært í tjaldbúðum Englendinga þessa nótt. Klukkan tvö réðist herinn öskrandi yfir virkisveggina og menn Breye vöknudu upp með andfælum. Atlagan var svo hröð að þeir náðu ekki að vígbúast og voru allir drepnir miskunnarlaust og, eins og Björns Þorsteinson segir í bók sinni 10 þorskastríð, „sumir á niðingslegan hátt. Eftir skamma hríð lágu 15 Englendingar í blóði sínu í virkinu og meðal þeirra sundurhöggvinn líkami Jóhanns Breiða (John Breye).“

Bátsmenn á þeim fimm ensku skipum sem lágu í höfninni sáu hvað var að gerast og reyndu að sigla burt í flýti. Eitt skipið, Peter Gibson, var fast og náðu menn Diðriks því. Annað strandaði því að veður var vont og sjórinn úfinn.

Þeir átta Englendingar sem teknir voru höndum voru neyddir til að grafa lík féлага sinna en síðan sló Diðrik upp mikilli veislu í Grindavík með öldrykkju, lúðraþyt og trommuslætti. Skipinu Gibson var í kjölfar siglt til Bessastaða og það lýst eign konungs og Englendingar dæmdir sekir.

Friðarsamningar

Grindavíkurstriðið var langt frá því að vera einhverjar smáskæru á afskekktu skeri í norðurhöfum heldur var það inni á borði hjá þjóðhöfðingjum stórveldanna. Hinrik VIII Englandskonungur tók við kærnum og skrifaði um málið af allnokkurri kunnáttu. Það gerði Maximillian Þýskalandskeisari einnig.

Semja þurfti ítarlega um frið á Íslandi og stóðu Englendingar þar höllum fæti, bæði vegna ósigranna í hernaði og eigin stöðu Hinriks gagnvart páfa vegna kvennamála. Samið var um frið á ráðstefnu í Hamborg í janúar árið 1533. Hinrik sendi mann að nafni Thomas Lee og Danakonungur sendi son sinn Kristján sem átti að verja málstað Íslands. Englendingar heimtuðu skaðabætur en Þjóðverjar sögðust hafa verið þátttakendur í lögregluáðgerð danskra konungsins.

Sáttafundir stóðu yfir 15. til 17. febrúar og niðurstaðan var sú að kröfur Englendinga voru hunsaðar. Loks var samið um að Englendingar mættu kaupa fisk við strendur Íslands en ekki veiða en þær heimildir voru ekki nýttar sökum áhugaleysis. Englendingar voru hataðir á Íslandi, Þjóðverjar allsráðandi og Skotar farnir að ræna enskum skipum.

Englendingar höfðu lengi verið þyrnir í augum Danakonungs sem gat illa haldið þeim í burtu. Nú voru Þjóðverjar komnir í staðinn og beindust aðgerðir konungs því gegn þeim eftir Grindavíkurstriðið. Loks tókst að koma Þjóðverjum úr landi árið 1602 og sátu Danir þá sjálfir einir að nylendu sinni. ■

2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi



Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir húsbílar frá 7.900.000 kr.



Hef til afgreiðslu Hobby 2018 árgerð

Mikið af aukabúnaði, meiri burðar-getu, Sjónvarpsfestingu, gólfhita, Rúmbreytingu, Rafgeymakerfi, einnig Markisur, uppblásin fortjöld, Alde, sólarcellur og fleira í boði.

- 495UL Excellent - 3.580.000 kr.
- 495UL Premium - 3.990.000 kr.
- 540UL Excellent - 3.970.000 kr.
- 540UFe Excellent - 3.990.000 kr.
- 560UL PREMIUM - 4.380.000 kr.
- 770CL Landhús - 5.660.000 kr.

Fleiri gerðir einnig.

Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrit 4x4

Til afhendingar í febrúar 2018.

INTENSE PLÚS - Verð 4.200.000 kr.

Sjálfsk, 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður, Lyklalaust aðgengi, Upphitað Leðurklætt aðgerðastýri, Hiti í sætum, App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu, Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, Útvarp með snertiskjá.

Tilboð

Dráttarkúla og 4 vetrardekk á 17" álfelgum kr. 200.000



5 ÁRA
ÁBYRGÐ
Afhentir í
Reykjavík eða
Egilsstöðum



f B1 innflutningur bíla og hjólhýsa / boas@b1.is / Miðvangur 1-3, Egilsstöðum / Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 777 5007

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir íbúðir sem eru í túristaleigu



Þrif ehf. | Lækjasmári 86 | 201 Kópavogur | Sími: 8989 566 | www.þrif.is | thrif@centrum.is



Auglýsing á rafnuddtæki kærð

Vorið 1983 barst auglýsinga-bleðill inn á heimili fólks á höfuðborgarsvæðinu þar sem undratækinu Slendertone var lýst.

Samkvæmt DV stóð þar meðal annars: „Slendertone gerir þér fært að endurheimta upprunalegan teygjanleika og styrk vöðvanna ... Allt gerist þetta á stysta hugsanlega tíma á meðan þú liggur og slappar af og hefur það gott.“ Tæk-ið, sem er ennþá selt á Íslandi, gefur frá sér rafboð sem berast um líkamann í gegnum mjúkar gúmmíplötur. Einn viðtakandi taldi það brot á reglum að auglýsa vöruna eins og hún jafngilti erfiðri líkamspjálfun og kærði auglýsinguna til Verðlagsnefndar.

Ólafur G. Sigurðsson, hjá innflutningsaðilanum Bata hf., sagði að það hefði aldrei verið ætlunin að kynna tækin með skrúmi. „Við teljum þau einfaldlega of góð til þess.“

Rage Against the Machine í Hafnarfirði: GESTIR MÆTTU VOPNAÐIR



Vopnin sem gerð voru upptæk, DV 14. júní 1993.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Tónleikar Rage Against the Machine í Hafnarfirði árið 1993 eru sennilega einir goðsagnakenndustu tónleikar Íslandssögunnar. Þeir sem voru þar monta sig af því og þeir sem voru þar ekki dauðöfunda þá. Hljómsveitin kom hingað á hápunkti frægðar sinnar og Íslendingar hreinlega misstu sig.

Svartamarkaðsbrask

Í raun minna tónleikarnir um margt á komu Led Zeppelin hingað árið 1970. Báðar hljómsveitirnar voru aðeins tveggja ára gamlar þegar þær spiluðu á Íslandi, skutust hratt upp á stjörnuhimininn og þóttu marka tímamót í rokkinu. Báðar komu hljómsveitirnar á Listahátíð, sem er aðallega þekkt fyrir að velja hámenningarlega viðburði frekar en skemmtiefni fyrir ungt fólk.

Ljóst var að eftirspurn eftir miða yrði mikil og Kaplakriki myndi tæpast ná að hýsa alla sem vildu mæta. Fljótlega seldust miðarnir upp og svartamarkaðsbrask hófst. Fregnir bárust af því að miðaverð á svarta markaðinum væri um 8.000 krónur, skömmu fyrir tónleikana, en upphaflega kostaði miðinn 2.500.

Fjögur þúsund manns mættu í Kaplakrika laugardagskvöldið 12. júní til að berja bandarísku stjórnurnar augum og vinsælasta hljómsveit landsins, Jet Black Joe, hitaði mannskapinn upp. Fáir urðu fyrir vonbrigðum með tónlistina sem boðið var upp á en sumir kvörtuðu yfir því að hátalararnir væru ekki stilltir nógu hátt. Klukkan tíu stigu Rage Against the Machine á svið. Á þeim tímamarki var hitinn í salnum orðinn óbærilegur og loftræstikerfið réði ekki við neitt. Ósin var mikil og margir ölvaðir unglingar

á staðnum. Svitinn beinlínis lak af veggjum hallarinnar. Þegar hljómsveitin hóf prógrammið með Take the Power Back, ærðist allt.

Gæslan á svæðinu átti í stökustu erfiðleikum með að halda tónleikagestum á sínum stöðum því að margir vildu þrifa upp á svið til hljómsveitarinnar. Einum tókst það og fór söngvarinn Zach de la Rocha fram á að honum yrði leyft að vera uppi og dansaði hann þá með sveitinni, frekar vandræðalega. De la Rocha, var heldur ekkert að reyna að róa Krikann niður heldur messaði yfir lýðnum um þann hrylling sem Bandaríkjustjórn hafði framið í Persaflóa. Ungmennin hoppuðu og þeyttu flösu í sælu og reidivímu. Enginn fór vonsvikinn heim.

Vopn og bognar fánastangir

Dyraverðir í Kaplakrika voru vel á verði og tóku mikið magn af vopnum af tónleikagestum. Fundu þeir fjóra hnífa, eitt bitjárn og eina

handöxi sem færð voru lögreglunni í Hafnarfirði. Engar skýringar fengust á því af hverju tónleikagestir mættu vopnaðir. Margir voru þar mjög ölvaðir en enginn handtekinn á staðnum vegna þessa.

Þegar tónleikunum lauk upp úr miðnætti var gestum ekið í sérstökum vögnum niður í miðbæ Reykjavíkur og þar virtust tónleikagestirnir loksins fá útrás fyrir reiði sinni. Nokkrir klifruðu upp í fánastengur á Lækjartorgi og létu sig hanga úr þeim. Stangirnir beygðust svo mikið að þær voru taldar ónýtar á eftir. Í Hafnarfirði þurfti að hafa afskipti af ofurölvu unglungum víðs vegar um bæinn en sama kvöld var ráðist inn í gambraverksmiðju við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði. Þrátt fyrir þessa miklu ölvun og skemmdarverk var framkvæmd tónleikanna sjálfra til mikillar fyrirmyndar og allir sem þar voru minnst þeirra sem ógleymanlegar stundar í íslensku tónlistarlífi. ■

SÓFADAGAR

25-60% AFSLÁTTUR



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbot 4 - Akureyri | Sími 462 3504



Seinfeld fór á strippstaðinn Óðal

Í maí árið 1997 kom bandaríski grínistinn Jerry Seinfeld í heimsókn til Íslands ásamt lífverði sínum. Á þeim tíma voru komur frægra til Íslands ekki jafn tíðar og nú og því mikið fjallað um heimsóknina í fjölmiðlum.

Seinfeld fór í Bláa lónið og snæddi þar heitreyktan silung og heilagfisk ásamt lífverðinum. Síðan var haldið út á lífið á skemmtistaðina Óðal og Astró. „Það var gaman í gærkvöldi,“ sagði grínist-

inn í samtali við DV 20. maí. „Ég er með vini mínum hér og ætla að dvelja í nokkra daga.“

Heimsókn Seinfeld var fyrirvaralaus og kom svo flatt upp á landann að fæstir sem hittu hann gerðu sér strax grein fyrir því að þeir stæðu frammi fyrir einni stærstu sjónvarpsstjórnun samtímans. „Þegar þeir komu hingað afgreiddi ég hann án þess að líta upp,“ sagði Ásta Einarsdóttir í Bláa lóninu.



HM tilboð Philips og Heimilistækja

Í tilefni HM bjóða Heimilistæki og Philips upp á frábært kaupaukatilboð á völdum 65" og 75" tækjum af nýjustu gerð en með þeim fylgir 32" sjónvarp frítt.

Nýjasta kynslóð Philips sjónvarpa hafa nýtt og bætt viðmót með Android 6.0 stýrikerfi sem er einfaldara og notendavænna en áður svo sjónvarpsupplifunin verður áreynslulaus.

Með þriggja hliða Ambilight baklýsingu aðlagast augað skjánum betur sem eykur þægindi við áhorf og dregur úr álagi á augun. Að auki lítur Ambilight 3 baklýsingin frábærlega út, ljósin eru marglit en mild í takt við myndina á skjánum og spila með myndinni. Þau lýsa upp veggina í kringum sjónvarpið svo auðveldara er að sökkva sér í sjónvarpsefnið.

Nýjasta kynslóð Philips sjónvarpa eru afar stílhrein með þunn-

um ramma svo þau eru flott viðbót við rýmið en draga ekki að sér alla athyglina þegar slökkt er á þeim.

Þau hafa auk þess öll helstu nútímaþægindi, frábær myndgæði með P5 Perfect Picture Engine myndvinnslu og HDR Plus. Einnig glæsilegt hljóðkerfi DTS HD Premium Sound og hægt er að horfa á Netflix í 4K. Við tækin má tengja öll helstu viðbótartæki, HDMI, USB og fleiri ómissandi tengimöguleikar.

P5 Perfect Picture Engine myndvinnslan eykur myndgæði svo um munar. Litirnir verða bjartari og smáatriði fá nýja dýpt. Litaflóran verður margslungnari á meðan húðtónar verða náttúrulegri. Einnig eykur P5 skerpuna þannig að hvert smáatriði vekur athygli auk þess að hreyfingin á skjánum verður mýkri og þú missir aldrei af boltanum sama hversu hraður leikurinn er. HDR Plus tæknin endurskilgreinir síðan sjónvarpsskemmtun með framúrskarandi myndvinnslu. Myndin á skjánum lifnar við og birtist eins og skapari þess ætlaði. Allt þetta veldur bjartari litum, meiri skerpu og breiðari litaflóru á skjánum.



Nýjasta kynslóð Philips sjónvarpa hefur enn fremur Quad Core örgjörva en þegar hann mætir Android stýrikerfinu verður leikjaupplifunin enn betri. Hraði, snerpa og skemmtun eru það sem fæst með samspili Quad Core örgjörvans og Android stýrikerfisins.

DTS Premium hljóðkerfið sér til þess að ekkert fari framhjá þér með djúpum bassa og kristaltærum samtölum svo kvikmyndaupplifunin verður umlykjandi.

HM tilboðin í Heimilistækjum eru kjörin tækifæri til þess að endurnýja sjónvarpið á heimilinu áður en HM

hefst svo öll fjölskyldan geti stutt sitt lið saman og séð nákvæmlega hvað fer fram á vellinum á meðan á leiknum stendur. Philips 32" sjónvarp fylgir með völdum 65" og 75" Philips tækjum af nýjustu gerð, en 32" sjónvarpið er nett og létt svo það er tilvalið í eldhúsið, sumarþústaðinn eða barnaherbergið.

Sjónvörpin er hægt að skoða í Heimilistækjum Suðurlandsbraut 26 þar sem þú færð faglega ráðgjöf við valið á rétta sjónvarpinu fyrir þig og fjölskylduna.

Sjá nánar á vefsíðu Heimilistækja



„Fræga fólkid“ á framboðslistunum

Þann 26. maí ganga kjósendur að kjörborðinu og velja fulltrúa sína í sveitarstjórnir. Á framboðslistum er glás úrvalsfólks og vitaskuld einhverjir sem skarað hafa fram úr eða vakið athygli á öðrum sviðum þjóðlífsins. DV tók saman þekktustu nöfnin.

kristinn@dv.is



Grínistarnir Á lista Kvannahreyfingarinnar má finna grínista af gamla og nýja skólanum. Samfélagsmiðlastjarnan með rauða hárið, Bylgja Babylons, er þar í 12. sæti og hin margreynda Edda Björgvinsdóttir í 22. sæti, en hún var á lista Samfylkingarinnar í síðustu alþingiskosningum. Sama hvernig fer á laugardag verður augljóslega glatt á hjalla í herbúðum Kvannahreyfingarinnar.



Byltingarkonan

Það er stígangandi í framboði Sósíalista og þeir hafa náð að kynna oddvita sinn, Sönnu Magdalenu Mörtudóttur, ágætlega. En í 6. sæti á listanum er baráttukona sem nýverið hristi upp í atvinnulífina þegar hún var kjörin formaður Eflingar með miklum glæsibrag. Sólveig Anna Jónsdóttir var kjörin með 80 prósent atkvæða þá. Ef Sósíalistar ná manni inn í borgarstjórn yrði það álíka glæsilegur árangur.



Stjörnulöggur í Hafnarfirði

Óhætt er að segja að tveir af landsins þekktustu laganna vörðum takist á í Hafnarfirði. Birgir Örn Guðjónsson, betur þekktur sem Biggi lögga, skipar 2. sæti Bæjarlistans en hann hefur áður reynt fyrir sér með Framsóknarflokknum og var formaður Samstöðu eftir að Lilja Mósesdóttir sagði af sér. Hjá Framsóknarflokknum má finna Guðmund Fylkisson í 13. sætinu en hann hefur verið mikið í fjölmiðlum í tengslum við ungmenni í vanda. Guðmundur tekur á sig það erfiða verkefni að hafa uppi á krökkunum, vinna traust þeirra og bjarga ef hann getur.



Sagnfræðingurinn og sjónvarpsstjarnan

Guðjón Frídríksson er manna fróðastur um sögu Reykjavíkur og hefur heillað landann upp úr skónum í Kiljunni þar sem hann leiðir áhorfendur um fortíðina. Skipar hann nú 21. sæti á lista Samfylkingarinnar í borginni. Aðeins neðar á listanum, í 34. sæti, má finna aðra persónu sem hrifid hefur áhorfendur Ríkissjónvarpsins, Steinunni Ásu Þorvaldsdóttur, sem stýrir þáttunum Með okkar augum. Steinunn Ása, sem er með þroskahömlun, var áður frambjóðandi hjá Bjartri framtíð.



Smink og fjölskylduhjálp

Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen situr í 2. sæti lista Flokks fólksins í þeirra fyrstu borgarstjórnarkosningum. Líf Karls var dans á rósum en umturnaðist þegar hann varð bryrki eftir krabbamein og ákvað hann því að beita sér fyrir þá sem hafa orðið undir í þjóðfélaginu. Ásgerður Jóna, sem er í 3. sæti, þekkir þá baráttu vel enda hefur hún séð um að útteila matargjöfum og fleiru sem formaður Fjölskylduhjálpar Íslands.



Boltastjórnarnir bitast í Kópavogi

Merkileg tilviljun átti sér stað í Kópavogi þegar þrjú fyrrverandi framkvæmdastjórnir í boltaiþróttum röðuðust á lista og enginn í sama flokki. Geir Magnússon, sem áður stýrði Knattspyrnusambandi Íslands er oddviti Miðflokksins. Einar Þorvaldsson, fyrrverandi markvörður og stjóri Handknattleikssambandsins er í öðru sæti hjá sameiginlegum flokki Viðreisnar og Bjartrar framtíðar. Pétur Hrafn Sigurðsson, fyrrverandi stjóri Korfuknattleikssambandsins leiðir Samfylkinguna. Hver þeirra mun spila djarfasta sóknarboltann mun koma í ljós á laugardag.

Spyrillinn og rokkarinn

Vinstri Græn hafa iðulega haft glás af þekktum menningarfrómuðum á sínum listum í borginni og árið í ár er engin undantekning. 15. sætið skipar rokkarinn og Þingeyingurinn Þráinn Árni Baldvinsson sem kennir börnum á daginn og þeytir flösu með Skálmöld á kvöldin. Í 23. sæti situr Stefán Pálsson, spurningasjóni og bjóráhugamaður. Eigin kona Stefáns er Steinunn Þóra Árnadóttir, sem situr á Alþingi fyrir sama flokk.



Dívan

Eftir slakt gengi Sjálfstæðisflokksins í síðustu kosningum og erfiðleika borgarfulltrúanna við að aðgreina sig frá meirihlutunum á sannfærandi hátt var ákveðið að gefa listanum nýja ásýnd. Þar fara nú fremst í flokki Eybór Arnalds og Hildur Björnsdóttir sem hafa verið vel kynnt borgarbúum en færri vita að söngdíván Helga Möller tók 41. sæti listans. Helga olli fjáðrafoki fyrir skemmstu vegna hispurslausra orða um íslenska framlagið til Eurovision og má búast við sams konar hreinskilni í sal borgarstjórnar, ná hún kjóri.



#valdiþjófsins

Sanna Magdalena Mörtudóttir er í framboði fyrir sóðalista í Reykjavík

ÞINN TÍMI ER KOMINN

Sóðalistaflokkurinn er flokkur hinna valdalau-

Borgarmálin, söngur og dra

Bein lína Sjónvarps DV slær í gegn

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Oddvitar framboða til borgarstjórnarkosninganna voru í Beinni línu við áhorfendur hjá Sjónvarpi DV í vikunni. Þar sendu lesendur inni spurningar, bæði grafalvarlegar og lauflettar.

Reykjavík að okra sig út af markaðinum

Fyrstur í Beina línu var Eypór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins, föstudaginn 18. maí og eins og gefur að skilja var hann gagnrýninn á núverandi meirihluta. Fyrsta spurningin kom frá Rögnu, um hvaða lag Todmobile honum þætti vænst um.

„Eldlagið. Þar er texti sem fjallar um fjölskyldumálin mín og skilnað foreldra minna. Svo er nú alltaf gantast með textann, „Ég brenn innan í mér“, sem snúid er upp á að ég brenni naan brauð.“

Heiðmar Guðmundsson spurði hvað Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði að gera í leikskólamállum.

„Tryggja að fólk geti gengið að leikskólaplássu vísu. Það er búið að lofa þessu í 16 ár en ekki gengið vegna mannekle. Við viljum setja pening í þennan málaflokk en spara í stjórnslunni.“

Valur spurði hvaða þrjú verkefni væru brýnust.

„Í fyrsta lagi húsnæðismálin, ungt fólk getur ekki keypt sér húsnæði og býr í foreldrahúsum. Við munum byggja á Keldum, við BSÍ og Örfirisey sem dæmi, til að bregðast við. Í öðru lagi er það samgönguvandinn því umferðin stíflast tvisvar á hverjum degi. Við erum með raunhæfar aðgerðir um lagfæringar á vegamótum, ljósa-



stýringu og fleiru. Í þriðja lagi er það rétt ráðstöfun fjármagns, til dæmis í skólunum þar sem það verður að fara til kennara, skólustjóra og nemenda.“

Árni spurði hvort það væri raunhæft að lækka útsvar?

„Já, borgin hefur verið að okra sig út af markaðinum. Borgin tekur meira af launaumslaginu þínu en nokkuð annað sveitarfélag í nágrenninu og því flytur fólk þangað og jafnvel á Selfoss og í Reykjanesbæ þar sem skattarnir eru lægri og húsnæðisverð líka. Reykjavík þarf að vera samkeppnishæf við önnur sveitarfélög og útlönd.“

Fortíðarþrá í Sjálfstæðisflokknum

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og oddviti Samfylkingarinnar, svaraði spurningum lesenda á þriðjudag. Arnar spurði hvort kjós-



endur hefðu val um tvær blokkir í kosningunum í ljósi þess að Samfylkingin hefði útilokað samstarf við bæði Sjálfstæðisflokkinn og Miðflokkinn vegna þess að þeir styddu ekki áætlanir meirihlutans um þéttingu byggðar.



„Kannski berum við sem eigendur, ríki og borg, ábyrgð á því að hafa sett of bratta hagræðingarkröfu á húsið og þurfum að horfast í augu við að það þarf að setja meira peninga þarna inn. En það eru stjórnin og stjórnendur sem taka einstakar ákvarðanir.“

Ludmila spurði hvað úrskæðis hafi farið í húsnæðismálum og Dagur sagði tvær ástæður hafa orsakað erfiðleika.

„Vöxturinn í ferðaþjónustunni sem enginn sá fyrir og seinkun á stofnframlögum frá ríkinu sem seinkaði ferlinu um tvö ár. Ólíkt öðrum höfum við í Reykjavík verið að vinna að fjölbreyttum húsnæðisúrræðum, verkalýðsbústöðum, stúdentaíbúðum og svo framvegis. Þetta er risastórt verkefni sem allir verða að koma að.“

Meðal óhefðbundnari spurninga sem borgarstjórinn fékk var til dæmis spurning frá Þrúði, um hvort ananas ætti heima á pizzu en það er málefni sem Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, bryddaði upp á á sínum tíma. Dagur svaraði:

„Ég ber mikla virðingu fyrir forsetanum, en mér finnst ananas gott á pizzu í vissum blöndum og enn



ERTU TENGDU
FYRIR HM?

ERUM MEÐ LAUSNIR FYRIR
HEIMILIÐ OG SUMARBÚSTAÐI

ÞEGAR ÞÚ VILT SJÁ MEIRA



Dalvegi 16b / S. 510 0500

amatískt atriði úr Macbeth



fremur pepperoni, gráðastur og ananas. Prófa það. Það er mjög gott.“

Borgarlínuperri

Á miðvikudagsmorgun mætti Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata, og Kjartan spurði hvort eðlilegt væri að selja 400 milljón króna íbúðir á meðan fólk byggir í tjöldum í Laugardalnum.

„Ef einhver vill kaupa svo dýrar íbúðir er þeim frjálst að gera það. Ég hef ekki efni á að kaupa mér íbúð og flestir í Pírötum eru ungt og efnamínna fólk. Við höfum sett það á oddinn að byggja minna húsnæði sem hentar ungu fólki og það er verið að gera það núna.“

Aðalsteinn spurði hvort samstarf við Sjálfstæðisflokkinn kæmi til greina.

„Traust er undirstaðan að góðu samstarfi og við getum unnið með öllum þeim sem eru ekki blóðugir upp að öxlum af spillingarmálum. Þess vegna er samstarf við Sjálfstæðisflokkinn útilokað núna.“

Gylfi og Guðni spurðu um borgarlínuna og Dóra viðurkenndi að vera „borgarlínuperri“.

Egill spurði hvað Dóra tæki í bekk og svarið var:

„Ég veit það ekki, ég tek aldrei bekk. En ég er samt mjög sterk.“



Einn daginn verður leikskólinn gjaldfrjáls

Síðdegis á miðvikudag settist Líf Magneudóttir, oddviti Vinstri Grænna, í stólinn og Bjarki Þór Grönfeldt opnaði með spurningum um hvort stytting vinnuvikunnar yki lífsgæði borgarbúa.

„Já, rannsóknir hafa sýnt það og að ánægt starfsfólk sem er ekki undir álagi eykur framleiðni. Þetta var Vinstri Græn tillaga frá 2014 og nú erum við að fara í annan fasa

og munum stytta hjá tvö þúsund manns.“

Elís spurði hvað borgin gæti

gert fyrir barnafjölskyldur, en eitt helsta loforð flokksins fyrir síðustu kosningar var gjaldfrjálsir leikskólar. Líf nefndi afslætti á ýmsum sviðum og lækkuð gjaldskrár.

„Við erum í meirihlutasamstarfi með flokkum sem aðhyllast ekki sömu hugmyndafræði. En við lækkuðum leikskólagjöldin um 85 þúsund krónur á ári. Við munum halda áfram að lækka og einn daginn, sannaðu til, verður leikskólinn gjaldfrjáls.“

Lilja Katrín bað Líf að sýna leyndan hæfileika í beinni og Líf flutti runu úr Macbeth á tilfinningaþrunginn máta.

„Hás er hrafninn sem klakar mér um Dúnkans feigðarför.“

Þurfum skatta frá hinum ríku

Sanna Magdalena Mörtudóttir frá Sósíalaflokknum söng uppáhalds lagið sitt, Survivor með

Destiny's Child, fyrir áhorfendur á fimmtudagsmorgun. Það var Jónatan sem spurði.

Halldóra spurði hvaða velferðarúrræði Sósíalistar ætluðu að bjóða upp á og hvernig ætti að fjármagna þau.

„Hér er rekin lágláunastefna og það er hægt að ráðast strax í að hækka laun hjá borginni. Við þurfum samstillt átak með Alþingi og verkalýðshreyfingunni og við þurfum útsvar, skatta frá hinum ríku. Sem dæmi þá bera fjármagnstekjur ekki útsvar líkt og launatekjur.“

Sólmundur spurði hvað flokkurinn ætlaði að gera fyrir innflytjendur.

„Ólíkt öðrum flokkum höfum við stillt innflytjendum upp á lista og við erum fólkið sem höfum upplifað jaðarsetningu og mismunun. Það þarf að gera innflytjendum auðveldara fyrir, til dæmis með þýðingu upplýsinga.“

Borgarlínubjórinn brúðl


Í hádeginu á fimmtudag mætti Vigdís Hauksdóttir frá Miðflokknum en hún var þekkt fyrir að grandskoða öll útgjöld sem formaður fjárlaganefndar Alþingis. Þess vegna spurði Valgerður hvar hún myndi skera niður í stjórnsýslu borgarinnar.

„Til dæmis með því að stokka upp nefndaskipan og sviðin hjá borginni. Ég get nefnt dæmi um brúðl þegar borgin tók þátt í ráðstefnu í Laugardalnum og tólf milljónir af útsvarstekjum voru notaðar til að framleiða bjór til að kynna Borgarlínuna. Þetta eru laun tveggja grunnskólakennara. Annað dæmi er listaverk á Sæbrautinni sem verið er að kaupa fyrir þrjátíu milljónir.“

Vigdís lýsti því þegar hún fór í fallhlífarstökk fyrir málstaðinn.

„Ég var ekki hrædd við flugið og ekki við stökkið. Ég var hrædd við að fallhlífin myndi ekki opnast. Mér leið mjög undarlega í heilan dag eftir þetta og svólítið eins og ég væri íði.“ ■

SÉRHÆFUM OKKUR Í FRAMLEIÐSLU Á FORMBEIGÐUM BORDPLÖTUM



Fanntófell

Bíldshöfða 12 / S. 587 6688 / fanntofell.is




Það er staðreynd að ...

35% auglýsenda í einkamálaládkum eru giftir



Ummál íslenskra lima í stíningu er að meðaltali 12,9 cm samkvæmt könnun Kynlífspressunnar. Það er rúmum sentímetra yfir meðaltali í öðrum löndum.



Lengd íslenskra lima er um 15 cm í stíningu.

Lengsti limur sem mældur hefur verið á núlifandi manni svo vitað sé er 32 cm langur.



Svona heldur þú í rómantíkina

Gefið hvort öðru pláss. Þegar við verðum hluti af pari – biti í stærra púsluspili – er kannski aldrei mikilvægara að halda í sitt persónulega líf. Eitt af því yndislegasta sem hægt er að gera fyrir makann er að leyfa honum að vera einn heima. Já, bara heima, án þess að neinar kvaðir fylgi því. Reglulegar fjarvistir beggja aðila eru líka mikilvægar – þegar maður saknar verður svo gott að hittast aftur!



Kynhneigðir og Higgs-bóseindin

■ Elskaðu þann sem þú vilt elska ■ Hlustum á reynslu annarra

Ragnheiður Eiríksdóttir
raggaeiriks@gmail.com



Mamma þú ert svo miklu skemmtilegri þegar þú átt kærasta," sagði dóttir mín um daginn þegar við lágum saman í hrúgu í sófanum og ég dundaði mér við að fletta gegnum úrvalið á Tinder. Ég hummaði og umlaði eitthvað um að þetta væri nú ekki svo einfalt, allt þyrfti að smella saman, áhugi, óskalisti og aðlöðun, bætti því svo við í skyndibiturð að karlmenn væru líka upp til hópa spes og tilfinningalega óaðgengilegir. „Af hverju deitarðu ekki kon-

ur líka?" spurði hún þá. „Tjah," sagði ég hugsu, „mér finnst konur mjög sætar, mjúkar og æðislegar, klárar og skemmtilegar. En ég hugsu að ég yrði nú seint ástfangin af konu." Hún hvatti mig þá til að prófa. „Mamma, prófaðu það bara. Þú getur ekki verið viss nema þú prófir."

Fegurðin í komandi kynslóðum er mikil. Þælingin er einföld, elskaðu bara þann sem þú vilt elska.

Mig grunar að einmitt í dag séum við að ganga í gegnum undarlegt ofurskilgreiningartímabil. Við höfum hafnað tvíhyggjunni varðandi kynhneigð,

að fólk sé annað hvort gagnkynhneigt eða samkynhneigt, og við höfum meira að segja opnað augun fyrir því að kynin séu fleiri en tvö. Orð eins og pankynhneigð, fjölgerva, kynsegin og intersex eru að verða okkur töm og hafa meira að segja ratað inn í ræðu sjálfs forseta Íslands á málþingi um transbörn og -ungmennni sem haldið var í Iðnó á dögunum.

Gömlu skilgreiningarnar eru á undanhaldi og það rýkur úr höfðum afturhaldsseggjanna. „Má þetta ekki bara vera einfalt eins og í gamla daga? Karlar karlar og konur konur. Erum við ekki sköpuð þannig? Erum við komin í stríð gegn náttúrunni?" segja þeir og hrista sína rykugu hausa.

Þegar ég heyrir í þeim rykugu verður mér einhverja hluta vegna hugsuð til Kristjáns eðlisfræðikennara míns úr Hlíðaskóla. Þegar ég sat í tímum hjá honum á síðustu öld og lærði um alheiminn hélt hann á kennaraprikinu sínu og benti á mynd af atómi. Hann útskýrði að heimurinn væri búinn til úr litlum einingum sem heita atóm, eða frumeindir. Kristján benti á kjarnann og útskýrði að þar héldu róteindir og nifteindir til. Svo sveiflaði hann prikinu kringum kjarnann til að sýna okkur hvernig æstu rafeindirnar mynduðu ský í kring.

Hvað ætli Kristján og aðrir eðlisfræðikennarar hafi gert þegar tilvist Higgs-bóseindarinnar var staðfest með hjálp hins risavaxna hraðals í Cern? Peter Higgs hafði fyrst spáð fyrir um tilvist eindarinnar árið 1964 en það var ekki fyrr en með tilrauninni í Cern í júlí 2012 að hún var staðfest. Áhugasömum má benda á heimildamyndina Particle Fever sem nálgast má á Netflix, en þar er fylgst með vísindafólkinu sem vann að þessari mjög svo áhuga-verðu og risavöxnu tilraun sem staðfesti tilvist þess agnarsmæsta sem við vitum um í veröldinni.

Hverju ætli Kristján svari þegar 12 ára stelpa réttir upp hönd í eðlisfræðitíma og spyr um smæstu þekktu einingar alheimsins? Ég

„Ef gaurinn á næsta borði í vinnunni finnur að hann langar að prófa kynlíf með karlmanni, má hann það ekki alveg?"

efast um að hann hristi hausinn, hnussi og haldi gömlu ræðuna um róteindirnar í kjarnanum og rafeindaskýið. Ég er viss um að hann hefur uppfært þekkingu sína og útskýrir fyrir barninu að líklega séu það kvarkar, meðal annars Higgs-bóseindin. Kennarar fylgjast nefnilega með, og stunda endurmenntun, það er partur af því að vera kennari.

Að bera virðingu fyrir og hlusta á reynslu annarra er líka partur af því að vera manneskja. Ef strætóbilstjórinn í ellefunni fylgir sig meira sem konu í dag og setur á sig naglalakk í stíl við bílstjórabúninginn – er það ekki bara frábært? Ef gaurinn á næsta borði í vinnunni finnur að hann langar að prófa kynlíf með karlmanni, má hann það ekki alveg? Þarf hann að endurskilgreina kynhneigð sína? Vill hann það? Ókei... þá má hann það!

Kannski reynist ég sannspá líkt og Peter Higgs. Kannski hættum við að hafa þörf fyrir skilgreiningarnar og finnum okkur í veruleika þar sem fólk fær í alvöru að elska manneskjur. Núna skulum við samt slaka á, anda djúpt og læra. Læra af fólkinu sem hefur efast um tilverur sinn og upplifað jadarsætningu vegna tvíhyggju og stúfrar notkunar orða og vel merktra hólfa. Svona, andið ofan í maga, þetta er allt í lagi!

Ragnheiður Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi hjá Áfalla- og sálfræðimíðstöðinni, Hamraborg 11
raggaeiriks@gmail.com
www.raggaeiriks.com



VILTU KAUPA FASTEIGN Á SPÁNI ?

MASA INTERNATIONAL BÝÐUR ÞÉR Í SKOÐUNARFERÐ TIL COSTA BLANCA Á SPÁNI, ÞAR SEM DRAUMAEIGNINA ÞÍNA GÆTI VERIÐ AÐ FINNA

Hafðu samband / S. Jón Bjarni & Jónas 555 0366



saman



&



Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuátak
framundan?



Ávextir í áskrift kosta um 550 kr.
á mann á viku og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.



**AVAXTA-
ABILLINN**

Ávaxtaðu betur

www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110

Fregnir af fræga fólkinu

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Gullmaðurinn genginn út

Athafnamaðurinn Sverrir Einar Eiríksson, sem rekið hefur Þrastalund undanfarin ár, auk Brim hótels í Skipholti og kaupungull.is, hefur komið víða við í viðskiptalífínu. Hann á einnig fjölda fasteigna á höfuðborgarsvæðinu. Öllu þessu fylgir vinna og stúss, en þrátt fyrir það hefur Sverrir Einar fundið tíma fyrir ástina. Sú heppna er frá Litháen og voru þau nýlega á ferð í Vilnius þar í landi. Á Instagram segist Sverrir Einar hana vera ástina í lífi sínu.

Hljóðmaður Íslands genginn í hjónaband

Gunnar Smári Helgason er oft nefndur Hljóðmaður Íslands, en hann hefur starfað sem hljóðmaður í fjölda ára og er vel þekktur í bransanum. Þann 20. maí síðastliðinn gengu hann og unnusta hans, ljósmyndarinn Kristín Sigurjónsdóttir í hjónaband, en sama dag átti Siglufjörður 100 ára afmæli.


Heiðurshjónin búa einmitt á Siglufirði og eiga og reka saman útvarpstöðina FM Tröllla og fréttavefinn trolli.is.

Athöfnin fór fram í Siglufjarðarkirkju, séra Sigurður Ægisson gaf parið saman og svaramenn voru Brynja Baldursdóttir og Ægir Bergsson.

„Það kom mér algjörlega á óvart þegar kórstjórinn, Elías Þorvaldsson, byrjaði að spila það sem ég hélt að væri forspil fyrir næsta lag Karlakórins í Fjallabyggð, en reyndist vera BRÚÐARMARSINN!! Gestir stóðu upp og klöppuðu fyrir okkur, sem var ólýsanlegt, ég roðnaði eins og jólaepli (sem gerist mjög sjaldan) og í framhaldinu kom fólk í löngum röðum til að taka í spaðann á okkur og óska til hamingju,“ sagði Gunnar Smári á Facebooksíðu sinni.

Bent fagnar 35 árum

Rapparinn góðkunnir og fyrrum XXX Rotweiler hundur, Ágúst Bent Sigbertsson, hélt upp á 35 ára afmæli sitt miðvikudagskvöldið 23. maí. Kærasta Bents, hin stórskemmtilega Dóra Jóhannsdóttir, leikkona og einn höfunda áramótaskaupsins í fyrra, var að



Parið
Brynhildur
Jónsdóttir
og Hrafn
Jónsson

sjálfsgöðu á staðnum til að fagna með sínum manni. Meðal annarra gesta voru Blaz Roca og Dóra Takefusa. Afmælið var haldið á Húrra og bauð Bent gestum sínum í karaóki. Í næsta húsi, á Sæta svíninu, var Þórunn Antonía, söngkona og fyrrverandi kærasta Bents, með partý-karaóki sem er alltaf á miðvikudögum.

Fundu ástina í gegnum bíla-sportid

Malín Brand fjölmiðlakona er kvenna fróðust hér á landi um bíla og bílasport og hefur verið forfallinn bílaáhugamaður síðan hún var ung að árum. Og núna er hún búin að finna sinn heittelskaða í sportinu. Sá heppni heitir Þórður Bragason, tæknimaður hjá Origo, rallyökupór og mikill áhugamaður um bíla eins og Malín. Það er ávallt gott fyrir þór að deila minnst einu áhugamáli. Nokkur aldursmunur er á þarinu, Þórður er fæddur 1965 og Malín 1981, en hvað eru nokkur ár á milli ástvina?

Bumbubúi tilkynntur með myndbandi frá Sri Lanka

Parið Brynhildur Jónsdóttir og Hrafn Jónsson eru stódd í sann-



Þórður Bragason,
tæknimaður hjá Origo



Malín Brand fjölmiðlakona



Ágúst Bent
Sigbertsson
og Dóra Jóhannsdóttir,
leikkona

kallaðri ævintýraferð í Kenía og Tansaníu, en það er ekki eina ævintýrið sem þau eru að upplífa því parið tilkynnti í myndbandi á Facebook að þau ættu von á barni í nóvember.

„Við erum spennt að boða komu nýs fjölskyldumeðlims í lok nóvember! Við sendum kveðjur heim frá austurströnd Sri Lanka í 34°C hita, en við munum ferðast hér í 2 vikur til viðbótar. Eins og einhverjir vissu þá ætluðum við til Kenía og Tansaníu, en vegna bólu-setninga og malaríuhættu þurftum við aðeins að breyta plönunum en hér erum við alsæl,“ segir parið í kveðju með myndbandinu, en

Manu Bennett



Gunnar Smári
Helgason og
ljósmyndarinn
Kristín Sigurjóns-
dóttir



Athafnamaðurinn Sverrir Einar
Eiríksson og sú heppna frá Litháen

kveðjan er á þremur tungumálum, íslensku, ensku og þýsku.

Hrafn starfar sem hugmynda- og textasmíður hjá Hvíta húsinu, en beinskeyttir pistlar hans í Kjarnanum hafa ávallt vakið mikla athygli. Brynhildur starfar sem upplýsingafulltrúi Rauða krossins, er lögfræðingur að mennt og hefur vakið athygli fyrir pistlagerð á Rás 1.

Íslandsvinur bjargar fugli í Finnlandi

Nýsjálenski leikarinn Manu Bennett hefur vakið athygli á heimsvísu fyrir hlutverk sín sem skylmingaþrællinn Crixus í þáttunum Spartacus, illmennið Sladde Wilson/Deathstroke í Arrow, presturinn Allanon í The Shannara Chronicles og Azog foringri Orka í þrjúleiknum um Hobbítann.

Manu er heimshornaflakkari og

hefur hann margoft heimsótt Ísland, sem heillaði hann í hans fyrstu heimsókn árið 2015. Hann segist vera fjarskyldur ættingi okkar, víkinganna í norðri, sjálfur maórfinn, víkingurinn úr suðri. Manu er mikill áhugamaður um sögu og einnig mikill mannvinnur og dýravinnur eins og kom berlega í ljós í heimsókn hans til Helsinkí í Finnlandi fyrir í vikunni.

Var hann á gangi þar meðfram bryggju þegar hann veitti því athygli að fugl átti í vandræðum í vatninu. Gerði Manu sér lítið fyrir, afklæddist og stökk út í og bjargaði fuglinum. Það kaldhæðnislega var að fuglinn var með merki vafin um hálsinn, þar sem vakinn var athygli á fuglum sem eru í útrýmingarhættu. Þessi fugl bjargaðist þó, þökk sé hetjudáð Manu og flaug fuglinn í faðm maka síns, sem gargað hafði hástöfum á meðan á björguninni stóð. ■



SUMARTILBOÐ KING KOIL ALPINE FIRM

Hágæða amerískt heilsurúm með millistífu fimmsvæðaskiptu pokagormakerfi, stífum toppi og steypum köntum, ásamt botni og fótum.

Stærðir King (193x203 cm) eða Cal King (183x213 cm)

FULLT VERÐ 355.765 kr.

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.



SUMARTILBOÐ
18.816 kr.
á mánuði*
og fyrstu afborgun í ágúst.

Staðgreitt 213.459 kr.

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík
588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is



Sjáðu úrvalið
á goddi.is

**MARGAR
GERÐIR**

Sauna- og gistitunnur ásamt viðarkyntum pottum



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Hvað segir eiginkonan? Eyfi er sannur vinur og besti vinur minn

Söngvarinn og lagahöfundurinn Eyjólfur Kristjánsson, eða Eyfi eins og við þekkjum hans best, er einn af okkar fremstu tónlistarmönnum og kemur reglulega fram ýmist með öðrum eða einn með kassagítarinn, síðast fyrir viku síðan þegar hann var leyniatriði á undan hljómsveitinni Foreigner á stórtónleikum þeirra í Laugardalshöll. DV heyrði í eiginkonu Eyfa, Söndru Lárusdóttur eiganda snyrtistofunnar Heilsa og útlit, og spurði: Hvað segir eiginkonan um mann sinn?

„Eyfi er sennilega sá allra fyndnasti sem ég veit um, hann nær að láta alla missa það og grenja úr sér augun, og mjög minnugur, það er hægt að spyrja hann að öllu og hann veit svarið. Hann er sannur vinur vina sinna og besti vinur minn. Við eigum 20 ára sambandsafmæli og 17 ára brúðkaupsafmæli á þessu ári og hann segir alla daga við mig hvað hann elskar mig, það er örugglega það sætasta sem ég veit um. Hann er yngstur af sex systkinum og hann elskar að bjóða þeim í mat á afmælisdeginum sínum sem lýsir því best hvað hann er góður drengur sem elskar sitt fólk. Ljúfur drengur, mjög vel gefinn, örlátur, algjörlega fróður um allt, ekki bara músík og kvikmyndir. Fær alla til að missa sig úr hlátri.“

Bókin á náttborði Jörundar



Jörundur Ragnarsson er með Útlagann eftir Jón Gnarr, fyrrverandi meðleikara sinn úr Vaktaseríunum, á náttbordinu. „Ég er ekki búinn með hana en hún er frábær, búin að hreyfa við mér margoft og tækla eiginlega allan tilfinningaskalann. Ótrúlega einlæg og full af sársauka og sorg en samt svo fyndin og falleg. Það er sagt um marga að þeir séu snillingar en það á við um fáa. Það á samt við um Jón.“



Skjárnirinn:

„Ég er mikill sci-fi aðdáandi enda 10 ára gutti þegar Star Wars var frumsýnd“

Guðmundur Breiðfjörð lifði og hrærðist í bíóbransanum í 19 ár og er meðal fróðustu manna um kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Hann er mikill sci-fi aðdáandi, en hefur litla þolinmæði fyrir raunveruleikabáttum.

Það er fátt skemmtilegra en að horfa á góða bíómynd eða góða sjónvarpsseríu, sérstaklega fyrir mig eftir að hafa verið 19 farsæl ár í bransanum. En „gott“ efni er oft vandfundið þrátt fyrir að framboð hafi aldrei verið meira. Það má eiginlega segja að ég sé mikill sci-fi aðdáandi enda 10 ára gutti þegar Star Wars var frumsýnd í Nýja Bíói árið 1978 og eftir það varð ekki

aftur snúið. Einnig er ég spenntur fyrir myndum og þáttum um yfirnáttúruleg efni (supernatural) og oft tengjast þessar greinar.

Of langt mál yrði að telja upp uppáhaldsþættina svo ég ætla frekar að einblína á það sem ég er að horfa á þessa stundina þó að ég bíði spenntur eftir lokabætti Game of Thrones sem eru í miklu uppáhaldi.

Sá þáttur sem ég hlakka mest

til núna er nýr þáttur í hverri viku af Westworld og ég tók mig til og horfði á alla fyrstu seríuna áður en sería 2 byrjaði, svona til að rifja upp það helsta og skilja betur djúpar þælingar þáttanna.

Athyglisverðir þætti á borð við Grimm, Gotham, S.H.I.E.L.D. og Taboo vekja alltaf áhuga en ég hef minna gaman af gamanþáttum þó ég skemmti mér yfirleitt vel yfir The Big Bang Theory, kannski út af því að þeir hafa nóg af sci-fi tilvitnunum.

Eins hef ég litla þolinmæði fyrir „raunveruleikabáttum“ en verð þó að viðurkenna að sviksemi í þágu græðgi í Survivor og fátánleikinn í The Bachelor er alltaf gott sjónvarp.

Ég hef gaman af nýsna- og spennubáttum eins og Black-

list og Homeland. True Detective fannst mér geggjaðir þættir enda frábærlega skrifaðir. Njósniðir í Berlín (Berlin Station) sem var að byrja lofar góðu.

Nokkrar seríur á Netflix finnast mér mjög góðar eins og Mindhunters, The Stranger Things og Designated Survivor. National Geographic býður upp á tvær seríur sem ég hef gaman af: Air Crash Investigation og leikna heimildarmyndaröð um Picasso.

Aðvitað gleymir maður helling en að lokum, þar sem kosningar eru á morgun, og við erum öll rammpólítísk þá hef ég rosalega gaman af Real Time with Bill Maher og Last Week Tonight with John Oliver.“

Ragnar Jónasson: Bækurnar mínar

Rithöfundurinn Ragnar Jónasson hefur getið sér gott orð bæði hér heima og erlendis fyrir spennusögur sínar, en alls hefur hann gefið út níu bækur og er að skrifa þá tíundu sem mun koma út fyrir næstu júl. Bækur hans hafa komið út og/eða eru væntanlegar í alls 20 löndum. Hann hefur einnig þýtt fjölda bóka eftir bresku spennusögudrottninguna Agöthu Christie.

En hvaða bækur ætli séu í uppáhaldi hjá Ragnari?

Hver er eftirlætis barnabókin? „Ég las mikið eftir Enid Blyton á sínum tíma og hafði mjög gaman af, til dæmis Fimm bækurnar og Ævintýrabækurnar. Þá las ég líka mikið eftir Ármann Kr. Einarsson.“

Hvaða bók er uppáhalds? „Afleggjarinn eftir Auði Övu Ólafsdóttur. Ótrúlega heillandi saga. Þá er ljóðabókin Skessukatlar eftir Þorstein frá Hamri líka í miklu uppáhaldi hjá mér, og Síðasta setning Fermats eftir Simon Singh, sem er frábær blanda af leynilögreglusögu og stærðfræðibók. Af glæpasögum er það bók Agöthu Christie, The Murder of Roger Ackroyd.“


Hvaða bók myndirðu mæla með fyrir aðra? „Ég mæli oftast með höfundum frekar en bókum, til dæmis Auði Övu og Þorsteini frá Hamri, en líka glæpasagnahöfundur á borð við P.D. James, Peter Temple, Ellery Queen og Peter May.“

Hvaða bók hefurðu lesið oftast? „Sennilega einhverjar af bók-

um Agöthu Christie, það er alltaf gaman að lesa þær aftur.“

Hvaða bók breytti lífi þínu og huernig? „Ætli það sé ekki fyrsta bókin sem ég las eftir Agöthu Christie, Sólin var vitni (Evil Under the Sun), sem frændi minn lánaði mér. Sú bók leiddi til þess að ég las allar bækur eftir hana sem ég náði í og fór síðan að þýða bækur eftir hana, og loks að skrifa sakamálasögur.“

Hvaða bók biður þin næst til lestrar? „Um helgina ætla ég að lesa nýju bókina eftir Shari Lapena, An Unwanted Guest, en Shari verður heiðursgestur á glæpasagnahátíðinni Iceland Noir, sem haldin verður í Reykjavík í nóvember og ég er að taka þátt í að skipuleggja með rithöfundafélögum mínum.“



„Þú ert hvítasti maður sem ég hef kynnst“

Állistamaðurinn Oddur Eysteinn Fríðriksson, eða Odee, hefur jafnan í nógu að snúast. Auk állistaverkanna, hannaði hann nýlega um-búðir utan um bjór WOW air og fleiri verkefni eru í vinnslu sem líta munu dagsins ljós fyrr en varir. Odee sýnir lesendum DV á sér hina hliðina.

Hvað myndirðu segja ef Guð hnerraði? „Fukk...“

Hvert er versta hrós sem þú hefur fengið? „Þú ert hvítasti maður sem ég hef kynnst.“

Borðarðu mat sem er kominn fram yfir síðasta sóludag? „Ég hef hellt mjólk korter yfir miðnætti.“

Hvaða bíómynd hefurðu séð oftast? „Það eru kannski þrjár sem koma til greina; Home Alone, There Will be Blood eða Step Brothers.“

Hvað var í tisku þegar þú varst yngri en er það ekki lengur? „Smekkbuxur og Stussi peysur.“

Hvað er löglegt í dag en verður það líklega ekki eftir 25 ár? „Nautaat á Spáni.“

Um hvað varstu alveg viss þangað til þú komst að því að þú hafðir rangt fyrir þér? „Sælgaetið djúpur eru fallbeygt eins og kúlur, ein djúpa... margar djúpur.“

Hvað verður orðið hallærislegt eftir 5 ár? „Veip.“

Ef þú yrðir handtekinn án skýringa, hvað myndu vinir þínir og fjölskylda halda að þú hafir gert af þér? „Listrænan gjörning.“

HIN HLIÐIN





Hvað er það furðulegasta sem þú hefur keypt? „Gerfi skjaldbökkjöt í dós, búið til úr lambakjöti.“

Hvaða teiknimyndapersónu myndirðu vilja eiga sem vin? „Rikharð úr Rikharður

og Marteinn (Rick and Morty)!“

Hvað ættu allir að prófa að minnsta kosti einu sinni í lífinu? „Setja takmarkið hátt og ekki hætta fyrr en maður kemst þangað.“



LAUGAVEGI 25/ KRINGLUNNI / 553-3003



Vissir þú?

Að skoski stórleikarinn Sean Connery var nú ára gamall þegar hann byrjaði að reykja. Þrátt fyrir reykingar þótti hann frábær íþróttamaður og var sérstaklega efnilegur knattspyrnumaður. Svo snjall þótti hann að Matt Busby, knattspyrnustjóri stórliðsins Manchester United, vildi gera við hann samning. Connery var þó ekki á þeim buxunum þar sem hann stefndi á frama á leiklistarsviðinu en leikarinn var 23 ára þegar honum voru boðin 25 pund á viku fyrir að sparka í bolta. Sú ákvörðun átti eftir að reynast happadrjúg, bæði fyrir hann sjálfan og aðdáendur hinna ýmsu kvikmynda.

Hvað ætlar Tara að gera á kjördag?

Tara Margrét Vilhjálmssdóttir, formaður Samtaka um líkamsvirðingu, mun hafa í nógu að snúast á laugardag þegar gengið verður til sveitarstjórnarkosninga. Hún segir:

„Á kjördag stend ég í ströngu þar sem mér er boðið í fimm útskrifarveislur og eitt afmæli. Eins og gefur að skilja kemst ég ekki í allar veislurnar en ég mun gera mitt besta til að fagna með nýstúdentunum. Ég mun svo að sjálfsögðu nýta kosningaréttinn og ég ætla að veðja á að niðurstöður verði í samræmi við skoðanakannanir og að meirihlutinn haldi. Ég vonast þó til að sjá Kvenna-hreyfinguna og Sósíalístaflökkinn koma sterk inn. Þessir tveir flokkar eru ferskir straumar í pólitíkinni og ég er mjög hrifin af áherslum þeirra.“



Kynpokki Rocky Horror reyndist leikhúsgesti um megn

Söngleikurinn Rocky Horror gengur nú fyrir fullu húsi kvöld eftir kvöld í Borgarleikhúsinu. Gríðarlega mikil er lagt í sýninguna og er óhætt að mæla með því sjónarspili sem þar er borið á borð. Eins og aðdáendur þekkja vel fjallar söngleikurinn um kerustuparið Brad og Janet sem hafa borgaraleg gildi í hávegum. Eftir óhapp úti á landi í aftakaveðri neyðast þau til þess að leita skjóls í gömlum kastala. Þar hitta þau fyrir klæðskiptinginn Frank-N-Furter, sem leikinn er af Páli Óskari Hjálmtýssyni, en sá ágæti maður, og allt hans

teymi, hugsar fyrst og fremst um lystisemdir holdsins.

Eins og gefur að skilja er mikil um kynferðislegar tilvísanir í verkinu og þá er vægt til orða tekið. Meðal annars varar Borgarleikhúsið við því fyrir fram að djörf atriði séu í sýningunni og að börn séu á ábyrgð forráðamanna.

Það er ekki öllum gefið að sitja undir slíkum skilaboðum í 150 mínútur. Það reyndist að minnsta kosti einum leikhúsgesti um megn í síðustu viku. Samkvæmt heimildum DV urðu nokkrir áhorfendur varir við að sessunautur þeirra



hafði rífið út „vöndinn“ og dundaði sér í makindum við að svala óbeislaðri frygð sinni. Maðurinn var ekki einn á ferð og þegar meðreiðarsveinar hans urðu varir við atganginn var hann umsvifalaust

stöðvaður. Auðséð var að maðurinn var undir áhrifum áfengis.

Atvikið átti sér stað við lok sýningar þann 17. maí síðastliðinn en það rataði ekki inn á borð stjórnenda leikhússins. „Enginn starfsmaður Borgarleikhússins kannast við þetta mál, hvorki starfsfólk í salnum, sýningarstjóri né aðrir og engar ábendingar eða kvartanir hafa borist Borgarleikhúsinu,“ segir Vignir Egill Vigfússon, markaðs- og kynningarfulltrúi Borgarleikhússins, þegar DV innti hann eftir viðbrögðum. Rétt er þó að taka fram að heimildir blaðsins eru traustar. ■

NÝTTU VEDRIFIÐ!

Allt harðparket

25% afsláttur

Tilboð gilda til 30. maí eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentviltur og/eða myndbrengr.

Krono Original
High Quality
Made by Kronospan

25% afsláttur út júní

JKE
NORDIC KITCHEN DESIGN

Eldhúsinnréttingar

BYKO
GERUM PETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land